


skoðun 18

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




## Tískuheimurinn spenntur

*Vel er fylgst með hinni ungu Katie Gallagher sem sýndi sína fimmtu fatalínu á tískuvikunni í New York.*

allt 4




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
15. september 2011
215. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Eignaðist son

*Nýbakaði faðirinn Pétur Jóhann Sigfússon er kominn í kærkomið frí.*

fólk 44

## Fjölskyldudagur Strætó

*Almenningssamgöngur hófust í Reykjavík fyrir 80 árum.*

tímamót 28



## Jafntefli hjá United

*Bæði Manchester-liðin gerðu jafntefli í Meistaradeildinni í gær.*

sport 48

## veðrið í dag




**VÆTA S- OG V-TIL** Í dag ríkja suðlægar áttir. Búast má við rigningu eða súld S- og V-til en horfur á nokkuð björtu veðri NA-til framan af degi. Hiti á bilinu 10-14°C, hlýjast NA-til.

VEÐUR 4

# Meiri útflutningur kallar á innflutning landbúnaðarvara

**Stjórnvöld eiga á næstunni könnunarviðræður við ESB um aukna tollkvóta til útflutnings á íslenskum landbúnaðarvörum. Fáist auknar útflutningsheimildir mun það væntanlega kalla á aukinn innflutning.**

**VIÐSKIPTI** Innflutningur á evrópskum landbúnaðarafurðum gæti aukist á næstu árum, takist samningar við Evrópusambandið (ESB) um að íslenskir bændur fái að flytja út meira af tollfrjálsum vörum á Evrópumarkað.

Aukin eftirspurn hefur verið eftir íslenskum landbúnaðarafurðum í löndum ESB undanfarið og er útlit fyrir að tollkvótar á vörum á borð við lambakjöt, skyr og smjör verði fylltir innan skamms.

Heimildir Fréttablaðsins herma að til standi að halda könnunarviðræður við framkvæmdastjórn ESB síðar í þessum mánuði þar sem Ísland mun kynna kröfur sínar um auknar heimildir til útflutnings til ESB án aðflutningsgjalda. Ef þær skila árangri munu þær eðli málsins samkvæmt fela í sér auknar heimildir til innflutnings á landbúnaðarafurðum frá ESB-löndum.

> **1.850**
> tonn af íslensku lambakjöti má flytja út til ESB án tolla.

Gildandi samningur um sölu landbúnaðarafurða milli ESB og Íslands er frá árinu 2007 og byggir á 19. grein EES-samningsins.

Þar er kveðið á um að Ísland megi flytja 1.850 tonn af lambakjöti til ESB, 380 tonn af skyri og 350 tonn af smjöri tollfrjálst. Á móti kemur að ESB-ríki mega selja hingað til lands um 100 tonn af nautakjöti og 200 tonn af svína- og alifuglakjöti auk osta og ýmiss konar unninna kjötvara, án tolla.

Guðni Ágústsson, framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, segir í samtali við Fréttablaðið að allt útlit sé fyrir að útflutningskvóti fyrir skyr og smjör til ESB-landa fyllist áður en langt um líði. „Sala á skyri til útlanda hefur aukist gríðarlega undanfarið og mikil eftirspurn er til dæmis í Finnlandi. Þannig erum við með of lítinn kvóta miðað við stöðu dagsins og það kallar á nýja samninga við ESB.“

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að honum sé kunnugt um að þreifingar hafi verið í þá átt að auka tollkvóta í lambakjöti. Honum finnst líklegt að tollkvótinn klárist brátt. Unnið sé að því að afla nýrra markaða fyrir íslenska lambið. **- þj**



**HAUST VIÐ INGÓLFSGARÐ** Veðrið hefur leikið við höfuðborgarbúa að undanförnu en spáð er votviðri næstu daga. Veiðimaðurinn við innsiglingarvitann nældi sér í nokkrar vænar ýsur í soðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stórstjarna í miðborginni:

## Stiller drakk Macchiato á Skólavörðustíg

**FÓLK Hollywood-stjarnan Ben Stiller spókaði sig með vinum sínum í miðborg Reykjavíkur í gær. Meðal annars sást til Stillers á Café Babalú á Skólavörðustíg þar sem hann fékk sér einn bolla af Macchiato.**



BEN STILLER

**Sjónarvottar segja hann hafa verið afar vingjarnlegan og lítið látið fara fyrir sér.**

**Stiller birti mynd innan úr Hörpu í gærkvöldi á Twittersíðu sinni og spurði aðdáendur hvar hún væri tekin. Fólk giskaði meðal annars á aðalverksmiðju bílaframleiðandans BMW en nokkru síðar barst rétt svar – frá íslenskum aðdáanda. - sh, sv**

Verð á hlutabréfum þokast upp eftir að leiðtogar heita stuðningi við Grikkland:

# Grikkland ekki að kasta evrunni

**ÞÝSKALAND, AP** Grikkland er óaðskiljanlegur hluti af evrusvæðinu og önnur Evrópuríki munu hjálpa Grikkjum til að koma í veg fyrir að landið fari í greiðsluþrot. Þetta er niðurstaða símafundar leiðtoga Grikklands, Þýskalands og Frakklands í gær.

Verð á hlutabréfum hækkaði heldur í gær, en þau höfðu lækkað talsvert á síðustu dögum vegna ótta fjárfesta við greiðsluþrot Grikklands þrátt fyrir björgunaraðgerðir annarra ríkja á evrusvæðinu.

Talsmaður grískra stjórnvalda sagði eftir símafund leiðtoganna þriggja að gríska ríkisstjórnin ætlaði sér að standa við allar skuldbindingar landsins.

Talsmaður Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, ítrekaði eftir fundinn að Grikkland yrði að halda sig við áformaðan niðurskurð á ríkisútgjöldum þrátt fyrir óánægju grísks almennings. Hann sagði niðurskurðinn skilyrði fyrir frekari fjárhagsaðstoð sem önnur Evrópuríki hefðu lofað Grikklandi.

José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, hefur lagt til að ríkin á evrusvæðinu gefi sameiginlega út skuldabréf til að bregðast við skuldakreppunni. **-bj**


allt að 90% afsláttur
FORLAGIÐ
www.forlagid.is
Yfir 1000 titlar
RISAlagersala Forlagsins er á Fiskislóð 39
BÓKA LAGERSALA

GILDIR FIMMTU- OG FÖSTUDAG
48 TÍMA OFURTILBOÐ






Æðisgengið tilboð á útvarpsvekjaraklukkum og iPod vekjara. Margar gerðir.
Verð frá kr. 2.094.-
Rafha ehf.
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
Skoðaðu allt úrvalið á rafha.is

ÞEKKING • REYNSLA • GÆÐI
Ostahúsið
STOFNAÐ 1992
Pizza toppur
MEIRA MAGN • BETRA VERÐ
Rífandi góður á:
Pastaréttinn, pizzuna og ofnréttinn
Nú einnig með Mozzarella




## SPURNING DAGSINS



*Elvar, þýðir nokkuð að rembast svona eins og rjúpa við staur?*

„Jú, og við ætlum að láta reyna á staurinn.“

Elvar Árni Lund er formaður Skotveiðifélags Íslands sem leggst eindregið gegn hugmyndum um að banna alfarið veiðar á rjúpu á þessu ári.

Hlutfall húsnæðiskostnaðar á Íslandi næstlægst á Norðurlöndum:

# 21% ráðstöfunartekna í húsnæði

**EFNAHAGSMÁL** Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum á Íslandi var 21 prósent árið 2010. Árið 2009 var það 20,7 prósent og var það þá næstlægst á Norðurlöndunum. Aðeins á Finnlandi var það lægra. Þetta er samkvæmt tölum frá alþjóðlegri könnun Eurostat.

Þetta kemur fram í svari velferðarráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur, þingmanns Hreyfingarinnar. Þar kemur fram að árið 2004 var hlutfallið 21,3 prósent og 2006 var það 24,4 prósent. Húsnæðiskostnaður er því lægra hlutfall ráðstöfunartekna árið 2010 en árið 2004.

Alþingismenn ræddu afskriftir banka og fjármálastofnana á skuldum heimilanna í utandagskrárumræðu í gær. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, var málshefjandi. Hann vísaði í fregnir af miklum hagnaði bankanna og spurði Guðbjart Hannesson velferðarráðherra hvort ekki hefði verið nær að nýta svigrúmið og færa niður skuldir til almennings.

Guðbjartur sagði að gripið hefði verið til ýmissa aðgerða en vissulega mætti gera betur. Nú væri lag að hreinsa eins mikið til í skuldum almennings og hægt væri en ekki láta þær íþyngja um of. **- kóp**

**Norðurlönd***

| | |
|---|---|
| Danmörk | 33,8% |
| Svíþjóð | 24,1% |
| Noregur | 22,5% |
| Ísland | 20,7% |
| Finnland | 18,5% |

*Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum árið 2009

Hálslón nær yfirfallshæð:

## Fossinn Hverfandi lifnar við

**ORKUMÁL** Hálslón, miðlunarlón Kárahnjúkavirkjunar, fylltist á þriðjudag og mun vatn úr lóninu renna á yfirfalli í farveg Jökulsár á Dal. Búast má við auknu rennsli í ánni vegna þessa.

Þegar yfirfallið rennur úr lóninu myndast fossinn Hverfandi, sem er tilkomumikill, en hann hverfur þegar yfirborð lónsins tekur að lækka á ný.

Lónið fylltist fremur seint þetta árið, enda vorið óvenju kalt. Í fyrra fylltist lónið 28. júlí, sem þykir óvenju snemmt. **- bj**

Frelsissvipting og kúgun:

## Ofbeldismenn í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL Tveir dæmdir ofbeldismenn með langa sakaferla sitja nú í einangrun í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni. Þeir eru grunaðir um að hafa svipt annan mann frelsi og reynt að kúga út úr honum fé. Greint var frá þessu í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.**

**Mennirnir tveir eru taldir hafa skipulagt glæpinn í sameiningu, en annar þeirra fór með fórnarlambið í Íslandsbanka við Stórhöfða í síðustu viku og reyndi að kúga út úr honum fé með hótunum. Starfsfólk lét þó lögreglu vita og voru mennirnir handteknir.**

**Mennirnir losnuðu nýlega úr fangelsi eftir að hafa afplánað dóma fyrir ofbeldisglæpi. Þeir hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 16. september. - sv**

Foreldrar kvarta yfir skólablaði:

## Rektor MR gerir athugasemdir

**MENNTAMÁL** Kvartanir hafa borist frá foreldrum nemenda við Menntaskólann í Reykjavík vegna viðtals í skólablaði sem út kom í síðustu viku, segir Yngvi Pétursson, rektor MR.



YNGVI PÉTURSSON

Í blaðinu er viðtal við mann sem þekktur er úr undirheimum borgarinnar. Þar ræðir maðurinn meðal annars um innheimtustörf sín og fíkniefnaneyslu. Rektor segir þau efnistök ekki eðlileg og viðtal við þennan mann eigi ekki heima í skólablaði.

Yngvi vill ekki gefa upp hvort eftirmál verði vegna viðtalsins, en segir að það muni koma í ljós í dag. „Ég er að vinna í málinu.“ **- bj**

# Stuðlar ekki lausnin fyrir börn í fangelsi

**Barnaverndarstofa telur að sérstakt meðferðarheimili fyrir unga afbrotamenn sé nauðsynlegt. Að breyta aðstöðunni á meðferðarheimilinu Stuðlum sé ekki fullnægjandi. Velferðarráðherra segir ríkið ekki hafa fjármagn í nýja stofnun.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Nýtt meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu er nauðsynlegt til að bregðast við þeim vanda sem lýtur að afbrotamönnum undir átján ára aldri. Þetta kemur fram í skýrslu Barnaverndarstofu sem lögð var fyrir velferðarráðuneytið í júlí síðastliðnum.



GUÐBJARTUR HANNESSON

Barnaverndarstofa hefur farið yfir meðferðarþörf unglinga sem hljóta óskilorðsbundna dóma með fulltrúum meðferðarheimilisins Stuðla, Fangelsismálastofnunar og barnaverndarnefnda. Niðurstaðan var sú að þörf væri á nýju meðferðarheimili með stigskiptri þjónustu og sterkri eftirfylgni sem sameinaði bráðavistun og meðferð vegna alvarlegrar vímuefnaneyslu og afbrotahegðunar eldri unglinga.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að frá og með árinu 2006 hefðu tíu börn undir átján ára aldri hafið afplánun í almennum fangelsum. Fái sakhæf börn óskilorðsbundinn dóm er þeim gefinn kostur á að velja hvort þau eyði afplánuninni á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu eða í almennu fangelsi. Þó segir í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að bannað sé að skilja þau ekki að frá fullorðnum föngum. Sáttmálinn er ekki bundinn í lög hér á landi.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra ítrekar orð sín í Fréttablaðinu í gær þess efnis að ríkið hafi einfaldlega ekki efni á öðru en að stíga fyrsta skrefið í þessum úrræðum, sem sé að efla Stuðla.

„Við gerum okkur grein fyrir þeim verkefnum sem eru fram undan, sem er meðal annars að standa við Barnasáttmálann,“ segir Guðbjartur. „Við gerum okkur grein fyrir því að það þarf að hlúa betur að þessum málaflokki.“

Halldór Hauksson, sviðsstjóri hjá Barnaverndarstofu, bendir á að breytingar á Stuðlum og nýtt meðferðarheimili séu ólíkir hlutir.

„Okkur hefur skort eftirmeðferð og einnig eru að koma fram skýrar vísbendingar erlendis um að þjónustan við þennan málaflokk þurfi að felast í miklu fleiri hlutum en innskrift og útskrift af meðferðarstofnunum,“ segir hann. „Það þarf að samhæfa betur meðferðina eftir að vistun lýkur og vinnu barnaverndarnefnda.“

Halldór segir að gagnkvæmur skilningur ríki á þessum málum milli aðila og vissulega sé það jákvætt að ráðuneytið sé tilbúið að styrkja aðstöðuna á Stuðlum, þótt það komi ekki til móts við að fylgja Barnasáttmálanum.

**sunna@frettabladid.is**




**MEÐFERÐARHEIMILIÐ STUÐLAR** Barnaverndarstofa fagnar áformum ráðuneytisins um að efla starfsemi Stuðla en segir það þó ekki leysa vanda ungra afbrotamanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Við gerum okkur grein fyrir því að það þarf að hlúa betur að þessum málaflokki.
>
> **GUÐBJARTUR HANNESSON**
> VELFERÐARRÁÐHERRA



**AUSTURVÖLLUR** Frá tökum á auglýsingunni Inspired by Iceland árið 2010.

Inspired by Iceland:

## Fékk gull fyrir góðan árangur

**VIÐURKENNING** Íslenska auglýsingaherferðin Inspired by Iceland fékk í gær gullverðlaun á EFFIE-auglýsingahátíðinni fyrir besta árangur evrópskrar auglýsingaherferðar sem byggði á notkun samfélagsmiðla.

„Þetta er stórkostlegur árangur,“ segir Kristján Schram, markaðsráðgjafi hjá Íslensku auglýsingastofunni, sem vann að herferðinni. „Þetta eru stærstu verðlaun sem íslensk auglýsingaherferð hefur fengið.“

Til að fá hin virtu EFFIE-verðlaun þarf að sýna fram á mælanlegan árangur af auglýsingaherferðum, og þótti árangur Inspired by Iceland skara fram úr þetta árið. **- bj**

Dalbrautarskóli árið 1995:

## Börn látin leika dópista í skóla

**SAMFÉLAGSMÁL Börn í Dalbrautarskóla voru látin sviðsetja neyslu fíkniefna fyrir framan myndbandsupptökuvélar fyrir 17 árum. RÚV greindi frá þessu í gærkvöldi og sýndi eitt myndbandanna, þar sem þrír átta ára drengir leika fíkniefnaneytendur. Nemendur Dalbrautarskóla eiga allir við alvarleg sálræn vandamál að stríða. Þáverandi skólastjóri skólans kannaðist við gerð myndbandanna og sagði að einn kennaranna hefði unnið þau sem forvarnaverkefni. Yfirvöld ætla að rannsaka kennsluaðferðir skólans. - sv**




Sænskir sjónvarpsmenn gáfu verðlaun sín hópi sem stóð að komu Fischers:

# Gætu endað á safni um einvígið

**FÓLK** Tveir sænskir sjónvarpsmenn sem hlutu verðlaun frá sænska sjónvarpinu sem karlkyns þáttastjórnendur ársins ákváðu að gefa hópnum sem stóð að komu skákmeistarans Bobby Fischer til Íslands verðlaunagripinn.

Guðundur G. Þórarinsson, einn þeirra sem stóðu að komu Fischers, fór til Svíþjóðar á mánudag í boði sjónvarpsstöðvarinnar Kanal 5. Þar tók hann við verðlaunagripnum í beinni útsendingu í þætti sjónvarpsmannanna Filips Hammar and Fredriks Wikingsson.

Guðmundur segir það merkilegt að þessi sænska sjónvarpsstöð heiðri með þessum hætti þá sem staðið hafi í baráttu við tvö stærstu efnahagsveldi heims til að koma Fischer hingað til lands. Hann segir það draum sinn og annarra að koma upp safni til minningar um einvígi Fischers og Boris Spasskí sem haldið var hér á landi árið 1972. Af því hefur ekki orðið hingað til, en 40 ár verða liðin frá einvíginu fræga á næsta ári.

Guðmundur segist ætla að láta sænska verðlaunagripinn renna til slíks safns, verði það opnað, með veggspjaldi frá sænska sjónvarpinu þar sem tilurð gjafarinnar sé útskýrð. **- bj**



**VIÐURKENNING** Sænski verðlaunagripurinn gæti endað á safni um einvígi Fischers og Spasskís árið 1972, segir Guðmundur G. Þórarinsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# ÚTSALA ÁRSINS!

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR*

## HEFST Í DAG

HEIMILISTÆKI • FLÍSAR •PARKET • LJÓS
VERKFÆRI • FATNAÐUR • BLÓM • GJAFAVARA
BÚSÁHÖLD •MÁLNING • BLÖNDUNARTÆKI
OG MARGT FLEIRA!

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

*LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

ÚTSALA gildir ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar". enda er það lægsta verð  sem við bjóðum á hverjum tíma.

**GENGIÐ 14.09.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,71 | 117,27 |
| Sterlingspund | 184,30 | 185,20 |
| Evra | 160,07 | 160,97 |
| Dönsk króna | 21,489 | 21,615 |
| Norsk króna | 20,674 | 20,796 |
| Sænsk króna | 17,430 | 17,532 |
| Japanskt jen | 1,5188 | 1,5276 |
| SDR | 183,50 | 184,60 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 216,2534

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óþarfi hefur reynst að dæla sandi úr Landeyjahöfn síðustu vikur:

# Minna skip hentar Landeyjahöfn betur

**SAMGÖNGUR** Breiðafjarðarferjan Baldur hefur síðustu daga leyst Herjólf af í siglingum milli lands og Eyja. Dæluskipið Skandia hefur á meðan legið óhreyft í höfn, þar sem ekki hefur reynst ástæða til að dýpka Landeyjahöfn meðan á siglingum Baldurs hefur staðið. Baldur er nokkuð minna skip en Herjólfur og ristir ekki jafn djúpt.

Þórhildur Elín Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Siglingastofnunar, segir Skandia hafa búið vel í haginn fyrir veturinn í sumar og því sé í raun ekki rétt að tengja saman siglingar Baldurs og hreyfingarleysi Skandia. Hins vegar þurfi auðvitað meira að gerast til að siglingar Baldurs fari úr skorðum en Herjólfs vegna sands í höfninni.

„Það er aftur á móti ekkert leyndarmál að Landeyjahöfn var hönnuð fyrir annað skip og Herjólfur ristir mun dýpra en sú ferja sem áætlað var að smíða. Það má því eiginlega segja að við séum með Hummer-jeppa en bílskúr fyrir Yaris,“ segir Þórhildur Elín.

Herjólfur fór hinn 4. september til Danmerkur til viðhalds í slipp og hefur Baldur leyst hann af síðan. Búist er við Herjólfi aftur til Landeyjahafnar í næsta mánuði. **- mþl**



**BALDUR** Breiðafjarðarferjan Baldur sinnir siglingum milli lands og Eyja þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

## Dýr dýpkun

Kostnaður við dýpkun Landeyjahafnar nam að meðaltali um tuttugu milljónum króna á mánuði frá hausti 2010 til 1. ágúst 2011. Þetta kom fram í svari Ögmundar Jónasssonar innanríkisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, á þingi í vikunni.

Gjaldeyrismál til umræðu:

## Þingmenn vilja peningastefnu

**ALÞINGI** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sagði á þingi í gær ekki hægt að bjóða lengur upp á gjaldmiðil sem tæki kollsteypur á fimm til tíu ára fresti. Hún ítrekaði tillögur flokks síns um mótun peningamálastefnu til lengri tíma.



**ÞORGERÐUR K. GUNNARSDÓTTIR**

Fleiri þingmenn kölluðu eftir umræðum um peningastefnu og sagði Ásmundur Einar Daðason, Framsóknarflokki, ástandið á evrusvæðinu sérstaklega kalla á þá umræðu. **- kóp**

Bandarísk stjórnmál:

## Neytendafrömuður í framboð

**BANDARÍKIN Elizabeth Warren tilkynnti í gær að hún hygðist bjóða sig fram fyrir demókrata í Massachusetts-ríki í kjöri til öldungadeildar Bandaríkjaþings á næsta ári. Warren er lögfræðiprófessor, landsþekkt fyrir baráttu að neytendamálum. Hún var ráðgjafi Baracks Obama forseta í þeim málum.**

**Demókratar hafa löngum átt sigur vísan í kosningum í Massachusetts, en repúblikaninn Scott Brown vann óvæntan sigur í aukakosningum til öldungadeildarinnar í fyrra og mun sækjast eftir endurkjöri.** **- þj**

**VESTFIRÐIR**

### Skíðaskáli á tíu þúsund

Tilboð Jóhanns Halldórssonar um að kaupa Skíðaskálann í Mikladal efri fyrir tíu þúsund krónur hefur verið samþykkt í bæjarráði Vesturbyggðar.

# Tugir stórfyrirtækja hafa flúið krónuna

**Yfir 12 prósent stærstu fyrirtækja landsins gera upp í erlendri mynt. Útgerðir með 42 prósent aflamarks eru þar á meðal. Þingmaður Sjálfstæðisflokks segir evruna vera komna inn bakdyramegin sem annan gjaldmiðil þjóðarinnar.**

**EFNAHAGSMÁL** Af 300 stærstu fyrirtækjum landsins gera 37 upp í erlendri mynt. Þetta kemur fram í tölum sem Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, lét taka saman fyrir sig. Samanlögð velta fyrirtækjanna frá þeim tíma sem þau hófu að gera upp í erlendri mynt nemur 1.635 milljörðum króna.

Af þessum fyrirtækjum eru ellefu sjávarútvegsfyrirtæki, sem samanlagt eiga um 42 prósent af aflamarki.

Magnús Orri segir það umhugsunarefni að á sama tíma og sjávarútvegsfyrirtækin njóti kostanna við uppgjör í erlendri mynt berjist samtök þeirra, Landssamband íslenskra útvegsmanna, með kjafti og klóm gegn því að almenningur fái notið sömu kjara. „Útgerðarmennirnir gera upp í evrum og njóta þannig lægri vaxta og minni sveiflna en standa svo í baráttunni gegn því að starfsmenn þeirra, fiskvinnslufólk og sjómenn, fái sömu kjör.“

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í gær að ljóst væri að evran væri komin inn bakdyramegin sem annar gjaldmiðill þjóðarinnar.

„Það er ljóst að stór og vel rekin fyrirtæki telja hagsmunum sínum betur borgið við það að gera upp í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni. Það þarf að skoða, það er nokkuð ljóst.“

Ragnheiður sagði það einnig umhugsunarefni hvernig gjaldeyrishöftin kæmu við fyrirtækin. Þau gætu leitt til þess að fyrirtæki með hátt hlutfall tekna í erlendri mynt færði höfuðstöðvar sínar úr landi.

Magnús Orri tekur undir þessar áhyggjur og segir það að fyrirtækin flýi krónuna auka líkur á því að þau flytji höfuðstöðvar sínar út. „Stóru verðmætu fyrirtækin okkar eiga þess kost að fara út úr krónunni og það hafa mörg þeirra gert. Almenningur hefur ekki sama valkost og situr eftir með háa vexti og óvissu í rekstri heimila.“ **kolbeinn@frettabladid.is**



**MAGNÚS ORRI SCHRAM** Upplýsti á þingi að 37 af 300 stærstu fyrirtækjum landsins gerðu reikninga sína upp í erlendri mynt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Uppgjör í erlendri mynt*

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bakkavör Group | Norðurál | Hampiðjan | Fiskkaup |
| Actavis | Össur | CCP | Nikita |
| Icelandic Group | Landsvirkjun | Rammi hf. | Íslensk erfðagreining |
| Alfesca | HB Grandi | Vísir | IMG Holding (Capacent) |
| Promens | Elkem Ísland | Hitaveita Suðurnesja** | Latibær |
| Marel | Invent Farma | Eskja | Farice |
| Samskip | Síldarvinnslan | Hraðfrystihúsið – Gunnvör | Terra Nova Sól |
| Alcoa á Íslandi | Ísfélag Vestmannaeyja | Eyrir Invest | Calidris |
| Primera | Þorbjörn | Bláa lónið | |
| Samherji | Vinnslustöðin | | |
| Alcan á Íslandi | | | |

*Raðað eftir heildarveltu frá því að uppgjör í erlendri mynt hófst
**HS Orka er með sömu kennitölu og leyfi til uppgjörs í erlendri mynt



**VIÐ AUSTURBAKKA** Björn Valur Gíslason, þingmaður VG og meðlimur í hljómsveitinni Roðlaust og beinlaust, tók þátt í athöfninni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Slysavarnaskóli sjómanna:

## Nýir björgunarbátar keyptir

**SAMFÉLAGSMÁL Slysavarnaskóli sjómanna tók í gær í notkun þrjá nýja björgunarbáta. Þar af er einn lokaður lífbátur af nýjustu gerð. Bátarnir voru keyptir frá Færeyjum og verða notaðir við kennslu. Athöfnin fór fram við Austurbakka Reykjavíkurhafnar.**

**Lífbáturinn var nefndur Fossinn og hinir Roðlaus og Beinlaus. Voru það Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, og meðlimir hljómsveitarinnar Roðlaust og beinlaust sem formlega tóku bátana í notkun. Í tilkynningu frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg segir að báðir þessir aðilar hafi styrkt starfsemi Slysavarnaskólans veglega.** **- mþl**

**VOGAR**

### Kræklingarækt í uppnámi

Félagið Hofholt segir að ákvörðun bæjarráðs Voga um að taka Vogahöfn út af skrá sem ræktunarsvæði með þeim sem rækti krækling erfitt fyrir. Bæjarráðið vill viðræður við Hofholt um framtíð kræklingaræktunar og -vinnslu.





MULTI DOPHILUS FORTE

Ný og öflug blanda af meltingargerlum

Multidophilus Forte er breiðvirk probiotic blanda sem inniheldur 10 MILLJARÐA VIRKRA GERLA.

Mælt er með einu hylki á dag til að viðhalda góðri þarmaflóru.

„Probiocap®“ Multidophilus forte er framleitt með nýrri aðferð sem tryggir líftíma gerlana og virkni þeirra.

Fæst í heilsubúðum, apótekum og flestum matvöruverslunum.

heilsa –hafðu það gott


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HAUSTHLÝJA** Í dag og á morgun verður vætusamt með köflum S- og V-til. Á laugardaginn léttir hins vegar til. Þó má búast við súld við SA-ströndina framan af degi. Hlýtt loft leikur nú við landsmenn og lítur út fyrir 10-15°C hita á daginn sem er nokkuð gott miðað við árstíð.




**Á MORGUN**
5-10 m/s, hvassara syðst.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 18° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 22° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 13° |
| París | 21° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 | www.smaralind.is | 528 8000

**KJÖRKASSINN**



*Telurðu rétt að koma á inntökuprófum við þær deildir Háskóla Íslands þar sem brottfall er mikið?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 79,8% |
| NEI | 20,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga íslensk stjórnvöld að viðurkenna sjálfstæði Palestínu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Landsbankinn safnar fjármagni í sjóði þar sem eftirspurn eftir lánsfé er lítil:

# Hagnaður bankans jókst um 160 prósent

**VIÐSKIPTI** „Við erum vongóð um að við séum komin á réttan stað,“ segir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans.

Bankinn hagnaðist um 24,4 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn 9,4 milljörðum. Munurinn skýrist að mestu af gengishagnaði hlutabréfa í eigu dótturfélagsins Horns og sölu á Vestia ásamt eignum til Framtakssjóðs Íslands. Að þessu undanskildu nam hagnaðurinn 10,7 milljörðum króna, sem er nokkurn veginn á pari við hina stóru bankana.

Hreinar rekstrartekjur bankans námu 31 milljarði króna á tímabilinu, samanborið við 18,4 milljarða á sama tíma í fyrra.

**Lykiltölur úr rekstri Landsbankans**

| Liðir | jan.-júní 2010 | jan.-júní 2011 |
|---|---|---|
| Hagnaður* | 9.404 | 24.434 |
| Rekstrartekjur* | 18.400 | 31.000 |
| Vaxtamunur | 2,6% | 3,1% |
| Heildareignir* | 1.081.000 | 1.126.000 |
| Eigið fé* | 184.900 | 207.700 |
| Eiginfjárhlutfall | 16,7% | 22,4% |
| Arðsemi eigin fjár | 11,9% | 24,9% |

* Í milljónum króna

Heildareignir jukust um 45 milljarða króna og námu lausafjáreignir 234 milljörðum króna í lok júní. Steinþór segir fjárhagsstöðu bankans sterka og vilji hann lána meira. Það sé hins vegar erfitt þar sem eftirspurn eftir lánsfé sé ekki mikil.

Landsbankinn hefur klárað það svigrúm sem hann fékk við tilfærslu eigna gamla bankans yfir í þann nýja til að lækka skuldir einstaklinga. Hann verður nú að greiða fyrir lækkun skulda einstaklinga úr eigin sjóðum. **- jab**


## Viltu stofna fyrirtæki?

**Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, útgáfu reikninga, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, fjármál o.fl.**



**Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og geta þátttakendur valið um:**

1. **Morgunnámskeið,** kennt þriðjud. 20. sept., 27. sept og 4. okt. kl. 9-12
2. **Síðdegisnámskeið,** kennt 21. sept., 26. sept. og 3. okt. kl. 16:30-19:30

Námskeiðsstaður er Holtasmári 1, Kópavogi (Hjartverndarhúsið).
**Fyrirlesari er Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M**

Sjá námskeiðslýsingu á **www.lexista.is** Nánari upplýsingar og skráning í síma **552 6090** eða á lexista@lexista.is

Lexista

**VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þáttöku á námskeiðinu.**



ÚTSALA
LOKADAGAR

REIÐHJÓL 30% AFSLÁTTUR
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-60% AFSLÁTTUR
GÖNGUSKÓR 20-40% AFSLÁTTUR
TJÖLD 20-40% AFSLÁTTUR
BAKPOKAR-SVEFNPOKAR 30% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LÍNUSKAUTUM
VEIÐIDEILD 20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VEIÐIVÖRUM

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF


# Fleiri svið hafa íhugað inntökupróf eða skilyrði

**Rætt hefur verið um að taka upp inntökupróf eða annars konar skilyrði fyrir námi á mörgum sviðum Háskóla Íslands. Fréttablaðið ræddi við forseta þriggja af fimm sviðum skólans um inntökuskilyrði og mismun eftir framhaldsskólum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Er munur á námsgetu nemenda eftir því úr hvaða framhaldsskólum þeir komu og er tímabært að endurskoða skilyrði fyrir inngöngu?

„Eftir að skólum fjölgaði er alveg ljóst að geta þeirra sem útskrifast frá mismunandi skólum virðist vera mjög ólík,“ segir Sigurður Guðmundsson, forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Sviðið er það eina sem notar inntökupróf, en þreyta þarf slíkt próf í læknisfræði og sjúkraþjálfun.

Greint var frá því í Fréttablaðinu á þriðjudag að hagfræðideild HÍ hygðist taka upp inntökupróf næsta haust. Markmiðið er að fækka þeim nemendum sem standast ekki kröfurnar í deildinni. Daði Már Kristófersson, dósent við deildina, sagði þá að stúdentspróf væru orðin svo mismunandi eftir skólum að ekki væri lengur nægilega mikið að marka þau.

„Við þekkjum þetta vel hér og horfum til þess hvaðan fólk kemur inn í deildirnar hjá okkur, sumir skólar eru meira áberandi en aðrir,“ segir Sigurður.

Ástráður Eysteinsson, forseti hugvísindasviðs, segir fólk finna verulega fyrir breytingum á framhaldsskólastiginu og hafa áhyggjur af þróuninni þar. „Það hafa verið fundir, bæði almennir og sérstakir fundir hjá okkur, þar sem við höfum reynt að átta okkur á nákvæmlega hvaða mynd þetta er að taka á sig í framhaldsskólunum.“

„Við höfum rætt það hvort ástæða væri til þess að taka upp inntökupróf eða sérstakar kröfur,“ segir Jón Torfi Jónasson, forseti menntavísindasviðs. Hann segir það til dæmis hafa verið rætt hvort setja ætti sérstök viðmið í íslensku eða stærðfræði hjá kennaranemum, en það hafi ekki orðið ofan á. „Hins vegar er spurning hvort ekki ætti að nýta stöðupróf miklu meira í kerfinu. Mér finnst að það mætti huga miklu meira að því í skólakerfinu í heild sinni.“ Hann segir að ekki sé flókið að framkvæma slík próf.

Jón Torfi segist hafa gert rannsókn fyrir nokkrum árum þar sem kannað hafi verið úr hvaða skólum þeir nemendur kæmu sem útskrifuðust fyrst úr háskólum. „Og ef ég leiðrétti fyrir einkunnir á grunnskólaprófi, sem ég hugsaði að myndi leiðrétta fyrir námsgetu í einhverjum skilningi, þá var ekkert svo ofboðslegur munur. Þessir svokölluðu góðu skólar voru ekki að skila nemendum fyrr í gegn.“

„Það er alveg ljóst að við þurfum að íhuga vandlega hvort við gerum einhvers konar sérstakar inntökukröfur, það hefur ekki verið rætt um inntökupróf,“ segir Ástráður. Hann segir að til séu próf sem notuð séu til dæmis í erlendum tungumálum sem stöðupróf. Hægt væri að taka slíkt upp í íslensku líka. Svolítið umstang gæti orðið af því að kanna bakgrunn nemenda ef hætt yrði að hafa stúdentspróf sem almennt viðmið.“

Ástráður segir umræðuna mikla þessi misserin, annars vegar vegna breytinga í framhaldsskólunum og hins vegar vegna mikils fjölda nemenda. „Á okkar sviði, eins og í mörgum félagsvísindagreinum, hafa verið teknir inn töluvert fleiri nemendur en gert er ráð fyrir í samningum við ráðuneytið. Þetta er erfitt að gera til lengdar þegar verið er að skera niður um leið.“

Sigurður er hlynntur inntökuprófum þótt hann geri sér grein fyrir því að skoðanir séu skiptar um málið. „Mér finnst að þetta sé atriði sem við eigum mjög ákveðið að íhuga.“ Hann segir ástæðurnar fyrir skoðun sinni á inntökuprófum vera nokkrar. „Í fyrsta lagi er brottfallið í sumum deildum mjög mikið. Í sálfræðinni hjá okkur er hægt að tala um fimmtíu prósent eða meira á fyrsta ári. Hvaða skilaboð erum við að senda ungu fólki með þessu, að það komi inn í skóla þar sem við vitum að stór hluti þess muni aldrei útskrifast? Erum við ekki að senda svolítið röng skilaboð? Eigum við ekki frekar að reyna að mæta nemendum öðruvísi, með öðru námi eða gefa þeim kost á öðrum undirbúningi?“

Önnur ástæða er kostnaður. „Er það skynsamlegt, hvort sem er í hallæri eða góðæri, að kosta miklu til menntunar fólks sem mun ekki útskrifast hjá okkur?“ Hann segir að auðvitað sé menntun alltaf góð en spurning sé hversu mikinn kost eigi að gefa fólki á menntun sem muni jafnvel ekki nýtast eða leiða til neins, í það minnsta ekki til útskriftar.



## Nemendur misvel undirbúnir eftir skólum

Nemendur sögðust vera misvel búnir fyrir nám í háskóla eftir því hvaða framhaldsskólum þeir komu úr, samkvæmt könnun sem Háskóli Íslands og Stúdentaráð unnu í fyrra og var fjallað um í Fréttablaðinu.

Nemendur sem komu úr Menntaskólanum á Akureyri voru ánægðastir með undirbúninginn. Næstir voru nemendur Menntaskólans í Reykjavík, þá nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð, Frumgreinadeildar Keilis og Verzlunarskóla Íslands. Óánægðastir voru nemendur Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, Fjölbrautaskóla Snæfellinga, Fjölbrautaskólans í Garðabæ, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Iðnskólans í Reykjavík.

Misjafnt var hversu margir nemendur úr hverjum skóla svöruðu könnuninni.




**Þórunn Elísabet Bogadóttir**
thorunn@frettabladid.is

# Amerísk leikföng
## á frábæru verði




Hringlu
Demantshringur
**999,-**

Hringluhamar
**1.098,-**




Stakir bílar
**1.499,-**




Vélmenni
sem breytist
í farartæki
**1.199,-**




Stök dýr
**648,-**

2 fyrir 1



Þemapakkar
2 fyrir 1
**3.498,-**




Stakir bílar
**379,-**




Stakir toppar
**2.179,-**




Púsluspil
100 stykki
**599,-**




4 leirdósir
í pakka
**799,-**




Leyni-
píluvarpa
**799,-**

Dart Tag
píluvarpa
**2.699,-**

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
Eiðistorg & Akureyri

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



HEF FLUTT MIG UM SET

Býð alla gamla og nýja viðskiptavini velkomna

Gerður Sævarsdóttir hársnyrtimeistari

GREIÐAN

Háaleitisbraut 58-60

sími 5813090 / 8621323

Seðlabankinn afhendir Samkeppniseftirlitinu gögn um markaðshlutdeild banka:

# Landsbankinn með stærstan hlut

**SAMKEPPNISMÁL** Landsbankinn og Íslandsbanki eru með stærsta hlutdeild útlána til heimila samkvæmt samantekt á markaðshlutdeild íslensku viðskiptabankanna sem Samkeppniseftirlitið hefur birt.

Landsbankinn hefur lánað mest til fyrirtækja og er með 35 til 40 prósenta hlutdeild af þeim markaði.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir upplýsingum um útlán bankanna frá Seðlabankanum í apríl síðastliðnum. Seðlabankinn neitaði að veita upplýsingarnar þar til úrskurðarnefnd um samkeppnismál hefði úrskurðað um málið. **- bj**

**Markaðshlutdeild útlána til heimila og fyrirtækja**




Heimild: Samkeppniseftirlitið

# Róttæki flokkurinn útilokar hægristjórn

**Vinstriflokkarnir fjórir í Danmörku hafa haldið forskoti sínu í skoðanakönnunum og geta því búist við að ná þingmeirihluta í kosningunum sem haldnar verða í dag. Þeir leggja allir áherslu á að minnka áhrif Danska þjóðarflokksins.**

**DANMÖRK** Danir ganga til þingkosninga í dag. Vinstriflokkunum fjórum er spáð þingmeirihluta, sem þýðir að minnihlutastjórn hægriflokkanna getur varla gert sér vonir um framhaldslíf.

Miklar vangaveltur voru í dönskum fjölmiðlum í gær um að Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra, sem er leiðtogi hægriflokksins Venstre, vildi fá Róttæka flokkinn til liðs við stjórn Venstre og Íhaldsflokksins.

Tilefni þessara vangaveltna voru ummæli Rasmussens um að hann vildi gjarnan halda áfram samstarfi stjórnarinnar við Róttæka flokkinn, sem er frjálslyndur miðjuflokkur sem stundum hefur tekið þátt í hægri stjórnum en hefur undanfarið skipað sér ákveðið í lið með stjórnarandstöðu vinstriflokkanna.

Sjálfur sló Rasmussen þessar vangaveltur út af borðinu í gær og sagðist eingöngu stefna á áframhaldandi stjórnarsamstarf með Íhaldsflokknum, án þess þó að nefna hvort hann kærði sig um að styðjast áfram við stuðning Danska þjóðarflokksins, sem er flokkur þjóðernissinna.

Morten Østergaard, næstráðandi í Róttæka flokknum, tók síðan af skarið og sagði alls ekki koma til greina að flokkurinn færi í stjórnarsamstarf með Venstre og Íhaldsflokknum, enda væri ekki annað sjáanlegt en að sú stjórn yrði minnihlutastjórn sem þyrfti þá áfram að reiða sig á stuðning Danska þjóðarflokksins.




**KOSNINGAR NÁLGAST** Helle Thorning Schmidt, leiðtogi Sósíalistaflokksins, er áberandi á kosningaspjöldum í Kaupmannahöfn. NORDICPHOTOS/AFP

Helle Thorning-Schmidt, leiðtogi Sósíaldemókrata, sagðist enga trú hafa á því að Róttæki flokkurinn gæti hugsað sér stjórnarsamstarf með Løkke.

„Allir fjórir stjórnarandstöðuflokkarnir eru jú önnum kafnir við að tryggja að Danski þjóðarflokkurinn hafi ekki svona mikil áhrif,“ sagði Thorning-Schmidt, sem að öllum líkindum mun taka við forsætisráðherraembættinu af Løkke verði kosningaúrslitin í samræmi við skoðanakannanir.

Pia Kjærsgaard, leiðtogi Danska þjóðarflokksins, hefur óspart notað áhrif sín á þingi undanfarinn áratug til þess að tryggja harða stefnu minnihlutastjórnarinnar gegn útlendingum, innflytjendum og flóttamönnum.

Samkvæmt öllum skoðanakönnunum síðustu vikurnar eiga vinstriflokkarnir fjórir vísan þingmeirihluta, þótt ekki verði hann mikill. Þeim er spáð að meðaltali 92 þingsætum en hægriflokkunum 83.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Málefnastarf fyrir landsfund

Framundan eru opnir fundir hjá málefnanefndum Sjálfstæðisflokksins og eru allir sjálfstæðismenn hvattir til þess að taka þátt í þeim og hafa þannig áhrif á stefnu og framtíðarsýn flokksins.

Opnir fundir málefnanefnda

**Málefni LSH** Mánudagur 19. september kl. 12.00 í Valhöll.

**Málefni eldri borgara** Þriðjudagur 20. september kl. 12.00 í Valhöll.

**Heilbrigðisþjónusta á Suðurlandi** Þriðjudagur 20. september kl. 17.00 á Kaffi Krús, Selfossi.

**Menntamál** Miðvikudagur 21. september kl. 12.00 í Valhöll.

**Atvinnumál** Miðvikudagur 21. september kl. 17.00 í Valhöll.

**Stjórnskipunar- og réttarfarsmál** Fimmtudagur 22. september kl. 12.00 í Valhöll.

**Utanríkismál** Fimmtudagur 22. september kl. 12.00 í Valhöll.

**Innanríkismál** Mánudagur 26. september kl. 12:00 í Valhöll.

**Efnahags- og skattamál** Miðvikudagur 28. september kl. 12.00 í Valhöll.

Vinnudagar málefnanefnda í Valhöll

Laugardagur 1. október – Velferðarnefnd, utanríkisnefnd, innanríkisnefnd, menntamálanefnd.

Laugardagur 8. október – Atvinnumálanefnd, efnahags- og skattanefnd.

Nánari upplýsingar á www.xd.is Sjálfstæðisflokkurinn




**Samtök atvinnulífsins** og **Samtök iðnaðarins** efna til opins morgunverðarfundar föstudaginn 16. september á Hilton Reykjavík Nordica kl. 8.30-10.00.

HVERT STEFNIR EVRÓPA?

EUROPEAN BUSINESS OUTLOOK

Efni fundarins er staða atvinnulífsins í Evrópu og hagvaxtarhorfur ásamt mögulegum áhrifum á íslenskt efnahagslíf. Aðalræðumaður verður **Philippe de Buck**, framkvæmdastjóri BUSINESSEUROPE (samtaka atvinnulífsins í Evrópu).

Þátttakendur í umræðum að loknu erindi de Buck eru **Már Guðmundsson**, seðlabankastjóri, **Árni Oddur Þórðarson**, forstjóri Eyris og stjórnarformaður Marels og **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, alþingismaður.

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.

BUSINESSEUROPE eru stærstu samtök sinnar tegundar í Evrópu og málsvari yfir 20 milljón fyrirtækja sem flest eru lítil eða meðalstór. Aðild að BUSINESSEUROPE eiga 41 atvinnurekendasamtök frá 35 löndum, þar á meðal Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.

**Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á www.sa.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS SAMTÖK IÐNAÐARINS


RAFTÆKIN EIGA SKILIÐ SMÁ
STUÐ
Gerðu eitthvað skemmtilegt og óvænt fyrir raftækin þín með rafmagninu frá okkur. Þau eiga það svo sannarlega skilið.
KOMDU YFIR TIL ORKUSÖLUNNAR – VIÐ SJÁUM UM AÐ HALDA UPPI STUÐINU
Orkusalan | 422 1000 | orkusalan.is | Bíldshöfða 9 | 110 Reykjavík
orkusalan
við seljum rafmagn

**FRÉTTASKÝRING:** Áratugur liðinn frá innrás Bandaríkjamanna í Afganistan

# Tíu ár að baki en sjaldan meiri erfiðleikar

**Afganar standa nú á tímamótum. Þrátt fyrir að vera enn í strangri gjörgæslu alþjóðaherliðs eru þeir byrjaðir að feta fyrstu skrefin í átt að algjörri sjálfstjórn. Mörg áföll hafa dunið yfir undanfarnar vikur og mánuði. Stígur Helgason var fyrir skömmu í Kabúl og reyndi að glöggva sig á því hvort mögulega sæi fyrir endann á óförum þessarar stríðshrjáðu þjóðar.**



**VANDINN MAGNAST** Afganar eru orðnir þaulvanir því að í landi þeirra geisi harðvítug átök. Börnin þekkja ekkert annað en samgang við alþjóðlegt herlið. Nú eru um 140 þúsund erlendir hermenn í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

Senn eru tíu ár síðan Bandaríkjamenn, í sárum eftir árásirnar á Tvíburaturnana, réðust inn í Afganistan í því skyni að hafa uppi á Osama Bin Laden og uppræta hryðjuverkasamtökin Al-Kaída. Síðan er Bin Laden fundinn og fallinn – í Pakistan reyndar, sem er önnur og lengri saga – en innrásin í Afganistan hefur heldur betur dregið dilk á eftir sér. Til stendur að ljúka þar hernaði eftir þrjú ár þrátt fyrir að ástandið sé eldfimara en nokkru sinni fyrr.

### Obama breytir um kúrs

Barack Obama fór aldrei leynt með það eftir forsetakjör sitt að hann hygðist leggja miklum mun meiri áherslu á stríðsrekstur Bandaríkjamanna í Afganistan en verið hefði. Ekki leið á löngu þar til hann hafði tilkynnt um mikla fjölgun í herliðinu en það sem þótti einna helst til marks um aukið vægi verkefnisins í Hvíta húsinu var þegar Obama tók sig til og setti af Stanley McChrystal hershöfðingja, sem stýrt hafði alþjóðaherliðinu í Afganistan í heilt ár við misjafnar undirtektir.

Arftaki hans var enginn aukvisi. David Petraeus hafði leitt stríð Bandaríkjamanna í Írak um árabil við góðan orðstír þeirra sem um véluðu, þótt almenningur hafi ekki verið eins hrifinn af árangrinum. Það fleytti honum síðan í starf sem æðsti yfirmaður herafla Bandaríkjamanna í tvö ár. Það mátti því vera öllum ljóst að Obama var full alvara þegar hann sendi Petraeus til Kabúl.

Nú hefur Petraeus hlotið enn eina vegtylluna fyrir afrek sín í stríðsrekstri – í miklum kapli í efstu lögum bandarískrar stjórnsýslu endaði hann sem höfuð bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

### Nýr maður í brúnni – en þó varla

Þegar fimm evrópskir blaðamenn komu til Kabúl í júlílok í boði Bandaríkjastjórnar, til að kynna sér hvernig miðaði við uppbygginguna í landinu, var ekki nema vika liðin síðan nýi maðurinn í brúnni tók við af Petraeus. Ólíkt forvera sínum ber hann ekki eftirminnilegt latneskt eftirnafn sem gæti verið beint upp úr merkri fornsögu. Hann heitir John Allen.

Eftir viðræður við marga misháttsetta liðsmenn heraflans og starfsmenn í utanríkisþjónustunni stendur það eitt eftir um téðan Allen að enginn væntir þess að honum muni fylgja nokkrar stórkostlegar stefnu- eða áherslubreytingar í ætt við þær sem Petraeus kynnti á sínum síma. Enda hafa þeir tveir verið nánir samstarfsmenn undanfarinn áratug á ýmsum vettvangi og deila skoðunum og vinnubrögðum nánast eins og einn maður væri.

### Heimamenn taka við taumunum

Hvað sem segja má um Allen er ljóst að hans bíður ærið verkefni. Obama hefur lýst því yfir að hernaði Bandaríkjamanna í landinu muni ljúka um mitt ár 2014, í samræmi við óskir ríkisstjórnar Hamids Karzai, forseta landsins. Gangi það eftir þýðir það í raun endalok stríðsrekstrar alþjóðaherliðsins í landinu, enda eru bandarískir hermenn sjötíu prósent alls erlends herliðs þar ytra.

Þetta verður gert í þrepum; afgönsku herliði fengin stjórn yfir misstórum svæðum landsins, nokkrum í einu. Sú aðgerð – ein sú viðamesta sem menn hafa staðið frammi fyrir frá upphafi stríðsins – hófst í sumar þegar alþjóðlegt herlið dró sig frá öruggustu svæðum landsins og Afganar tóku þar við öllum taumum.

Til þess að þau umskipti geti gengið eftir hefur þurft að ráðast í verkefni sem við fyrstu sýn virðist óyfirstíganlegt. Fyrir utan það að byggja upp innviði í samfélagi sem skorti þá nánast alla eftir valdatíð talibana þarf að þjálfa starfhæfan innlendan her og lögreglu, að mestu skipaðan ólæsum mönnum sem enga reynslu hafa af störfum í þágu öryggis og allsherjarreglu.

### Ekki óumbreytanlegt markmið

Það gilti raunar einu við hvern við ræddum um áætlunina, svarið var alltaf það sama: Árið 2014 er markmið, en það er ekki endanlegt eða óumbreytanlegt. Að sama skapi eru allir sammála um að þótt alþjóðlegt herlið stefni að því að hætta beinum hernaði í landinu árið 2014, og sum ríki í síðasta lagi 2015, liggi ljóst fyrir að þess muni njóta þar við um langt skeið á eftir, að sjálfsögðu í miklu smærri stíl, og það muni sinna þar alls kyns þjálfun og „ráðgjöf“. Þetta segja menn með þeim fyrirvara að slík viðvera yrði að sjálfsögðu háð samþykki þarlendra yfirvalda. Þau muni hins vegar tæpast geta án aðstoðar verið.

Þegar litið er til ástandsins í landinu þarf enginn að undrast þá ályktun. Á flestum vígstöðvum virðist nefnilega enn býsna langt í land.

### Vandamálin í raun aldrei meiri

Ekki er að sjá að uppreisnarhermönnum talibana hafi fækkað að nokkru ráði á undanförnum árum, enda hefur samstarf við pakistönsk stjórnvöld um að svæla þá úr fylgsnum sínum í fjallahéruðunum á mörkum landanna tveggja gengið brösulegar en vonir stóðu til.

Spilling er enn meðal helstu meinsemda afganska samfélagsins og illa gengur að uppræta hana þrátt fyrir að sérsveit með það eitt að markmiði sé að störfum í landinu. Að sama skapi eykst valmúarækt frekar en hitt. Talið er að uppreisnarmenn fjármagni sig að stærstum hluta með ópíum- og heróínframleiðslu úr valmúanum og að spilling því tengd nái allt upp í efstu lög stjórnkerfisins.

Og þótt ágætlega hafi tekist til við að koma sumum innviðum samfélagsins í bærilegt horf – til að mynda samgöngum – er staðreyndin engu að síður sú að ástandið hefur sjaldan eða aldrei verið metið jafnótryggt. Það á ekki síst við um höfuðborgina Kabúl og vandræðahéraðið Kandahar í suðurhluta landsins.

### Bróðir forsetans veginn

Þótt Kandahar-hérað hafi verið meðal illvígustu svæða Afganistans um árabil er óhætt að segja að þar hafi allt farið í bál og brand um miðjan júlí – um tveimur vikum áður en við lentum í Kabúl. Formaður héraðsstjórnarinnar, Ahmed Wali Karzai, hafði brugðið sér á salernið á heimili sínu og þegar hann sneri þaðan aftur skaut lífvörður hans til margra ára hann tvívegis, fyrst í höfuðið og síðan í brjóstið. Karzai lést samstundis.

Það þurfti ekki mikið hugmyndaflug til að túlka árásina á Ahmed Wali Karzai sem mikið áfall, bæði persónulegt og pólitískt, fyrir forsetann Hamid Karzai. Þeir voru bræður.

Enn í dag er ekki vitað hver bar ábyrgð á árásinni eða af hvaða hvötum hún spratt. „Þetta gæti þess vegna verið klassískt morðmál – óháð uppreisn talibana – og tengst viðskiptum og valdabaráttu,“ segir Carsten Jacobsen, þýskur talsmaður alþjóðaherliðsins. Orðrómur hafði lengi verið á kreiki um að Ahmed Wali Karzai væri viðriðinn umfangsmikil fíkniefnaviðskipti en því höfðu bæði hann og bróðir hans ætíð neitað. Spurður um pólitísk áhrif morðsins svaraði Jacobsen: „Þetta hefur auðvitað áhrif en það er ekki víst að þau verði slæm. Við skulum sjá til.“

### Þríeykið í Kandahar – einn eftir

Fljótlega reið hins vegar annað áfall yfir í Kandahar. Við höfðum verið í Kabúl í eina viku þegar maður gekk inn á skrifstofur borgarstjóra Kandahar, höfuðborgar Kandahar-héraðs, og sprengdi sjálfan sig í loft upp. Sprengjuna faldi hann í túrbani sínum. Borgarstjórinn, Ghulam Haider Hamidi, lést. Hann hafði verið náinn bandamaður Ahmeds Wali Karzai.

Það var nóg um að vera á fréttastofu sjónvarpsstöðvarinnar Tolo TV þegar við heimsóttum hana síðdegis þann sama dag. Þekktur afganskur spjallþáttastjórnandi fræddi okkur um það að Abdul Razaq, lögreglustjórinn í Kandahar sem las fjölmiðlum tilkynningu um tilræðið, hefði myndað eins konar pólitískt þríeyki í héraðinu ásamt Karzai og Hamidi. Nú væru þessir áhrifamiklu góðvinir hans báðir látnir og Razaq hlyti að vera á leiðinni í felur með hjartað í buxunum. Fregnir af andláti hans hafa ekki borist að Íslandsströndum, svo að hér verður gert ráð fyrir að hann lifi enn.

### Hrina mannskæðra árása

Áföllin hafa orðið fleiri á ekki lengri tíma. Í júní féllu ellefu í sjálfsmorðssprengjuárás á glæsihótelinu Intercontinental í Kabúl.

Í ágústbyrjun skutu uppreisnarmenn niður Chinook-herþyrlu vestur af Kabúl með 38 bandaríska og afganska hermenn innanborðs. Þeir létust allir. Árásin er ein sú mannskæðasta frá upphafi stríðsins.

Í vikunni sem leið gerðu uppreisnarmenn síðan þaulskipulagða árás á helstu stofnanir og sendiráðsbyggingar í Kabúl, skutu meðal annars eldflaugum að bandaríska sendiráðinu og áttu í miklum skotbardögum við lögreglu. Fáir féllu.

Árið 2011 er þegar orðið það mannskæðasta frá upphafi stríðsins. Óhætt er að fullyrða að það sé á skjön við þær áætlanir sem lagt var upp með.

Stríðið í Afganistan hefur kostað ótal mannslíf. Talið er að dauða 14.400 til 17.200 almennra borgara megi rekja beint til átakanna í landinu undanfarin tíu ár, og þar af allt upp undir tíu þúsund beint til aðgerða alþjóðaherliðsins – einkum Bandaríkjahers. Stríðinu er þó hvergi nærri lokið. Það mun standa í þrjú ár enn, hið minnsta, og vandséð er að á þeim knappa tíma takist að leysa úr þeim aragrúa samfélagslegra vandamála sem enn plaga þessa fjölmennu Mið-Asíuþjóð.



1. hluti
AFGANISTAN



Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is

**Næstu daga mun Fréttablaðið fjalla nánar um ástandið í Afganistan – helstu vandamálin sem við er að etja og glímuna við þau.**

YFIR 30 GERÐIR GASGRILLA Á ÚTSÖLU
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400
ÚTSALA
Nýtt kortatímabil
www.grillbudin.is
Opið virka daga til kl. 18 og laugardag til kl. 16





## Nýsköpun

# Íslenskt hugvit eflir íslenskt **atvinnulíf**

„Að bankinn okkar skilji **nýsköpun** og veiti okkur stuðning til að vaxa.“

**Þórður Magnússon**
stjórnarformaður Marorku
og Remake Electric

Það skiptir máli að íslensk nýsköpunarfyrirtæki njóti stuðnings við þróunarstarf sitt og breikki þannig grundvöll íslensks atvinnulífs. **Arion banki** hefur stutt við fjármögnun **Marorku** sem hefur náð miklum árangri og skipað sér í röð með leiðandi fyrirtækjum í orkustjórnun og orkusparnaði skipa á heimsvísu. **Arion banki** hefur einnig stutt við uppbyggingu **Remake Electric** sem hefur þróað einstakt orkustjórnunarkerfi fyrir heimili og fyrirtæki.

**Við erum stolt af þessum stuðningi. Hann skiptir máli.**

Hvað **skiptir** þig máli?









arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 56352 09/11

# neytendur
hagur heimilanna

**605 KRÓNUR** var meðalverð á kílói af eggjum í ágúst síðastliðnum samkvæmt rannsókn Hagstofu Íslands. Kílóverðið var um 409 krónur að meðaltali í ágúst 2007 og 554 krónur í ágúst 2009.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

*Tannkrem þrífur skóna*



Til að hreinsa hvíta gúmmírönd á skóm og gera hvíta aftur er gott að nudda gúmmíið með tannkremi og gömlum tannbursta, ekki nota gel-tannkrem. Þrífðu svo tannkremið í burtu með rökum klút og gúmmíið ætti að vera orðið hreint.



■ **Öryggi barna**

## Endurskinsmerki á fatnaði og töskum slitin eftir eitt ár

Það er full ástæða til þess að skoða hvort endurskinsmerki á fatnaði og töskum barnanna gegni hlutverki sínu þar sem þau geta verið orðin gagnslaus eftir eitt ár vegna slits.

Til þess að vera viss um að endurskinsmerki geri enn gagn er til dæmis hægt að láta vasaljós skína á þau í myrku herbergi, ekki síst ef börnin hafa erft útifatnað og töskur eldri systkina. Endurskinsmerkin eru nefnilega ekki jafnendingargóð og flíkurnar sjálfar.

Mælt er með því að hengja auk þess endurskinsmerki á buxnaskálmar og ermar.

■ **Matvælaeftirlit**

## Graflax innkallaður vegna gruns um listeriu

Matvælastofnun hefur fengið tilkynningu frá fyrirtækinu Ópal Sjávarfangi ehf. um að það hafi ákveðið að stöðva sölu og innkalla af markaði grafinn lax vegna gruns um mengun af völdum bakteríunnar Listeria monocytogenes.

Innköllunin nær til dagsetningarinnar „best fyrir" 04.09.2011 til og með 07.09.2011. Neytendur sem hafa í fórum sínum pakkningar með ofangreindum dagsetningum eru beðnir að skila vörunni með því að hafa samband við Ópal Sjávarfang í síma 517-6630 eða 864-8295. Varan, með þessum líftíma, er ekki lengur á markaði. Bakterían getur valdið matarsýkingum hjá áhættuhópum, svo sem barnshafandi konum og fólki með skert ónæmiskerfi. Á síðu Matvælastofnunar segir að einkenni sjúkdómsins séu flensueinkenni, vöðvaverkir, hiti og stundum ógleði og niðurgangur. Alvarlegri einkenni eru heilahimnubólga í ungbörnum og blóðeitrun. Þá getur sjúkdómurinn einnig valdið fósturláti. Í einstaka tilfellum getur bakterían valdið dauða, en þá er yfirleitt um einstaklinga að ræða sem eru með skert ónæmiskerfi, að því er segir á síðu MAST.




# Hjólið bilar síður ef því er haldið nógu vel við

**Reiðhjól bila stundum vegna þess að þeim er ekki haldið nógu vel við, sérstaklega að vetrinum þegar slabb og salt er á götunum. Þess vegna er mikilvægt að huga vel að reiðhjólunum ef fara á á þeim daglega í og úr vinnu.**

Eitt mikilvægra atriða við að halda reiðhjólum við er að hafa keðjuna alltaf hreina og vel smurða og jafnframt vel spennta. Hætta er á að keðjan detti af ef hún er ekki nógu vel spennt.

Hægt er að nota klút og gamlan tannbursta til þess að hreinsa keðjuna. Best er að nota þar til gert efni við þrifin á keðjunni en þó ekki það sterk að þau fjarlægi einnig þá olíu sem þarf að vera á henni, eins og bent er á á neytendasíðum nokkurra danskra vefmiðla.

Athuga þarf reglulega að bremsur, lás, endurskinsmerki, ljós og dekk séu í lagi.

Í dekkjunum þarf alltaf að vera mátulega mikið loft. Skoða þarf dekkin reglulega til þess að kanna hvort einhverjir aðskotahlutir hafi sest að í mynstrinu. Glerbrot, oddhvassir smásteinar og þyrnar eiga oft sök á því að dekk springur.

Ef hjólað hefur verið úti í slabbi þarf að þvo reiðhjólið og helst um leið og komið er heim. Ekki á að þvo hjólið með háþrýstidælu því þá getur sandur og önnur óhreinindi farið inn í legur og sest þar að. Hafi menn bílskúrsslöngu er gott að sprauta hjólið með henni. Annars er hægt að hella vatni úr fötu yfir hjólið.

Ryð getur myndast sé viðhald reiðhjólsins ekki nægjanlegt. Ryðið getur einnig smitast yfir á ryðfría fleti en af þeim er almennt auðvelt að fjarlægja það.

Sé hjólið bónað með bílabóni verða þrifin miklu auðveldari auk þess sem bónið hlífir lakkinu á hjólinu.

Ástand gíra þarf að skoða reglulega. Áður en fer að frysta er gott að smyrja kaplana sérstaklega með efni sem hlífir þeim við frosti.

Tvisvar á ári ætti að láta fagmann hreinsa reiðhjólið vandlega ef menn telja að þeim hafi ekki tekist það nógu vel sjálfum.

Ekki má gleyma að setja á sig hjálm áður en farið er út að hjóla og bjöllu á hjólið til þess að láta þá sem eru fyrir framan vita að hjólreiðamaður sé á ferð. Heyri gangandi vegfarendur ekki í hjólinu og stígi óvænt eitt skref til hliðar getur orðið stórslys. Það er ekki alltaf nóg að blístra til þess að láta vita af sér.

Á vefsíðu Landssamtaka hjólreiðamanna, www.lhm.is, er eindregið mælt með því að nagladekk séu sett undir hjólin á höfuðborgarsvæðinu þar sem oft er hálka á stígunum.

> Sé hjólið bónað með bílabóni verða þrifin miklu auðveldari auk þess sem bónið hlífir lakkinu á hjólinu.

FRAMKOMU- & FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ
SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 20. OG 22. SEPTEMBER
SJÁLFSTYRKING ○ FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR
INNSÝN Í FYRIRSÆTUSTÖRF ○ FÖRÐUN ○ UMHIRÐA HÚÐAR OG HÁRS
MYNDATAKA ○ TÍSKUSÝNINGARGANGA ○ FYRIRSÆTA KEMUR Í HEIMSÓKN
FÍKNIEFNAFRÆÐSLA ○ LEIKRÆN TJÁNING Í UMSJÓN LEYNILEIKHÚSSINS
Umsjónarkennari námskeiðsins er Tinna Aðalbjörnsdóttir, auk fjölmargra gestakennara.
Allir þátttakendur fá Eskimo bol, snyrtibuddu og mascara frá Maybelline, viðurkenningarskjal og 10 sv/hv myndir.
Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.
Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu.
Skráning er hafin í síma 533-4646 eða eskimo@eskimo.is
VERÐ 17.900




SIEMENS
Tækifæri
Bakstursofn
HB 32AB540S
Tækifærisverð:
139.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 179.900 kr.)
Spanhelluborð
EH 651TE11E
Tækifærisverð:
139.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 179.900 kr.)
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is





NÝJUNG

# *Everlasting Foundation SPF 15*

*15 klukkustundir af fullkomnun og algjörri vellíðan.*

*Ertu að leita að frábærum farða? Treystu ráðleggingum fagfólksins. Með nýrri og afar háþróaðri aðferð, High Fidelity System, nær Everlasting Foundation frá Clarins að laða fram 15 klukkustunda lýtalausa og silkimjúka áferð og samtímis að auka vellíðan og vernda húð þína. Allan daginn, alla daga getur þú notið þess hve lengi farðinn helst fallegur á húð þinni og hve mikla útgeislun hann veitir þér. Sólvarnarstuðull (SPF) 15. Fljótandi farði eða púðurfarði ... þitt er valið! Clarins nýtur þess heiðurs að vera í 1. sæti þegar kemur að lúxushúðs-nyrtivörum á Evrópumarkaði.*

*Kíktu á www.clarins.com*





# CLARINS

## Clarins dagar í verslunum Hagkaups

Dagana 15. - 21. september.

Glæsilegur kaupauki* að verðmæti 11.800kr. fylgir þegar verslað er fyrir 5.900kr. eða meira.

*Líttu við og kynntu þér það allra nýjasta frá Clarins og fáðu þér prufu af kremi sem hentar þinni húðtegund.*



*Gildir meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

**Icelandair kynnir nýjan áfangastað:**

# DENVER, COLORADO

Nýr áfangastaður Icelandair í Bandaríkjunum. Segulmögnuð heimsborg fyrir sælkera og fagurkera, náttúruskoðara, útivistarfólk, skíðamenn, fjallamenn, kylfinga og alla hina.



**Gullnáma af ævintýrum í einnar mílu hæð í Villta vestrinu**

Denver í Colorado, við rætur Klettafjalla, er lifandi og öflug verslunar-, menningar,- íþrótta- og útivistarborg – heillandi staður undir bláum himni þar sem sólin skín 300 daga á ári.

200 útivistarsvæði og garðar, 90 golfvellir. Stutt til frábærra skíða- og útivistarsvæða eins og Aspen og Vail. Ein af öflugustu íþróttaborgum Bandaríkjanna, heimabær Denver Nuggets (NBA) og Denver Broncos (NFL).



**76 PRÓSENT** er fjölgun þinglýstra kaupsamninga um íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu átta mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra.

# Sjávarklasinn vill undir eitt þak niðri við höfnina

**Viðræður eru á byrjunarstigi við stjórn Faxaflóahafna um leigu á húsnæði við Grandagarð undir fyrirtæki sem tengjast sjávarklasanum svokallaða. Stefnt er að því að húsið verði verbúð hátækni og framþróunar í sjávarútvegi.**

„Við teljum þetta góða leið til að ná mönnum og fyrirtækjum í sjávarútvegi saman og fá nýjar hugmyndir,“ segir Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri 3X Technology.



JÓHANN JÓNASSON

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Ísafirði en það hefur starfrækt skrifstofu í höfuðborginni síðastliðin sex ár. Jóhann segir að fari fyrirtæki sem tilheyri sjávarklasanum svokallaða undir eitt þak á efri hæð Bakkaskemmunnar muni 3X Technology flytja skrifstofu sína þangað.

Sjávarklasinn er samstarfsverkefni margra fyrirtækja í haftengdri starfsemi sem hefur það markmið að bæta samstarf, auka verðmæti og efla skilning á starfsemi sjávarklasans.

Um tíu önnur fyrirtæki sem tengjast íslenskum sjávarútvegi hafa lýst yfir vilja til að reka húsnæði saman. Þar á meðal eru tæknifyrirtæki, verkfræðistofur og fyrirtæki sem sinna sölu- og markaðsmálum. Gangi allt eftir verða á annan tug fyrirtækja undir einu þaki í Bakkaskemmunni. Aðstandendur sjávarklasans segja stefnt að því að húsnæðið verði eins konar verbúð sem bæði innlendir og erlendir aðilar geti sótt þekkingu til.



**BAKKASKEMMAN ÚTI Á GRANDA** Gangi allt eftir gætu hátt í tuttugu fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi unnið saman í gömlu húsnæði Hampiðjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hver er þessi Bakkaskemma?

Bakkaskemman við Reykjavíkurhöfn er umkringd fyrirtækjum í sjávarútvegi. Þar nálægt eru Víkin og Sjóminjasafnið, auk fleiri fyrirtækja í greininni. Á neðri hæð Bakkasmiðjunnar er HB Grandi með rekstur, auk þess sem Fiskmarkaðurinn er þar. Hampiðjan framleiddi net í húsnæðinu fyrir nokkrum árum. Listafólk og hönnuðir fluttust þangað um skeið þegar Hugmyndahús háskólanna var með starfsemi í húsinu. Það stendur nú autt.

> Við teljum þetta góða leið til að ná mönnum og fyrirtækjum í sjávarútvegi saman og fá nýjar hugmyndir
>
> JÓHANN JÓNASSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI 3X TECHNOLOGY

„Þetta gæti orðið öflug miðja fyrir íslenskan sjávarklasa,“ bætir Jóhann við. Hann leggur áherslu á að viðræður séu mjög skammt á veg komnar.

Helgi Laxdal, forstöðumaður rekstrardeildar Faxaflóahafna, lagði fram minnisblað þar sem hugmyndin er reifuð á stjórnarfundi Faxaflóahafna á föstudag í síðustu viku. Þar var vel tekið í hugmyndina og samþykkt að fela Gísla Gíslasyni hafnarstjóra að vinna í málinu. jonab@frettabladid.is



**FLUGIÐ KYNNT VESTANHAFS** Michael Hancock borgarstjóri í ræðustóli og ríkisstjórinn við hlið hans. Birkir Hólm, forstjóri Icelandair, og aðrir stjórnendur sitja honum á vinstri hönd. MYND/ICELANDAIR

Umsvif Icelandair Group aukast verulega árið 2012:

# Hafa mikil áhrif á efnahag Colorado

Icelandair Group ætlar að hefja heilsársflug til Denver-borgar í Colorado-ríki á næsta ári. Flugið er liður í umfangsmiklum vexti fyrirtækisins, sem meðal annars felur í sér að farþegum verður fjölgað um tvö hundruð þúsund á milli ára, tveimur farþegaþotum bætt við flota flugfélagsins og áfangastöðum fjölgað. Þá er stefnt að því að lengja ferðamannatímabilið utan háannatíma.

Ákvörðunin um að Denver verði áfangastaður véla Icelandair vakti mikla athygli vestanhafs. John Hickenlooper, ríkisstjóri í Colorado, og Michael Hancock, borgarstjóri í Denver, boðuðu til fréttamannafundar á alþjóðaflugvellinum í Denver þar sem áætlunarflug Icelandair til borgarinnar var kynnt.

Borgarstjórinn í Denver sagði flugið hafa jákvæð áhrif á efnahag Colorado, bæði myndi störfum fjölga um þrjú hundruð og velta ferðamanna setja mark sitt á borgina.

## Í hnotskurn

- Flugum Icelandair fjölgar um þrettán prósent á milli ára.
- Allt að 400 flug á viku – tíu þúsund farþegar á sólarhring
- Tvær milljónir farþega árið 2012
- 52 prósenta vöxtur frá 2008 – 700 þúsund fleiri farþegar en 2009

Greining Íslandsbanka segir áætlun Icelandair bera þess vitni hve mikil gróska sé í ferðamennsku um þessar mundir. Bent er á að þrátt fyrir áföll hafi árið verið gott í ferðamennsku. Metfjöldi erlendra ferðamanna hafi farið um Leifsstöð í nýliðnum mánuði, gistináttum fjölgað á milli ára og útgjöld erlendra debet- og kreditkorta aukist um rúm þrettán prósent á milli ára.

- jab






# SKOTVEIÐI DAGAR

Ellingsen verður með kynningu á Winchester pumpu og Bettinsoli hálfsálfvirkum haglabyssum á skotæfingarsvæði Skotreyn mánudaginn **19. september frá kl 17:00 til 19:00.**




**PLANO BYSSUTASKA**
Tveggja byssu taska
**12.745 KR.**
FULLT VERÐ 25.490 KR.




**ALLEN BYSSUTASKA**
Með floti
**6.293 KR.**
FULLT VERÐ 8.990 KR.




**REDHEAD VÖÐLUJAKKI**
Með sérstyrktum slitflötum
**29.992 KR.**
FULLT VERÐ 39.990 KR.




**REDHEAD BUXUR**
Stærðir M–XXL
**18.742 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.




**BETTINSOLI HAGLABYSSA**
Svört
**151.920 KR.**
FULLT VERÐ 189.990 KR.




**WINCHESTER BLACK SHADOW**
26" haglabyssa
**69.520 KR.**
FULLT VERÐ 86.900 KR.




**REDHEAD HANSKAR**
Vatnsheldir
**4.492 KR.**
FULLT VERÐ 5.990 KR.




**BETTINSOLI HAGLABYSSA**
Camouflage
**159.920 KR.**
FULLT VERÐ 199.990 KR.




**BETTINSOLI HAGLABYSSA**
Viður
**175.992 KR.**
FULLT VERÐ 219.990 KR.




**LAMBHÚSHETTA**
Með grímu
**2.992 KR.**
FULLT VERÐ 3.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 112343

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvaða sérlausnir vegna þjóðarhagsmuna er hægt að rökstyðja í viðræðum við ESB?

# Fá, skýr markmið

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Antti Kuosmanen, sendiherra Finnlands hjá OECD og fyrrverandi samningamaður í aðildarviðræðum landsins við Evrópusambandið, lýsti í Fréttablaðinu í gær þeirri nálgun sem finnsk stjórnvöld beittu í viðræðunum; að leggja mesta áherzlu á fá og skýr lykilatriði. Þessi aðferðafræði nýttist Finnum vel er samið var um ESB-aðild og hefur raunar gert það áfram; sem aðildarríki ESB hefur Finnland lagt áherzlu á fá en skýrt skilgreind hagsmunamál sín til að nýta vel krafta lítillar stjórnsýslu.

Kuosmanen segir að frá sjónarhóli ESB snúist viðræðurnar um að umsóknarríkið lagi sig að reglum sambandsins. Það þýði hins vegar ekki að ekkert svigrúm sé fyrir nýtt ríki að ná fram samningsmarkmiðum sínum. „Til að ná sem bestum árangri þarf Ísland að leggja fram mjög sterk rök fyrir sinni afstöðu í nokkrum lykilmálum sem er alveg skýrt að eru mikilvægust,“ segir hann.

Þetta er áreiðanlega rétt nálgun. Það eykur líkurnar á að komið sé til móts við íslenzka hagsmuni að einblína á þá mikilvægustu. Stjórnmálamenn, jafnvel þeir sem vilja gjarnan ná aðildarsamningi við ESB, hafa hins vegar stuðlað að óraunhæfum væntingum um hvað kynni að koma út úr aðildarviðræðum með því að halda á lofti hugmyndum um alls konar óraunhæfar kröfur, sem litlar líkur eru á að hægt sé að rökstyðja fyrir Evrópusambandinu – eða í sumum tilfellum fyrir almenningi á Íslandi.

Mikilvægustu hagsmunir Íslands í samningunum við ESB eru á sviði sjávarútvegs. Þar hafa sumir óraunsæjar hugmyndir, til dæmis um að banni við fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegi verði viðhaldið. Það bann er til óþurftar hvort sem er og erfitt að rökstyðja það, í ljósi víðtækra fjárfestinga Íslendinga í sjávarútvegi ESB-ríkja. Mestu skiptir að Íslendingar haldi sem víðtækastri stjórn á fiskveiðum við landið þannig að hægt sé að tryggja áfram þann árangur sem náðst hefur í að nýta fiskistofnana með sjálfbærum hætti.

Evrópusambandið hefur viðurkennt mikilvægi og sérstöðu Íslands í sjávarútvegi. Í greiningarskýrslu framkvæmdastjórnar ESB frá því í fyrra kemur þannig skýrt fram að semja þurfi við Ísland um brottkastsreglur. Þar er sömuleiðis viðurkennt að aðild Íslands að ESB muni hafa mikil áhrif á sjávarútvegsstefnu sambandsins og fyrirliggjandi hugmyndir um endurskoðun hennar færi hana nær íslenzka fiskveiðistjórnarkerfinu.

Á þessum nótum ætti að vera hægt að ná viðunandi samningum við Evrópusambandið um sjávarútveg; að búa til lausnir fyrir Ísland innan sjávarútvegsstefnunnar fremur en að sækjast eftir varanlegum undanþágum.

Evrópusambandið viðurkennir sömuleiðis sérstöðu íslenzks landbúnaðar í nýlegri rýniskýrslu sinni. En kröfur um að tollvernd verði til dæmis haldið óbreyttri munu hvorki Evrópusambandið né íslenzkir neytendur skilja. Sú krafa, sem líklega er hægt að ná samningum um, er að Ísland fái að styrkja kúa- og sauðfjárbúskap umfram það sem almennt gerist í ESB, enda séu þessar greinar undirstaða hefðbundins landbúnaðar á Íslandi. Sambærilegum kröfum náðu Finnar fram – með því að einblína á mikilvægustu hagsmunina.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Roald Amundsen

**Sýning Fram-safnsins í Osló um ferð Roald Amundsen á Suðurskautið 1911 verður opnuð í húsakynnum Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6 föstudaginn 16. september kl. 17.00.**

Forstöðumaður Fram-safnsins Geir Kløver flytur erindi um ferð Amundsen.

Léttar veitingar.
Sýningin verður opin frá kl. 11.00 – 17.00
helgarnar 17. - 18. og 24. – 25. september og 1. - 2. október.

**Norska sendiráðið í Reykjavík**



## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Samsæriskenning Björgvins

Björgvin G. Sigurðsson sýnir Fréttablaðinu þann heiður, á Pressunni, að bendla það við samsæri innanríkisráðherra um að tryggja að nýtt fangelsi verði byggt í Reykjavík. Kveikjan er frétt þar sem vitnað var til gagna sem sýndu meðal annars fram á aukinn ferðakostnað, yrði ráðist í endurbætur á Litla-Hrauni. Samsæriskenning Björgvins gengur út á að óopinberum skýrslum hafi verið lekið í Fréttablaðið til að hafa áhrif á staðsetningu fangelsis. Björgvin segir um aukinn ferðakostnað: „Meira en hálfur milljarður! En við höfum ekki séð skýrsluna eða forsendurnar og því erfitt að rökræða málið.“ Bittenú! Ljótt ef satt er!



### Internet 101

Til er fyrirbæri sem heitir internet, netið, eða alnetið. Margar stofnanir hafa þar heimasíður og ein þeirra er innanríkisráðuneytið. Þar er að finna flipa með orðinu verkefni og sé á hann stutt kemur upp tengill á málaflokka. Einn þeirra ber heitið Fangelsismál og fullnusta refsinga. Og viti menn! Sé á hann smellt birtist grein frá 27. janúar 2011. Hún fjallar um skýrslu um kostnaðarauka við fangelsi og þar er tölurnar sem Björgvin kallar eftir að finna. Þess má geta að skýrslan er dagsett 5. október 2010.



### Löng umræða um umræðu

Samkvæmt auglýstri dagskrá á Alþingi átti að ræða um afskriftir á skuldum heimilanna klukkan 15 í gær. Sú umræða tafðist, því fyrst þurftu þingmenn að ræða hvort ætti að halda þingfundi áfram fram á kvöld. Það tók 27 mínútur. Að því búnu var fundarstjórn forseta rædd í 15 mínútur. Þá loks gátu þingmenn snúið sér að smáatriði eins og skuldaafskriftum heimila. Enn er þó deilt um hvort um málþóf er að ræða. kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hvítbók um náttúruvernd

Náttúruvernd



Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra

Um nokkurt skeið hefur þótt ástæða til að styrkja stöðu náttúruverndar með endurskoðun náttúruverndarlaga. Á dögunum birti nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga hvítbók, þar sem gerð er heildarúttekt á lagaumhverfi náttúruverndar á Íslandi. Að auki eru gerðar tillögur að breytingum á lagaumhverfi og stjórnsýslu náttúruverndarmála. Rauði þráðurinn er að styrkja náttúruverndarsjónarmið og færa þau framar og ofar í keðju ákvarðanatöku, frekar en að litið sé til þeirra seint og um síðir. Þetta er krafa sjálfbærrar þróunar – að ná jafnvægi á milli hinna samfélagslegu, efnahagslegu og umhverfislegu þátta.

Hvítbókin er nýjung í vinnubrögðum við undirbúning löggjafar hérlendis, en í samræmi við vinnubrögð sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Í nærri tvö ár hafa höfundar bókarinnar unnið heildarúttekt á lagaumhverfi náttúruverndar hér á landi, m.a. með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem Íslendingar hafa undirgengist með staðfestingu ýmissa alþjóðasamninga. Auk þess er horft til lagaumhverfis nágrannaþjóða okkar á þessu sviði. Með því að horfa heildstætt yfir málaflokkinn er vonast til að endurskoðun náttúruverndarlaga verði þannig úr garði gerð að náttúruvernd verði hafin til vegs og virðingar og staða hennar styrkt til muna.

Í hvítbókinni er leidd saman þekking á ólíkum sviðum til þess að fá sem skýrastan grundvöll nýrrar löggjafar. Á næstu vikum verður hvítbókin kynnt, auk þess sem hún verður meginefni umhverfisþings sem haldið verður á Selfossi 14. október. Að umhverfisþingi loknu verður kallað eftir athugasemdum frá almenningi, hagsmunasamtökum og öllum þeim sem láta sig náttúruvernd varða. Með þessu fást því sem næst tæmandi upplýsingar um grundvöll breytinganna og góð yfirsýn yfir ólík sjónarmið áður en hafist er handa við skrif á frumvarpi.

Ég er stolt af því að með náttúruvernd séum við að ryðja brautir í nýjum vinnubrögðum. Þegar lagður er grunnur að lagaumhverfi náttúru og umhverfis, þá hljótum við að gera kröfu um heildarsýn og að ákvarðanatökuferlið sé lýðræðislegt. Hvítbók um náttúruvernd sýnir hverju fagleg og vönduð vinnubrögð geta skilað, hvernig stjórnmálin geta aukið gagnsæi og stuðlað að skýrari grundvelli ákvarðana. Þetta eru vinnubrögð sem við hljótum að vilja sjá miklu víðar í framtíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Stjórnarskrá fólksins

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Það hafði ýmsa áþreifanlega kosti í för með sér og enga galla að bjóða fólkinu í landinu til samstarfs um samningu frumvarps Stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár. Fyrir lá, að almenningur hafði hug á málinu, því að annars hefðu 522 frambjóðendur varla gefið kost á sér til setu á Stjórnlagaþingi. Kosningabaráttan, ef baráttu skyldi kalla, fór svo vel fram í alla staði, að hvergi bar skugga á. Frambjóðendur virtust flestir líta hverjir á aðra sem meðframbjóðendur frekar en mótframbjóðendur. Þeir frambjóðendur, sem létu í sér heyra opinberlega, töluðu langflestir af miklu viti um viðfangsefnið. Ríkur samhugur um vilja til verulegra breytinga á stjórnskipun landsins einkenndi svör frambjóðenda við rækilegum spurningum DV fyrir kosningar eins og ég lýsti í nokkrum fyrirlestrum í fjórum háskólum í janúar og í tveim greinum í Fréttablaðinu um svipað leyti, 6. og 13. janúar 2011. Til dæmis voru nær allir frambjóðendur á einu máli um, að óbreytt fyrirkomulag á skipun dómara kæmi ekki til álita. Einnig var ríkur samhugur um nauðsyn þess að kveða skýrt á um eign þjóðarinnar á náttúruauðlindum sínum. Margt fleira mætti nefna. Þjóðfundurinn hafði slegið tóninn með því að lýsa eftir umtalsverðum endurbótum á stjórnarskránni. Engum þarf því að koma á óvart, að frumvarpinu, sem Stjórnlagaráð samþykkti einum rómi og afhenti forseta Alþingis 29. júlí sl., er ætlað að fela í sér gagngerar réttarbætur.

Af umferðinni um vefsetur Stjórnlagaráðs að dæma tók fólkið í landinu vel í tilboð ráðsins um aðild að samningu frumvarpsins. Stjórnlagaráði bárust 323 formleg erindi, sem nefndir ráðsins fjölluðu um og svöruðu. Rösklega 3.600 skriflegar athugasemdir bárust inn á vefsetur ráðsins (stjornlagarad.is), og brugðust ráðsfulltrúar við mörgum þeirra. Nær öll innsend erindi og athugasemdir gerðu gagn, ekki aðeins það, sem sagt var, heldur einnig hitt, sem ekki var sagt. Ef enginn hreyfði andmælum, vorum við kannski á réttri leið. Nær undantekningarlaust voru erindin og athugasemdirnar virðulega fram settar ólíkt ýmsu því, sem mönnum þykir sumum hæfa að birta á vefnum. Þeir, sem óttuðust kannski, að vefsetur Stjórnlagaráðs myndi sligast undan níði og þvættingi, höfðu í reyndinni ekkert að óttast. Það er áleitin spurning, hvers vegna óhróðurinn og vitleysan, sem setur svo mjög mark sitt á stjórnmálaumræður og hefur lengi gert, sneiddi hjá Stjórnlagaráði. Kannski það hafi hjálpað til, að umræður á fundum Stjórnlagaráðs einkenndust af kurteisi og gagnkvæmri virðingu og af virðingu fyrir verkefninu, sem þjóð og þing höfðu falið ráðinu. Um 150 til 450 manns horfðu á beinar útsendingar frá fundum ráðsins. Rösklega 50 viðtöl við ráðsfulltrúa og aðra, sem að verkinu komu, voru birt á YouTube, og hafa þau nú verið skoðuð um 5.000 sinnum. Vefur ráðsins er sneisafullur af upplýsingum um störf ráðsins og umfjöllun fjölmiðla innan lands og utan. Símanúmer ráðsfulltrúa og tölvupóstföng voru hverjum manni aðgengileg. Við funduðum í alfaraleið í hjarta Reykjavíkur, ekki í óbyggðum eins og stundum hefur þótt þurfa í útlöndum á fyrri tíð til að hlífa starfinu að nýrri stjórnarskrá við ágangi hagsmunahópa.

Þótt Stjórnlagaráð hafi lagt ríka áherzlu á gott samstarf við almenning, má enginn freistast til að álykta, að ráðið hafi ekki borið sig eftir skoðunum sérfræðinga. Stjórnlaganefnd lagði vandaða skýrslu upp í hendur Stjórnlagaráðs með góðum hugmyndum. Fjölmargir sérfræðingar voru fengnir til að leiðbeina ráðinu, bæði lögfræðingar og aðrir, ýmist á fundum eða skriflega. Ráðinu var ekki kleift að leita til allra sérfræðinga, sem til greina komu, en þá gátu þeir, sem höfðu sjónarmið fram að færa, gefið sig fram til jafns við aðra. Ólíkt því vinnulagi, sem tíðkast á Alþingi, var fulltrúum hagsmunasamtaka ekki boðið til samráðsfunda í Stjórnlagaráði, en hagsmunasamtök höfðu vitaskuld sama aðgang og almenningur að ráðinu og einstökum ráðsfulltrúum. Því má einnig halda til haga, að í ráðinu sat fjölbreyttur hópur fólks á öllum aldri með víðtæka reynslu af flestum sviðum þjóðlífsins: ekki aðeins lögfræðingar, læknar, prestar og prófessorar, heldur einnig baráttukona úr röðum fatlaðs fólks, bóndi, fjölmiðlamenn, fyrrum alþingismenn, heimspekingur, hjúkrunarfræðingur, leikstjóri, skáld og listamenn, stjórnarmenn í fyrirtækjum, stjórnmálafræðingar, stærðfræðingar og verkalýðsforingi. Skemmtilegur þverskurður af þjóðinni, fannst mér.

# Viðræður um landbúnað

ESB-aðild
Valgerður Bjarnadóttir
alþingismaður



Rýniskýrsla Evrópusambandsins um landbúnaðarmál sem barst utanríkisráðuneytinu í síðustu viku hlýtur að hafa komið einhverjum á óvart. Sérstaklega hlýtur hún að hafa komið þeim á óvart sem hafa haldið því fram að enginn skilningur væri innan Evrópusambandsins á því að Ísland er öðru vísi en löndin sunnar í álfunni. Kannski breytir skýrslan samt engu.

Þeir sem fremstir eru í flokki andstæðinga þess að Ísland verði hluti af Evrópusambandinu kæra sig kollátta um allar staðreyndir sem varða aðildarviðræður og samninga við Evrópusambandið. Þess vegna er svolítið erfitt við að ræða við það fólk, – það snýr öllu á hvolf sem sagt er.

Andstæðingarnir kæra sig kollótta um að framsal fullveldis er miklu meira í EES samningum en við inngöngu í Evrópusambandið. Allar meiriháttar ákvarðanir innan Evrópusambandsins eru teknar í ráðherraráðinu, þar sem ráðherrar aðildarríkjanna eiga sæti.

Flestar þeirra ákvarðana snerta okkur beint, en við höfum ekkert um það að segja þegar þær eru teknar. Við erum ekki einu sinni í byggingunni þar sem fundurinn er haldinn, hvað þá í fundarherberginu. Mér er fullkomlega óskiljanlegt hvernig það getur þótt betri kostur en að vera fullgildur meðlimur sem getur beitt sér í samstarfi ríkjanna. – Skilningsleysi mitt breytir því þó ekki að andstæðingarnir halda áfram hrópum um afsal fullveldis.

Óskandi væri að andstæðingarnir færu að tala um málefni og hættu sífellt endurteknum upphrópunum sem eiga sér enga stoð í veruleikanum. Varla verður konu þó að ósk sinni í þeim efnum, því sífelldar endurtekningar hafa áhrif. Áhrif þeirra eru ekki bara á skarann sem hlustar heldur einnig á þá sem eru á öndverðum meiði sem þreytast á að svara ósannindunum.

Andstæðingarnir gleðjast auðvitað af því þeim finnst steinn hafa verið settur í götu samninganna þar sem ekki er búið að vinna heimavinnuna um landbúnaðarmálin. Sú vinna hlýtur nú að fara af stað því landbúnaðarráðherrann veit að hann verður að fylgja ákvörðun Alþingis. Ráðherrar geta nefnilega ekki rekið prívat pólitík, þeir eiga að framkvæma það sem Alþingi samþykkir.

Samningaviðræðurnar halda áfram um aðra þætti en landbúnaðarmál eins og ekkert hafi í skorist, en vissulega seinkar viðræðum um landbúnaðinn.

Andstæðingarnir vonuðu að eitthvað yrði í rýniskýrslunni sem benti til þess að ekki næðust samningar um landbúnað sem við gætum unað við. Þeim varð ekki að ósk sinni. Evrópusambandið veit að Ísland er strjálbýlt land, að landbúnaður hér er með allt öðru sniði en í flestum ríkjum þess, að við erum fá og stjórnsýslan lítil – tillit verður tekið til alls þessa. Evrópusambandið veit líka að hér er engin raunveruleg byggðastefna. – Þau þarna suður frá vita sannarlega meira um okkur en sum okkar vita eða vilja vita um þau.







20%
afmælis
afsláttur
Við erum 2 ára
Afmælistilboð frá fimmtudegi til laugardags
Eftirfarandi vöruliðir eru á 20% afslætti:
Nautahakk 100% hreint hakk
Hamborgarar 115 gr brauðin fylgja með
Nauta mínútusteik
Lamba helgarsteik úr læri krydduð með hvítlauk og rósmaryn
Lamba innralæri kryddað með chili og ferskum kryddjurtum
Kryddpylsur
Sælkeradraumur
Vínkynning föstudag og laugardag
Við bjóðum viðskiptavinum okkar í smáréttaveislu á föstudeginum milli kl 14:00 og 18:00
Opnum nýja og betrumbætta heimasíðu www.kjotkompani.is
Erum eingöngu á Dalshrauni 13 Hafnarfirði
Kjötkompaní

# Amerískir dagar












Gourmet Texas salsa







**Alvöru margarítu blöndur**
– í partýið




**Bone suckin BBQ sósur**
– þær eru crazzzzy




**Spennandi M&M**
– nammi, namm...




**Amerísk karamelluterta**
– bara gott...




**Snyder´s**
– snakk sem bragð er af




**Cheddar ostapopp**
– Butter popp




**Fíkjur, trönuberja & rúsínu**
– holt snakk




**Kanilbrauð**
– ekta amerískt

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 25. september á meðan birgðir endast.

# ALVÖRU STEAK
## á diskinn minn!



ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*




*stakar ekta nautasteikur*

100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EDA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR



TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

TILBOÐ
PRIMERIB
2.924 kr/kg.
Verð áður 3.895.-



TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

TILBOÐ
RIBEYE
2.924 kr/kg.
Verð áður 3.895.-



TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

TILBOÐ
ENTRECOTE
2.924 kr/kg.
Verð áður 3.895.-



TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

TILBOÐ
SVÍNAKÓTILETTUR Í JACK DANIELS BBQ
1.189 kr/kg.
Verð áður 1.698.-



BOSTON SKINKA
998 kr/kg.



TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

TILBOÐ
NEW ORLEANS BBQ SVÍNARIF
1.119 kr/kg.
Verð áður 1.598.-




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

TILBOÐ
RESTAURANT STYLE 2 HAMBORGARAR
629 kr/pk.
Verð áður 898.-



*úrval af sósum á ísinn*





**Candy apple**
– bíttu í eplið og brostu..



**Sloppy Joe**
– þessum verður þú að kynnast




**Epla-kanil Cherrios**
– gott á morgnana...




**Karamellu popp**
– bara gott...




**Hnetusmjör**
– creamy & extra crunchy



**Amerískar cupcakes**
– 3 í pakka




**Arizona ice-tea**
– sætt og grænt te




**Dunkin donuts kaffi**
– sem bragð er af...

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Kostnaðarsamur leki fyrir þjóðina

Fangelsismál

Sigurður Ingi Jóhannsson
þingmaður Framsóknarflokks



Í Fréttablaðinu mánudaginn 12. september fjallar einn af blaðamönnum blaðsins (innanbúðarmaður úr VG) um fangelsismál. Þar nýtur blaðamaðurinn tengsla sinna við ráðherra fangelsismála og birtir upplýsingar um yfirlýstan kostnað vegna uppbyggingar nýs fangelsi á Hólmsheiði í samanburði við viðbyggingu á Litla-Hrauni. Jafnframt klippir blaðamaðurinn inn í frétt sína stöku setningar einstakra þingmanna (þ.m.t. undirritaðs) úr umræðu um fangelsismál. Þetta gerir blaðamaðurinn án þess að hafa á nokkrum tíma borið þessar upplýsingar undir þingmennina.

Upplýsingar þessar eru að sögn fengnar frá sérfræðingum úr ráðuneytinu. Á sama tíma hefur sá sem þetta ritar óskað eftir öllum upplýsingum um kostnað og samanburð einstakra verkefna en ekki fengið. Ráðherra hefur margboðið að senda allar upplýsingar – en engar efndirnar. Fyrsti þingmaður Suðurkjördæmis hefur fyrir hönd allra þingmanna kjördæmisins óskað eftir fundi með ráðherra til að ræða málefnið í þaula – en ekki fengið svar.

Það er sláandi að á sama tíma og þingmenn fá ekki upplýsingar til að geta sett sig inn í málið – vegið og metið kosti, galla og kostnað við mismunandi kosti – að þá leka út úr ráðuneytinu einhverjar upplýsingar sem væntanlega fyrir tilviljun virðist passa ráðherra og skoðunum hans einstaklega vel.

**Spurningarnar**

Ef við skoðum málið í heild þá eru á því nokkrir ólíkir fletir. Mismunandi verkefni sem þarf að leysa úr. Ekki er augljóst að með sömu uppbyggingunni verði leyst úr öllum vandamálunum samtímis.

Eitt er t.d. skammtíma gæsluvarðhald. Í mínum huga er skýrt að til lengri tíma er mestur sparnaður fólginn í að slíkt gæsluvarðhald verði á einstökum lögreglustöðvum og það stærsta þar með á Hverfisgötunni í Reykjavík. Það mun alltaf taka tíma og hafa þar með kostnaðarauka í för með sér sé það langt frá lögreglustöð – Hólmsheiði, Litla-Hrauni eða annars staðar.

Annað úrlausnarefni er að upplýsa hver sé þörfin fyrir langtíma gæsluvarðhald og öryggisfangelsi. Hversu mörg pláss þarf ásamt kostum þess og göllum að hafa það sér eins og í Noregi t.a.m. eða nýta sameiginlega aðstöðu eins og er fyrir hendi á Litla-Hrauni til dæmis.

Þá hefur verið ljóst lengi að endurnýja þarf aðstöðu fyrir kvennafangelsi og jafnframt að fjölga mismunandi úrræðum t.d. vegna langs biðtíma þeirra sem bíða innköllunar vegna fjársekta.

**Leki eða þarfagreining?**

Nauðsynlegt er að fá fram ítarlega þarfagreiningu á ólíkum úrræðum og hvaða kostir bjóðast til að leysa mismunandi verkefni/vandamál. Einn hluti þess er kostnaðargreining sem eitthvað er að marka. Það er ekki boðlegt að fara fram með innanbúðarskýrslu úr ráðuneytinu – leka henni í fjölmiðla þar sem einn meginkostnaðarliðurinn er aukinn ferðakostnaður. Þau rök hafa verið marghrakin og margoft verið mótmælt af aðilum sem vita betur. Einnig má benda á að sömu rök mætti nota um kostnaðarauka heilbrigðisstofnana, sjúklinga, vanfærra kvenna og aðstandenda þeirra bara með öfugum formerkjum þ.e.a.s. akstur í hina áttina.

> Nauðsynlegt er að fá fram ítarlega þarfagreiningu á ólíkum úrræðum og hvaða kostir bjóðast til að leysa mismunandi verkefni/vandamál.

Áður en menn taka ákvörðun um að hefja framkvæmdir við nýtt öryggis- og gæsluvarðhaldsfangelsi fyrir 56 fanga upp á tvo til 2,5 milljarða króna er skynsamlegra að setjast yfir það með opnum huga hvað þarf til. Í því sambandi er rétt að benda á að stofnkostnaður við nýtt 100 herbergja lúxushótel er einn milljarður.

Það er löngu tímabært að leysa fjölmörg úrlausnarefni á sviði fangelsismála. Krafan hlýtur hins vegar að vera sú að rétt og löglega sé staðið að ákvarðanatöku og vandað til verka.

# Svar: Ananas, eðlur og tímaleysi í Tógó

Samfélagsmál

Balema Alou
hagfræðingur



Ég hef alltaf verið þakklátur Íslendingum sem fara alla leið frá Íslandi til Afríku og sérstaklega til heimalands míns Tógó til að hjálpa munaðarlausum og fátækum börnum. En þegar ég las grein Önnu Svövu Knútsdóttur, „Ananas, eðlur og tímaleysi í Tógó“ varð mér mjög brugðið. Ég fylltist reiði í stað þakklætis. Í þessari grein finnst mér sérstaklega vera vegið að heiðri karlmanna í Tógó og ýmislegt gefa ranga mynd af lífinu þar. Mér finnst ákaflega varasamt að alhæfa um heila þjóð. Sjálfur hef ég verið búsettur í Evrópu til fjölda ára og hef á þessum tíma lært að dæma ekki heilu þjóðirnar. Sérstaklega ekki eftir stutta dvöl í landinu.

**Karlmenn sem gera ekki neitt**

Anna Svava fullyrðir að karlmenn í Tógó geri ekki neitt. Til að koma með slíkar fullyrðingar þarf hún að þekkja Tógó betur.

Tógó, eins og öll önnur lönd Afríku, er karlaveldi. Til þess að geta ráðið yfir konum verða karlmenn að vera slá sem sér um að koma með mat og pening inn á heimilið. Þeir sem ekki eiga konu verða að sýna fram á að þeir hafi burði til þess ef þeir vilja eiga möguleika á því að giftast. Karlmenn í Tógó eru því undir gífurlegu álagi að standa sig til að geta eignast fjölskyldu, konu og börn.

> Að mínu mati þarf Anna Svava greinilega að læra meira um Tógó og menningu þess áður en hún kemur með fullyrðingar eins og þær sem er að finna í grein hennar.

85% karlmanna í Tógó vinna við landbúnað. 80-90% starfsmanna í opinberum geira og einkageira eru karlmenn. Störf tengd landbúnaði eru fyrst og fremst á ábyrgð karlmanna og konur aðstoða þá ef þær geta. Hlutverk kvenna er að sjá um heimilisstörfin, sinna börnunum og stundum að selja vörur til að láta enda ná saman. Þetta þýðir hins vegar ekki að karlmennirnir sitji aðgerðalausir á meðan. Í Tógó eru karlmenn dæmdir eftir því hversu góðir eða duglegir þeir eru að vinna landbúnaðarstörfin. Þeir sem ekki vilja vinna við landbúnað flýja þorpin í von um betra líf í höfuðborginni Lómé, þar sem atvinnuleysi er ákaflega mikið. Í Tógó er þetta oft aðeins fyrsta skrefið á leiðinni til Vesturlanda, þegar fólk neyðist til að horfast í augu við atvinnuleysið.

**Gangandi lottómiði**

Anna Svava segir í grein sinni eftirfarandi: „Nauts, hérna kemur gangandi rík hvít kona. Ég tapa nú ekkert á því að reyna við hana. Kannski vill hún mig og svo giftum við okkur og þá fæ ég vegabréfsáritun og ég get flutt burt. Ég læt reyna á það!“ Svo buðu þeir góðan dag, flautuðu á mig, hrópuðu... eða gerðu hvað sem þeim datt í hug til að ná athygli... gat verið ferlega pirrandi.“

Ég er sammála henni að þessi hegðun karlmanna sé pirrandi. En það er að mínu mati fordóma- og hrokafullt að halda því fram að allir karlmenn í Tógó, sem veita hvítum konum athygli, geri það einungis í þeim tilgangi að giftast þeim og flytja burt, líti á þær sem lottómiða. Að setja alla karlmenn í Tógó sem veita hvítum konum athygli í þessa sömu skúffu og loka henni er einfaldlega fáránlegt. Að sjálfsögðu eru einhverjir karlmenn sem hugsa á þennan hátt, en ég leyfi mér að efast um að þeir séu í meirihluta. Ég veit ekki betur en að karlmenn á Vesturlöndum flauti einnig á eftir fallegum konum. A.m.k. þekki ég margar evrópskar konur, sem hafa verið áreittar á þennan hátt í mörgum löndum í Evrópu. Mun Önnu Svövu líða eins og lottómiða á Ítalíu? Í Tógó tíðkast einfaldlega líka að flauta á eftir fallegum stúlkum, óháð húðlit.

Þegar maður sker sig úr hópnum er oft horft á mann á óþægilegan hátt og manni er veitt athygli. Sem svartur maður búsettur í Evrópu þekki ég þetta ákaflega vel. Ég hef t.d. oft upplifað að einkennilegt umtal um mig þar sem flestir álykta skiljanlega að ég tali ekki íslensku.

Einnig má taka það fram að í Tógó tíðkast að heilsa fólki óháð kyni, kynstofni og því hvort fólk þekkist eða ekki. Ef Anna Svava hefði verið hvítur karlmaður á ferð í Tógó tel ég mig geta fullyrt að þessir karlmenn hefðu einnig reynt að ná athygli hennar með öðrum hætti og viljað tala við hana. Það er ljóst að margir vilja flytjast úr landi, sérstaklega þeir sem fá enga vinnu. Að giftast Evrópubúa er aðeins ein af mörgum leiðum fyrir Afríkubúa til að komast til Evrópu. Á hinn bóginn býr líka á Íslandi fólk frá Afríku, með íslenskum mökum, sem myndi gjarnan vilja flytja aftur heim. Það sem sumum myndi hugsanlega finnast óhugsandi er að það er mögulegt að lifa góðu lífi í Afríku.

**Enginn með klukku**

Greinarhöfundur nefnir að enginn gangi með klukku í Tógó. Það sem hún áttar sig hugsanlega ekki á er að í Tógó eru ýmis fyrirtæki, eins og til dæmis bankar, stofnanir og skólar, þar sem nauðsynlegt er að fólk sé mætt á réttum tíma. Þegar ég var í menntaskóla var fólki til dæmis refsað mjög harkalega og það hreinlega lamið fyrir óstundvísi. Þótt ótrúlegt megi virðast þarf fólk í Tógó einnig að vera mætt til vinnu á ákveðnum tíma, á fundi og fleira sem væri ekki hægt án þess að vera meðvitaður um það hvað tímanum líði. Jafnvel bændur sem eiga enga klukku nota sólina til að reyna að vera stundvísir, þrátt fyrir hugsanlega skekkju.

Að mínu mati þarf Anna Svava greinilega að læra meira um Tógó og menningu þess áður en hún kemur með fullyrðingar eins og þær sem er að finna í grein hennar. Orð hafa mikinn mátt og greinarskrif hennar varpa mjög neikvæðu ljósi á karlmenn í heimalandi mínu.




Stefnumót og upplýsingafundur
um tækifæri til nýsköpunar á menntasviði
Grand Hótel Reykjavík, 19. september kl. 14.00-16.15

Dagskrá:

Ávarp
Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI

Hvers vegna?
Katrín D. Þorsteinsdóttir, forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannauðs SI

Menntun er leikur - tækifæri fyrir fyrirtæki og menntastofnanir til nýsköpunar
Ólafur Andri Ragnarsson, hönnunarstjóri Betware og aðjúnkt HR

Reynslusaga
Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors

Menntaklasi á Íslandi
Ari K. Jónsson, rektor HR

Samspil þarfa atvinnulífs og skóla
Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP

Lausnir - Þarfir
Framlag fyrirtækja og stofnana

Panelumræður
Ari K. Jónsson HR, Davíð Lúðvíksson SI, Hilmar V. Pétursson CCP, Katrín D. Þorsteinsdóttir SI, Sigurður Björnsson Rannís og Vilborg Einarsdóttir Mentor

Framhaldið
Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar SI

Stefnumót
Samtal aðila með þarfir og lausnir

Fundarstjóri: Hellen Gunnarsdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti

ÁR NÝSKÖPUNAR

Skráning og nánari upplýsingar á www.si.is

SI

Samtök iðnaðarins - www.si.is

# Verslun BYKO í Kauptúni lokar!

## Rýmingarsala í Kauptúni Garðabæ




# 30-50% afsláttur*

BYKO

### Dæmi um vöruflokka með afslætti:

| | |
|---|---|
| Hreinlætis- og blöndunartæki | 30% afsláttur |
| Rafmagns- og loftverkfæri | 30% afsláttur |
| Handverkfæri | 40% afsláttur |
| Festingar og járnvörur | 40% afsláttur |
| Ljós og lampar | 50% afsláttur |
| Raflagnaefni | 40% afsláttur |
| Parket og flísar | 30% afsláttur |
| Málningarvörur | 30% afsláttur |
| Búsáhöld | 50% afsláttur |
| Innréttingar | 40% afsláttur |
| Heimilisraftæki | 30% afsláttur |
| Teppi og mottur | 40% afsláttur |
| Leikföng og tómstundavörur | 30% afsláttur |

*Afslátturinn gildir ekki á timbri, pípulagningaefni og vörum í Outlet hluta.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO - www.expo.is

30-50% afsláttur* BYKO Kauptún lokar

BYKO Kauptún lokar 30-50% afsláttur* BYKO Kauptún lokar 30-50% afsláttur* BYKO Kauptún

30-50% afsláttur*

# Sumarbústaðaeigendur – afætur?

Sumarbústaðaeigendur

**Ellen Ingvadóttir**
löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi



Heldur þykir mér óþekkilegt efnisinnihald leiðara 36. tölublaðs Vesturlandsútgáfunnar, Skessuhorns, en fyrirsögn hans er „dulin búseta“. Ritstjóri þessa annars ágæta vikurits, Magnús Magnússon, fjallar um fólk sem kemur í Borgarbyggð um helgar (sumarbústaðaeigendur), annars vegar, og svo námsmenn, væntanlega á Bifröst og Hvanneyri, hins vegar, en hefur þar ekki lögheimili. Niðurstaða ritstjórans er að fólk þetta leggi lítið sem ekkert til samfélagsins í Borgarbyggð (mitt orðalag) en noti óhikað þjónustuna þar – sem sagt þessir einstaklingar séu „…nefnilega hálfgerðar afætur hinna…“ segir í niðurlagi leiðarans. Hér er ritstjórinn að vísa til þess að ýmis fjárframlög í opinbera þjónustu séu ákvörðuð á grundvelli íbúafjölda á hverjum stað, þ.e. fólks með lögheimili í héraði.

**FYRIR** mörgum árum horfði ég á einhvers konar forvarnarauglýsingu varðandi ótímabærar þunganir. Í henni var reynt að koma því til skila til unga fólksins að það að eignast barn væri ekki einfalt mál. Gengið var út frá því að stúlkur væru ábyrgðarfullar en strákar ekki, en myndbrotið sem átti að höfða til stelpnanna sýndi samviskusama stúlku fletta í námsbókum meðan þulurinn sagði fæðingu barns setja strik í framtíðarplönin. Myndbrotið sem átti að höfða til drengjanna sýndi hóp stráka skellihlæjandi að ýta bíl í gang og fagna ógurlega þegar það tókst. Þulurinn sagði fæðingu barns setja strik í félagslífið. Ég man hvað ég varð súr er ég horfði á þetta.

**Í AMERÍSKUM** viðtalsþætti þar sem viðkvæm mál eru gjarnan krufin til mergjar sat mjög ungt par eitt sinn fyrir svörum um samlíf sitt og mögulegar afleiðingar þess. Stúlkan bar þó ein hitann og þungann af umræðunni, því ef strákurinn var spurður hvað hann myndi gera, til dæmis ef barn kæmi undir, sagði hann einfaldlega: „Það sem hún vill gera!“ Svar hans var tekið gott og gilt og hljóðnemanum beint að stúlkunni, sem rjóð í kinnum svaraði spurningum um fóstureyðingar, ættleiðingar, barnauppeldi og fjármál. Það þótti mér súrt.

**ÓTELJANDI** sjónvarpsþættir hafa verið gerðir um fjölskyldulífið sem byggjast á formúlunni um hundsúru húsmóðurina sem skammast í karli og krökkum við að halda heimilinu gangandi. Við þekkjum þetta vel. Hver kannast ekki sjálfur við að hafa treyst á mömmu sína um hrein föt og mat í maga, að hún vissi um alla hluti og tekið rexi hennar um slæma umgengni sem sjálfsögðum hlut. Svo sjálfsögðum að óþarft væri að bregðast við.

**ÉG MÓÐGAÐIST** fyrir hönd allra mæðra þegar ég las um þessa könnun og ákvað að hún skyldi ekki eiga við um mig, sneri mér hundsúr að þvottakörfunni og barði saman plöggin.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

# SÓFA-DAGAR!

## Nú er rétti tíminn til að kaupa sófa!

Tilboðin gilda til 30. september

**Komdu og gerðu góð kaup!**



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

**FLOW** tungusófi. Grátt áklæði. 253x215 H:83/43 cm.
Fæst með vinstri eða hægri tungu.

**179.990**
**FULLT VERÐ: 239.990**



**SETT!**
**2 + 3 SÆTA**
**259.980**
fullt verð ~~379.980~~

**STYLO** 3 sæta sófi. Svart leður. B:200 D:85 H:85 cm. **174.99**0 fullt verð ~~219.990~~.
**STYLO** 2 sæta sófi. Svart leður. B:158 D:85 H:85 cm. **124.99**0 fullt verð ~~159.990~~.



NÚNA 35% AFSLÁTTUR

**249.990**
**FULLT VERÐ: 399.990**

**FLOW** tungusófi. Svart leður. 253x215 H:83/43 cm.
Fæst með hægri tungu.



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**169.990**
**FULLT VERÐ: 219.990**

**UMBRIA** tungusófi. Grátt áklæði. B:245 D:90/163
H78 cm. Fæst með vinstri eða hægri tungu.



**139.990**
**FULLT VERÐ: 179.990**

**COBRA** tungusófi. Svart áklæði. B:250 D:83/145 H:80 cm.
Fæst með vinstri eða hægri tungu.



NÚNA 35% AFSLÁTTUR

**79.990**
**FULLT VERÐ: 129.990**

**COBRA** 3 sæta sófi. Brons áklæði. B:218 D:85 H:85 cm.



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**69.990**
**FULLT VERÐ: 89.990**

**WAVE** svefnsófi. Appelsínugult áklæði. B:196 D:130 H:42 cm.



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**69.990**
**FULLT VERÐ: 99.990**

**KIEL** svefnsófi. Svart áklæði. B:198 D:90/122 H:83 cm.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10-18 • Laugardaga 12-18 • Sunnudaga 13-17

© Inter IKEA Systems B.V. 2011



# Við fögnum 30 ára afmæli IKEA á Íslandi vikuna 15.–21. september



## Helgarferð til IKEA

Þrjú pör dvelja í IKEA helgina 17.-18. september, hvert á sínu IKEA heimilinu. Þar þurfa þau að leysa ýmis verkefni og bjóða gesti velkomna, því þau sem ná að heilla flesta fara heim með 300 þúsund króna inneign í IKEA. Hægt verður að fylgjast með leiknum í versluninni og á Facebook.

**30,-/stk.**
**alla afmælisvikuna**






**390,-**
**alla afmælis-vikuna**

**10 kjötbollur ásamt meðlæti**
Upphaflegt verð frá því Veitingastaðurinn var opnaður í Holtagörðum

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30





# Afmælisveisla

Laugardaginn 17. september frá kl. 13
**30** bjóðum við upp á metra afmælisköku og ískalda mjólk.

# 30%

## afsláttur af völdum vörum alla afmælisvikuna



**1.740,-**
**JANSJÖ borðlampi**
~~2.490,-~~
H60cm. Ýmsir litir



**275,-/stk.**
**NYTTJA rammar** ~~395,-~~
B18×H24cm. Ýmsir litir



**17.450,-**
**MALM rúmgrind** ~~24.950,-~~
B90×L200cm. Svart



**10.450,-**
**BILLY bókaskápur**
~~14.950,-~~
B80×D28, H202cm
Eikarspónn

Skoðaðu fleiri vörur á afmælis-tilboði á www.IKEA.is



# Gyllti sexkanturinn

Laugardaginn 17. september fá þeir sem eru snöggir með sexkantinn að láta ljós sitt skína! „Gyllti sexkanturinn", sem er að sjálf-sögðu keppni í hver er fljótastur að setja saman IKEA húsgagn, verður haldinn í versluninni klukkan 15.
Sótt er um þátttökurétt á Facebook síðu IKEA á Íslandi.

Barnaheill
Save the Children Iceland

Alla afmælisvikuna renna **30** krónur af hverri færslu í verslun og á Veitingastað til Barnaheilla.

IKEA®

www.IKEA.is

# menning

menning@frettabladid.is

**! LISTAMENNIRNIR** Ingirafn Steinarsson og Daníel Björnsson ræða við gesti um verk sín og þátttöku í sýningunni Í bili í kvöld klukkan átta. Listamannaspjallið fer fram í Hafnarborg, þar sem sýningin er til húsa. Hún er afrakstur tilraunakennds samvinnuferlis og hefur það að markmiði að skapa vettvang fyrir gagnrýna umræðu um þekkingarsköpun og hlutverk listasafna.

## Tríó Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum

Tríó Reykjavíkur flytur C-dúr tríó Brahms á hádegistónleikum á Kjarvalsstöðum í hádeginu á morgun. Tónleikarnir eru þeir fyrstu á fjórða samstarfsári Tríósins og Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Ókeypis er á tónleikana en markmið tónlistaraðarinnnar er að „gefa öllum kost á að njóta klassískrar tónlistar eins og hún gerist best“ eins og segir í fréttatilkynningu. Aðsókn hefur verið afbragðsgóð og ljóst að tónlistarröðin hefur eignast marga fasta aðdáendur. Tónleikarnir hefjast klukkan 12.15.

Í FYRSTA SÆTI Á METSÖLULISTA EYMUNDSSON Í SÍÐUSTU VIKU




Verð 3.999

Þetta meistaverk Irène Némirovsky lá í þagnargildi í sex áratugi. Nú lætur það engan ósnortinn.

Náðu þér í eintak í næstu verslun Eymundsson.

Eymundsson.is

Eymundsson Bóksali frá 1872

ENNEMM / SÍA / NM48154



**LEIKARAR OG LEIKSKÁLD** Tuttugu leikarar munu flytja valda kafla úr átján nýjum leikritum eftir jafnmarga höfunda í kvöld og annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Átján verk á tveimur dögum

**Félag leikskálda og handritshöfunda efnir til veislu í Tjarnarbíói þegar 20 leikarar flytja valda kafla úr átján nýjum leikverkum. Í kjölfarið fylgir málþing um stöðu höfundarins í íslensku leikhúsi.**

Í kvöld og annað kvöld munu 20 leikarar flytja valda kafla úr átján nýjum íslenskum leikverkum í Tjarnarbíói. Öll eiga verkin það sameiginlegt að hafa aldrei verið flutt áður. Það er Félag leikskálda og handritshöfunda sem efnir til viðburðarins undir nafninu Gróska. Í kjölfar leiklestranna efnir félagið til málþings í Tjarnarbíói á laugardag frá 14 til 16, um stöðu höfundarins í leikhúsinu.

Hlín Agnarsdóttir verður á meðal frummælenda á málþinginu en hún er jafnframt höfundur verksins Flóttamenn, sem flutt verður að hluta í Tjarnarbíói í kvöld. „Með þessu langar okkur að efna til opinnar umræðu, bæði við áhorfendur og við leikhúsin, um hvernig við sjáum hlutverk íslenskra höfunda fyrir okkur í framtíðinni. Það er okkar skoðun að leikhúsin eigi að hlúa betur að íslenskum höfundum. Það er mikill fjöldi af fólki sem hefur að ástríðu að skrifa leikrit utan leikhúsanna, sem vill gjarnan vera hluti af einhverju lifandi leikhúsi með einhverjum hætti.“



**LEIKSKÁLDIÐ HLÍN** Fluttur verður kafli úr verki Hlínar Agnarsdóttur, Flóttamönnum, í Tjarnarbíói í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sérstakur gestur málþingsins verður fulltrúi frá Dramatikkens Hus í Ósló sem segja mun frá árangri af höfundastarfinu þar. Í höfundaleikhús koma höfundar með hugmyndir og geta fengið faglega aðstoð við að þróa verk sín, með leikstjórum og leikurum. Þar eru verk oft sett upp í umbúðalausum uppfærslum. Spurð hvort stefnt sé að opnun höfundaleikhúss hér á landi svarar Hlín: „Okkur langar að stefna að því að búa til einhvers konar höfundaleikhús. Þetta gæti verið fyrsta skrefið í áttina að einhverju slíku. Það verður að minnsta kosti spennandi að sjá hvernig við munum virkja þennan kraft í framhaldinu.“

Í hópi leikskáldanna og leikaranna er bæði reynt og óreynt fólk – „reynsluboltar og kjaftforir nýgræðingar þeirra á meðal“, eins og Hlín tekur til orða. Yngsti höfundurinn er 23 ára og sá elsti 74. Lesturinn hefst bæði kvöldin klukkan 19.30. holmfridur@frettabladid.is

# Skrifað eftir númerum

Bækur ★★

**Lýtalaus**
Tobba Marinós

**JPV-útgáfa**

Í gamla daga var algengt að litabækur væru með myndum til að lita eftir númerum. 1 þýddi þá kannski gulur, 2 grænn, 3 rauður o.s.frv. Allt skyldi vera í réttum litum og guð forði því að sköpunargáfan fengi að njóta sín.

Sömu reglur virðast gilda við skrif bókarinnar Lýtalaus eftir Tobbu Marinós. Þar er dyggilega fylgt formúlu skvísubókmenntanna. Hver kafli byrjar á upptalningu: Vika 1: 11 vikur án fullnægingar í samstarfi við karlmann! Ástand: fýlu-/fitukrútt á hækjum.

Svona er tónninn sleginn og honum haldið allt í gegn. Bridget Jones-uppskriftin klikkaði ekki á sínum tíma og hví að taka þá áhættu að breyta uppskrift sem hefur reynst vel?

Lýtalaus er kynnt sem sjálfstætt framhald bókarinnar Makalaus, en hafandi ekki lesið þá merku bók kemur þessi lesandi hér af fjöllum. Aðalpersónan Lilja er í upphafi bókar á leið á Heilsustofnunina í Hveragerði eftir bílslys, sem lesandinn á greinilega að vita allt um, því ekki er eytt orðum eða síðuplássi í neinar skýringar á því. Og þannig er það bókina út í gegn. Persónurnar ekkert kynntar og vísanir í atburði fyrri bókarinnar ekki útskýrðar og áhrifin eru þau að lesanda líður eins og hann hafi fengið gallað eintak af bókinni, það hljóti að vanta nokkra fyrstu kaflana. Sjálfsagt gott sölutrix, því til þess að ná sambandi við þessa bók er algjörlega nauðsynlegt að hafa lesið þá fyrri.

Söguefnið er líka látið fylgja skvísubókaformúlunni frá A-Ö: sætir strákar, kynlíf, djamm og vinkonuslúður fylla 90% af síðunum og þegar alvara lífsins bankar upp á er um stund svissað yfir í ameríska sápusálfræði og heilu setningarnar sóttar beint í smiðju Opruh og Dr. Phils. Enn og aftur ekki teknir sénsar; fólk vill lesa eitthvað sem það kannast við, ekki satt?




Málfarið er svo kapítuli út af fyrir sig; hrátt talmál með enskuslettum og eflaust margur íslenskufræðingurinn klórandi sér í kollinum yfir því hvort þetta tungumál sé virkilega íslenska: „Ég logga mig inn á facebook og sé tvær nýjar vinabeiðnir. Looking good! ... Þeir eru alveg meðetta. Jii, ég ætla að leggja mig.“ (bls. 74)

Persónurnar eru eftir uppskriftinni úr Sex & The City, gallinn einungis sá að þær eru týpur fremur en persónur og því ansi erfitt að tengjast þeim á sama hátt og SATC-skvísunum. Bókinni lýkur svo á sama hátt og hún byrjaði; í miðju kafi og nokkuð ljóst að bókaflokkurinn um Lilju hefur hvergi nærri runnið sitt skeið.

Skvísubókmenntir eru löngu búnar að festa sig í sessi á alþjóðlegum markaði, en íslenskir rithöfundar virðast ekki hafa kveikt á þeirri gullnámu sem þær bjóða upp á. Tobba er því brautryðjandi á því sviði og virðist enda eiga þakklátan og móttækilegan lesendahóp sem lengi sat óbættur hjá garði í íslenskri bókaútgáfu, en skemmtilegra hefði nú verið að hugsa formúluna aðeins upp á nýtt og hunsa litanúmerin, að minnsta kosti á köflum. **Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Skvísubókaformúlubók frá A-Ö. Gamalkunnugt og margtuggið djammlíf ungra kvenna. Vottar hvergi fyrir frumlegri hugsun.

BÓKA LAGERSALA




# Konukvöld Forlagsins

15. september kl. 17–21

Við bjóðum konur hjartanlega velkomnar á RISAlagersölu **Forlagsins á Fiskislóð 39** fimmtudagskvöldið 15. september

Yfir **2000** titlar á frábæru tilboðsverði, allt að **90%** afsláttur

*Sértilboð á völdum titlum*

*Smakk og kynning á BOLLAKÖKUM RIKKU*

*Fyrstu 50 gestirnir fá gjafapoka*

**Allir sem kaupa bók fá kaupauka!**
**NÝTT KORTATÍMABIL**

*Sjáumst*




Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Forlagið · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19 og fimmtudaga kl. 10–21**

*Ath. karlmenn eru einnig velkomnir – sem viðhengi eða upp á punt!*


WILCO


HERMIGERVILL

## > Í SPILARANUM

Wilco - The Whole Love
Hellvar - Stop That Noise
Staind - Staind
Wooden Shjips - West
Hermigervill - Leikur fleiri íslensk lög

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Prins póló í pílagrímsferð

Prins Póló er á leiðinni í tónleikaferð til Póllands í næstu viku, heimalands súkkulaðikexins vinsæla sem hljómsveitin er nefnd eftir.

„Ég hafði samband við Ásbjörn Ólafsson sem flytur inn Prins Póló. Mig langar svo að heimsækja verksmiðjuna og komast að því hvar hún er. Ég er ekki enn þá búinn að fá svar við þeim pósti,“ segir Svavar Pétur Eysteinsson, forsprakki Prins Póló. „Mig langar að taka eins og eina mynd í verksmiðjunni. Hún gæti kannski sómt sér vel í ramma og svo myndi ég kannski gefa forstjóranum krónu,“ segir hann.


**Á LEIÐ TIL PÓLLANDS** Svavar Pétur og félagar í Prins Póló eru á leiðinni í tónleikaferð til Póllands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hljómsveitin spilar á einum tónleikum í Berlín áður en förinni er heitið til Póllands þar sem sex tónleikar eru á dagskránni. „Umboðsmaðurinn minn spurði: „Ef þú ættir að fara að meika það. Hvar myndirðu meika það?“ Ég sagði bara: „Póllandi“,“ segir Svavar Pétur, spurður út í tilurð útrásarinnar.

Spurður hvort pólskir Prins Póló-aðdáendur muni ekki hópast á tónleikana segir hann: „Ég held að það hljóti að vekja einhverja forvitni að skoða þetta íslenska Prins Póló. Við í Prins Póló erum mjög forvitin um pólska menningu. Við erum rosalega spennt að koma út og kynnast þessu landi.“ - fb



## > PLATA VIKUNNAR

Sóley - We Sink
★★★★
„Melódísk og grípandi lög og einfaldar en hugmyndaríkar útsetningar einkenna þessa frábæru fyrstu plötu Sóleyjar í fullri lengd.“ -tj



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Ofursvalur Kanadamaður*

Leiðin inn í sviðsljósið getur verið ævintýralega hröð þessa dagana. The Weeknd (já, síðasta e-inu er sleppt úr orðinu – það gerir það auðveldara að finna nafnið í leitarvélum) er listamannsnafn Abels Tesfaye sem er 21 árs gamall Kanadamaður frá Torontó. Fyrstu lögin sem hann sendi frá sér „láku“ inn á netið seint á síðasta ári. Í mars síðastliðnum sendi hann frá sér níu laga plötu, The House of Balloons, sem hann setti á vefsíðuna sína www.the-weeknd.com. Henni má hala þar niður án gjalds. Platan fékk fína dóma, meðal annars hjá Pitchfork (8,5/10) og Rolling Stone (4/5), og þó að það sé hvergi hægt að kaupa hana þá var hún samt tilnefnd til Polaris-verðlaunanna sem eru eins konar kanadísk Mercury-verðlaun. Þar er hún í hópi með níu öðrum plötum, meðal annars The Suburbs með Arcade Fire og Creep On Creepin On með Timber Timbre. Úrslitin verða tilkynnt 19. september.


**SVALUR** Hinn 21 árs gamli Abel Tesfaye sem kallar sig Weeknd er á allra vörum þessa dagana.

Tónlist The Weeknd er frískleg og ofursvöl samsuða af elektró og r&b. The Weeknd er líka með tengingarnar á tæru. Titillagið House of Balloons notar viðlagið úr laginu Happy House með enska post-pönkbandinu Siouxsie & the Banshees.

En The Weeknd var ekkert að slaka á þrátt fyrir góðar móttökur. The House of Balloons er fyrsti hluti þríleiks. Annar hlutinn, Thursday, kom út 18. ágúst og er eins og fyrri platan eingöngu í boði ókeypis á netinu og hefur fengið frábæra dóma. Þriðji hlutinn, Echoes of Silence, er svo væntanlegur í haust, 23. september, ef óstaðfestar upplýsingar á netinu eru réttar. Abel Tesfaye er hálfgerður huldumaður. Hann hefur örsjaldan komið fram og lengi vel fundust engar myndir af honum. Hann ætlaði að koma fram á hátíð Vice-blaðsins í New York 9. september, en afboðaði á síðustu stundu. Samt eru plöturnar hans eftirsóttar. Fyrsta daginn sem Thursday var sett á netið, sóttu 180 þúsund manns hana áður en vefsíðan hans hrundi …


**KOMNIR AFTUR** Handboltarokkararnir í Bush eru búnir að senda frá sér nýja plötu, þá fyrstu í tíu ár. Gavin Rossdale, til hægri, þykir vera á uppleið eftir misheppnaða sólóplötu fyrir þremur árum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Grugguppvakningar vilja endurlífga handboltarokkið

**Bush er ekki vinsælasta hljómsveit heims. Hún er ekki heldur sú besta né sú virkasta. Það hafa samt allir heyrt lög með Bush og sama hvað þér finnst um harpix-klístrað handboltarokkið þá er komin ný plata frá Bretunum sem allir halda að séu Kanar.**

Hljómsveitin Bush sendi í vikunni frá sér fimmtu breiðskífuna. Sveitin er ekki sú virkasta í heimi því sautján ár eru liðin frá fyrstu plötunni, Sixteen Stone, sem naut talsverðra vinsælda og hefur selst í milljónum eintaka um allan heim. Þá eru tíu ár liðin frá útgáfu síðustu plötu Bush, Golden State, sem var reyndar ekkert sérstaklega vinsæl.

Ólíkt því sem margir telja, þá er Bush bresk hljómsveit, stofnuð í London árið 1992. Hljómurinn er hins vegar jafn bandarískur og gallabuxur og djúpsteikir kleinuhringir. Hljómsveitin hefur alltaf flokkast sem einhvers konar uppvakningur gruggtímabilsins, líkt og Stone Temple Pilots og síðar Creed. Á Íslandi flokkast þessar hljómsveitir undir handboltarokk og á nýrri plötu Bush virðist hljómsveitin vilja endurvekja þá tónlistarstefnu.

Plötunni hefur verið sæmilega tekið af gagnrýnendum. Flestir tala um að platan sé ekki léleg, þó hún sé ekkert sérstaklega góð. Þá virðast allir sammála um að platan bæti litlu sem engu við feril Bush og sé sísta plata hljómsveitarinnar. Söngvaranum Gavin Rossdale, sem er þekktastur í dag fyrir að vera eiginmaður söngkonunnar Gwen Stefani, er þó hrósað. Talað er um að platan sé afar hressandi miðað við misheppnuðu sólóplötuna WANDERlust frá árinu 2008.

Bush er þekktust fyrir lög á borð við Machinehead, Swallowed, The Chemicals Between Us og síðar Inflatable. Slíkir smellir virðast langt undan á nýju plötunni, þó að lög á borð við Afterlife, The Sound of Winter, All My Life og The Mirror of the Signs henti eflaust sem upphitunarlög fyrir leik FH og Hauka í N1-deildinni í handbolta.

atlifannar@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 8. - 14. september 2011

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Of Monsters and Men | *Little Talks* |
| ▲ 2 | Mugison | *Stingum af* |
| ▲ 3 | Jón Jónsson | *Wanna Get It* |
| ▶ 4 | Adele | *Set Fire to The Rain* |
| ▲ 5 | Pétur Ben & Eberg | *Over and Over* |
| ▼ 6 | Coldplay | *Every Teardrop is a Waterfall* |
| ▶ 7 | Adam Levine/Christina Aguilera | *Moves like Jagger* |
| ▲ 8 | Foster the People | *Pumped Up Kicks* |
| ▼ 9 | Páll Óskar | *La Dolce Vita* |
| ▼ 10 | Red Hot Chili Peppers | *Adventures of Rain Dance* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 8. - 14. september 2011

| Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|
| ▶ 1 | HAM | *Svik, harmur og dauði* |
| ▶ 2 | Helgi Björns & reiðmenn vindanna | *Ég vil fara uppí sveit* |
| ▲ 3 | Jón Jónsson | *Wait For Fate* |
| ▲ 4 | Valdimar | *Undraland* |
| ▼ 5 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▲ 6 | Ýmsir | *Stuð stuð stuð* |
| ▼ 7 | Bubbi | *Ég trúi á þig* |
| ▲ 8 | Adele | *21* |
| ▼ 9 | Steindinn okkar | *Án djóks … samt djók* |
| ▲ 10 | Helgi Björns & reiðmenn vindanna | *Ríðum sem fjandinn* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Visir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Burt úr bænum

## Hristu hópinn saman!

Burt úr bænum er fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum. Komdu liðinu skemmtilega á óvart.

Taktu flugið burt úr bænum. Tilvalið fyrir starfsmannaferðir, árshátíðir, óvissuferðir eða menningarferð með fjölskyldunni.

Frábær ferðatilboð til allra áfangastaða okkar innanlands og nú bjóðum við einnig ferðir til Færeyja.

**REYKJAVÍK**
**EGILSSTAÐIR**
**ÍSAFJÖRÐUR**
**AKUREYRI**
**ÞÓRSHÖFN Í FÆREYJUM**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á FLUGFELAG.IS EÐA Í SÍMA 570 3075.**




## SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Skemmtum okkur innanlands er fyrir þá sem vilja taka flugið og gista á frábærum hótelum á áfangastöðum Flugfélags Íslands. Upplifðu stemninguna út á landi eða í Reykjavík og skemmtu þér innanlands.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL

**595** KR. 690G
**COCOA PUFFS**
690 GRAMMA PAKKI

## GOTT Í HÁDEGINU
JÚMBÓSAMLOKA + 330ML FERSKUR ÁVAXTASAFI FLORIDANA EÐA TRÓPÍ
**359 KRÓNUR**

**495** KR. 518G
**CHEERIOS**
518 GRAMMA PAKKI

**659** KR. 1.9 KG
Neutral þvottaefni 1,9 kg

**1/2 LAMBASKROKKUR FROSINN**
**895** KR.KG

TILBOÐ
**GOUDAOSTUR 26%**
300 KR. LÆGRA VERÐ
**998 KR.KG.**
VERÐ ÁÐUR: 1298 KR.KG

**159** KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
**GULLAUGA OG RAUÐAR**

**459** KR.PK
400 GRÖMM GRÍMS-
**PLOKKFISKUR**

**598** KR.KG
STEIKTAR **FISKBOLLUR**

**198** KR. 1 LTR
**TRÓPÍ 1 LTR.**

**359** KR. 950G.
FRÁ ARGENTÍNU
NÝ FERSK LÍFRÆN EPLI

**198** KR. 1/2 KG
BÓNUS **RÚGBRAUÐS-KUBBUR** 500 GRÖMM

**29** KR. 85G
EUROSHOPPER **NÚÐLUR**

## Góður tilbúinn matur fyrir 3-4
**998 KR. BAKKINN**
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS PASTA CARBONARA

**359** KR. 1/2 KG.
**AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR**

KYCKLINGFILÉ
EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
**1498 KR** 900g

OPNUM **KL.11:00**
**BÓNUS BÝÐUR BETUR**
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
OPNUM **KL.11:00**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
# NÝTT KORTATÍMABIL

**BÓNUS-ÍS 2 LTR.**
**359 KR.**




SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
**FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR**



**579** KR. KG
**498** KR. KG

FROSIN LIFRARPYLSA **579 KR.KG.** FROSINN BLÓÐMÖR **498 KR.KG.**




**EMMESS ÍS**
**PÁFAGAUKURINN**
**FROSTSTANGIR 10 STK**
**298** KR. 10 STK.




**198** KR. 2 STK.

MYLLU **DANSKT** RÚGBRAUÐ
SJÖ SNEIÐAR **TVÖ FYRIR EITT**




**198** KR. 237 G
**BÓNUS BRAUÐSKINKA**




**198** KR. 1/2 KG.
**BÓNUS KJARNABRAUÐ**
**500 GRÖMM**



**198** KR. 4 STK.
**BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR**
**ÞRJÁR GERÐIR - 4 STK Í POKA**




**198** KR. 150 G
**DALA FETAOSTUR**




**EUROSHOPPER** MÚSLIBAR
**198 KR** 6 STK



**BÓNUS FOLALDAKJÖT**
REYKT OG SALTAÐ **598 KR.KG.**




**EUROSHOPPER** RÚSÍNUR
**239 KR** 500G




TILBOÐSASKJAN 400 GRÖMM
KOMIN Í BÓNUS
**létt&laggott**
**198 KR.**




**EUROSHOPPER**
HAFRAMJÖL 500 GR
**98 KR**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

OPNUM **KL.11:00**



596 **BRÚSAR AF HÁRSPREYI** eru notaðir af hárgreiðslufólki á tískuvikunni í New York til að halda hári fyrirsætanna í föstum skorðum.

# Litríkt og sportlegt í New York

**Tískuvikan í New York fer fram þessa dagana og beinast augu tískuunnenda að borginni þar sem straumar og stefnur vors og sumars 2012 eru kynntar.**

Sportlegra áhrifa gætti víða á tískuvikunni í New York og kom til dæmis tískudrottningin og kryddpían fyrrverandi, Victoria Beckham, á óvart með sportlega línu í einföldum stíl. Marc Jacobs tók í sama streng og sýndi sportlega jakka og strigaskó með hæl, eitthvað sem á eftir að sjást mikið næsta sumar.

Sumarlína Alexanders Wang var í íþróttalegum stíl að vanda þar sem hann kynnti netaefnið til leiks á ný og þótti óvenju litaglaður í þetta sinn.

Litadýrðin verður enn ríkjandi næsta sumar sem og gullitað, silfur og brons í buxum, kjólum og peysum. Flestir hönnuðir voru líka sammála um að víðar buxnaskálmar og hnésíð pils og buxur verði tískubylgja sumarsins 2012. alfrun@frettabladid.is



ALEXANDER WANG
DIESEL BLACK GOLD








## FREMSTA RÖÐIN

New York iðar af tískuspekingum og frægum einstaklingum sem gjarnan fá boðskort á hinar ýmsu sýningar til að draga athygli að viðkomandi fatahönnuði. Mikið kappsmál er að fá að sitja á fremsta bekk með besta útsýnið, en þau sæti fá aðeins þeir merkilegustu í bransanum.

Fólkið í fremstu sætaröðinni á sýningunum er oft myndað af blaðaljósmyndurum og fær stundum meiri athygli en fyrirsæturnar.

**Beyoncé Knowles** var í áhugaverðum fatnaði á sýningu Veru Wang. **Elle** og **Dakota Fanning** klæddust hvítu á fremsta bekk og Franca Sozzani, ritstjóri hins ítalska Vogue, fylgdist grannt með þeim. Anna Wintour ritstjóri bandaríska Vogue sat með Rooney Mara og Taylor Swift á sýningu Rodarte.



## ÁBERANDI FYLGIHLUTIR Í NEW YORK

Í New York boðuðu tískuhönnuðir endurkomu gegnsæja gjaldkeradersins sem féll vel í kramið hjá tískuspekingum. Derið var til dæmis áberandi á höfði fyrirsætanna sem gengu tískupallinn fyrir Marc Jacobs og er punkturinn yfir i-ið í sportlegum áhrifum í sumartískunni 2012.

Hægt og bítandi hefur oddmjóa táin verið að ryðja sér aftur til rúms og næsta sumar verða támjóir pinnahælar áberandi fótabúnaður. Þessir skór eru frá Victoriu Beckham og skellti hún flottum leðurhlífum yfir.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 15. september**

### → Tónleikar



**19.00** **Októberfest Stúdentaráðs Háskóla Íslands** hefst með rokktónleikum. Of monsters & men, Agent Fresco, Vicky, Lockerbie, Pétur Ben og Eberg, Ourlives og Vigri spila. Hátíðin fer fram í tjaldi fyrir utan Háskóla Íslands og kostar hátíðararmband kr. 4.500.

**19.30** **Sinfóníuhljómsveit Íslands** leikur með píanóleikaranum Viktoriu Postnikova undir stjórn Gennadíj Rosdestvenskíj í **Eldborg** í **Hörpu.** Miðaverð er frá kr. 2.000 til kr. 6.500.

**20.00** **Jana María og Ívar Helgason** flytja íslensk dægurlög á tónleikum í Hofi á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** **Hljómsveitin Vax** heldur tónleika á Hótel Öldunni á Seyðisfirði. Miðaverð er kr. 1.200.

**21.00** **Guðjón Rúdólf** með tónleika ásamt hljómsveit á **Kaffi Rósenberg.**

### → Leiklist

**19.30** **Gróska,** höfundahátíð Félags leikrita og handritshöfunda hefst með upplestri úr nýjum íslenskum leikverkum í **Tjarnarbíói.** Miðaverð er kr. 1.000.

### → Hátíðir

**20.00** Menningarhátíð **Siðmenntar** verður haldin í Salnum í Kópavogi. Fjöldi listamanna kemur fram. Miðaverð er kr. 1.500.

### → Sýningarspjall

**20.00** Listamennirnir **Ingirafn Steinarsson** og **Daníel Björnsson** ræða um verk sín og þátttöku í sýningunni Í bili í Hafnarborg. Aðgangur er ókeypis.

### → Kvikmyndir

**18.00** **Konfúsíusarstofnunin Norðurljós** sýnir kvikmyndina Meistari Ip frá árinu 2008 í Odda 101 í Háskóla Íslands. Aðgangur er ókeypis.

### → Tónlist

**22.00** Plötusnúðurinn **Einar Sonic** þeytir skífum á Bakkusi.

**22.00** Plötusnúðurinn **Dj Ódæði** þeytir skífum á Barböru.

**22.00** Trúbadorarnir **Böddi** og **Davíð** halda uppi stuðinu í Hressingarskálanum.

**22.00** Plötusnúðurinn **Dj Danni Deluxe** þeytir skífum á Faktorý.



**22.00** Plötusnúðurinn **Dj Randomystic** þeytir skífum á Hvítu Perlunni.

**22.00** Plötusnúðarnir **HúsDJús og Alfons X** þeyta skífum á Kaffibarnum.

**22.00** Plötusnúðurinn **Dj Benni B Ruff** þeytir skífum á Prikinu.



**22.00** Plötusnúðurinn **Dj Danni** þeytir skífum á Vegamótum.

**22.00** **Ingó** úr **Veðurguðunum** heldur uppi stuðinu sem trúbador á Café Oliver.

### → Samkoma

**10.00** **Korpúlfarnir,** samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir keilu í **Keiluhöllinni í Öskjuhlíð** kl. 10 og listasmiðju á **Korpúlfsstöðum** kl. 13.30.

**10.30** Fjölskyldumorgunn í aðalsafni **Borgarbókasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15.** Fjölskyldum með börn á aldrinum 0-6 ára er boðið að eiga saman góða stund. Þátttaka er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SHISEIDO VÖRUM

Glæsilegir kaupaukar í boði

Finndu þína fullkomnu tvennu

Við bjóðum þig velkomna í **Lyf & heilsu Kringlunni fimmtudag til sunnudags.** Sérfræðingur frá Shiseido aðstoðar þig við að finna þína fullkomnu tvennu rakakrems og farða.

Kaupaukar frá Shiseido ~ Snyrtitaska sem inniheldur gjafaprufur að eigin vali fylgir með ef keyptar eru shiseido vörur úr kremlínu eða farði ~ Þrír POP-UP maskar fylgja öllum keyptum rakavötnum

Lyf & heilsa *Kringlunni*

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir

# MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK



**VETRARNÁMSKEIÐ** hefjast 19.september
www.myndlistaskolinn.is



ALMENN NÁMSKEIÐ

teikning

17:30-21:30 mán. Teikning 1 fullbók. Sólveig Aðalsteinsdóttir
17:30-21:30 mið. Teikning 1 Eygló Harðardóttir
17:30-21:30 þri. Teikning 2 Sólveig Aðalsteinsdóttir
09.00-11.45 fim. Teikning 1 morguntímar Katrín Briem
17:45-21:30 mán. Módelteikning Margrét H.Blöndal
09.00-11.45 mán. Módelteikning morguntímar Katrín Briem
17:45-20:30 mið. Módelteikning framhald Katrín Briem

málun - vatnslitun- endurmenntun ofl.

17.30-20.15 mán. Málun 1 Birgir Snæbjörn og Sigurður Árni
17.30-20.15 fim. Málun 2 Sigtryggur B. Baldvinsson
17.30-20:15 mið. Málun 3 Einar Garibaldi Eiríksson
17.30-20.15 þri. Málun 4 Einar Garibaldi Eiríksson
13.15-16.00 fös. Frjáls málun Sigtryggur B.Baldvinsson
17:30-21:40 mán. Litaskynjun Eygló Harðardóttir
09.00-11.45 þri. Málun 1 morguntímar Birgir Snæbjörn og Sigurður Árni
08.45-11.30 fös. Málun 2 morguntímar Sigtryggur B. Baldvinsson
09.00-11.45 mið. Málun 3 morguntímar Einar Garibaldi Eiríksson
10.00-12.45 lau. Málun 4 Módel- og Portrettmálun
Birgir Snæbjörn Birgisson og Karl Jóhann Jónsson
17.30-20.15 þri. Vatnslitun framhald Hlíf Ásgrímsdóttir
09.00-11.45 mið. Vatnslitun -Teikning morgunt. Hlíf Ásgrímsdóttir
13.30-17.00 þri. Tilraunastofa í myndlist fyrir hreyfihamlaða.
Margrét H. Blöndal og Eygló Harðardóttir
13.00-16.30 þri. Vinnustofa Hvassaleiti Kristinn G. Harðarson
13.00-16.30 fös. Vinnustofa Hvassaleiti Kristinn G. Harðarson
10.00-16.00 lau. Endurmenntun fyrir Leikskólakennara
Elsa Dóróthea Gísladóttir og Hildigunnur Birgisdóttir

form - rými

17:30-20:40 fim. Form, rými og hönnun
Hildur Bjarnad., Sólveig Aðalsteinsd. og Guja Dögg Hauksd.

keramik

17.30-20.15 mán. Leirkerarennsla Guðbjörg Káradóttir
17.30-20.25 þri. Leirmótun og rennsla Guðný Magnúsdóttir
18:00-22:00 mið. Grundvallaratriði í keramiki - KEV173
Guðný Magnúsdóttir og Guðbjörg Káradóttir

ljósmyndun

lau og þri Ljósmyndun svart/hvít Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgisson
lau og þri Ljósmyndun svart/hvít II Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgisson
mán og lau Ljósmyndun stafræn Vigfús Birgisson
mán og lau Ljósmyndun stafræn II Vigfús Birgisson

indesign - photoshop

5 daga InDesign-Photoshop Magnús Valur Pálsson

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ

4 - 5 ára

15.15-17.00 þri. 4 - 5 ára Myndlist Guðrún Vera Hjartardóttir fullbók.
10:15-12:00 lau. 4 - 5 ára Myndlist Sigríður Helga Hauksdóttir
12:30-14:15 lau. 4 - 5 ára Myndlist Sigríður Helga Hauksdóttir

6 - 12 ára

15.15-17.00 má. 6 - 9 ára Myndlist Brynhildur Þorgeirsdóttir
15:15-17.00 má. 6 - 9 ára Myndlist Ína Salóme Hallgrímsdóttir fullbók.
15.15-17.00 þri. 6 - 9 ára Myndlist Ína Salóme Hallgrímsdóttir
15.15-17.00 mi. 6 - 9 ára Myndlist Guðrún Vera Hjartardóttir
15:15-17:00 mið. 6 - 9 ára Myndlist Guðrún Vera Hjartardóttir fullbók.
15:15-17:00 fim. 6 - 9 ára Myndlist Ragnheiður Gestsdóttir
10:15-12:00 lau. 6 - 9 ára Myndlist Ragnheiður Gestsdóttir og
Karlotta Blöndal
15.00-17.15 fim. 8 - 11 ára Leirrennsla og mótun / Guðbjörg Káradóttir
15.00-17.15 mið.10 - 12 ára Myndlist-Handverk-Hönnun / NN
15:00-17:15 fim. 10 - 12 ára Teikning-Málun-Grafík / Þorbjörg Þorvaldsd.
15.00-17.15 fös. 10 - 12 ára Myndasögur / Jean Posocco
10.00-12.15 lau. 10 - 12 Leir og Skúlptúr / Guðbjörg Kárad.og Anna Hallin

ungt fólk

18.00-20.55 fim. 13 - 16 ára Teikning-Málun-Grafík / Þorbjörg Þorvaldsd.
16.00-18.55 fös. 13 - 16 ára Leirmótun / Guðný Magnúsd. Anna Hallin fullb.
10:00-12.55 lau. 13 - 16 ára Myndasögur / Jean Posocco

Grafarvogur / Bakkastaðir 4 - 16 ára

14:30-16:15 má. 4 - 5 ára Myndlist - Bakkastöðum /Guðrún Vera Hjartard.
15:00-17:15 mið.10 - 12 ára Myndlist - Bakkastöðum /Brynhildur Þorgeirsd.

**INNRITUN** stendur yfir

www.myndlistaskolinn.is

sími 551-1990 á skrifstofutíma mán-fim kl.13-17 og fös kl.13-16






**NÝR ERFINGI** Pétur Jóhann tók á móti nýjum erfingja í byrjun mánaðarins. Leikarinn segir fæðinguna hafa verið einstaka stund og hann njóti þess nú að eiga kærkomna stund með fjölskyldunni enda hafi ekki gefist mikill tími til þess í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kærkomið að fá að vera heima með nýfæddum syni

**Pétur Jóhann Sigfússon hefur verið fastagestur í sjónvarpi landsmanna síðastliðin fjögur ár eða frá því að Næturvaktin tröllreið öllu. Í október fá áhorfendur að kynnast nýrri persónu frá þessum vinsælasta gamanleikara landsins í sjónvarpsþáttaröðinni Heimsendi. Freyr Gígja Gunnarsson ákvað hins vegar að ræða nýjan erfingja og vonlausa veiðimennsku við Pétur.**

„Jú, það er rétt, hann kom í heiminn 1. september. Það gekk allt eins og í sögu og ég var viðstaddur fæðinguna sem var náttúrlega einstök stund. Núna getur maður bara verið heima hjá honum og gírað sig aðeins niður eftir törnina," segir Pétur Jóhann Sigfússon. Þetta er fyrsta barn hans og unnustu hans, Sigrúnar Halldórsdóttur, en þau eiga bæði fyrir dætur frá fyrri samböndum. Pétur segir feðraorlofið koma á besta tíma. „Það gafst kannski ekki mikill tími til að vera með fjölskyldunni í sumar þannig að þetta er kærkomið. Og svo hefur veðrið verið alveg frábært."

Það ríkir yfirleitt mikil eftirvænting á heimilum landsins þegar ný persóna frá Pétri birtist í nýrri þáttaröð en leikarinn vendir kvæði sín í kross í Heimsendi. Síðustu þrjár sjónvarpspersónur – Ólafur Ragnar úr Vaktar-seríunum, Davíð í Stóra planinu og Sigurður Guðmundsson, eigandi Hlemmavideós – hafa verið svolítið seinheppnar í sínu lífi en iðjuþjálfinn Lúðvík er bæði glaðlyndur og jákvæður. „Það eru ekki til vandamál heldur bara lausnir hjá honum. Og þannig eru iðjuþjálfarar, þeir sjá allt í lausnum." Pétur eyddi drjúgum tíma í að kynna sér hvað það er sem iðjuþjálfarar gera, fór og ræddi við þá um þeirra daglega starf og nálgun. „Og svo fékk ég að heimsækja Hlutverkasetrið og eyða þar broti úr degi og ræða við fólk sem á við geðræn vandamál að stríða."

Það hefur oft loðað við leikara að þeir séu hálf-manískir í nálgun sinni á persónum, sökkvi tönnunum djúpt í persónuna en Pétur segir slíka lýsingu ekki eiga við sig. „Ég tek það sem ég er að gera mjög alvarlega en ég fór líka alveg í fellihýsaferðir og sumarbústað í sumar. Ég þurfti bara að passa mig á því að verða ekki brúnn, það var eina skipunin sem ég fékk enda gerist Heimsendir yfir eina helgi. Ég hefði kannski gert hlutina öðruvísi ef hlutverkið hefði verið öðruvísi, en þar sem ég leik dagfarsprúðan mann sem tekur lífið ekkert of alvarlega þá þurfti ég ekki að kafa neitt voðalega djúpt. Enda tel ég mig vera frekar dagfarsprúðan að eðlisfari."

Pétri gafst ekki mikill tími til að sinna áhugamáli sínu, veiðimennskunni, í sumar en náði þó að fara í eina ferð með Jörundi Ragnarssyni þegar tökum á Heimsendi lauk. „Við veiddum ekkert. Og það er orðið svolítið einkennandi fyrir mínar veiðiferðir, ég fæ yfirleitt ekki mikið. Þetta „veiða/sleppa"-hugtak snýst eiginlega alveg við hjá mér, ég sleppi því bara að veiða fiskinn," segir Pétur og hlær. Hann kveðst ekki vera stressaður fyrir frumsýningar á myndum sínum eða sjónvarpsþáttum heldur sé hann bara miklu meira spenntur fyrir að heyra hvað fólki finnst. „Ég hef alltaf litið svo á að ég hafi gert mitt besta og meira geti ég ekki gert. Ég verð hins vegar alltaf stressaður þegar ég stíg á svið, ég losna aldrei við þann skrekk." freyrgigja@frettabladid.is

## EFTIRMINNILEGAR PERSÓNUR PÉTURS



**DAVÍÐ (STÓRA PLANIÐ)** Pétur Jóhann leikur misheppnaðan handrukkara sem hafður er að háði og spotti í glæpagengi sínu. Hann ákveður að reyna að snúa lífi sínu við með aðstoð dularfulls nágranna síns en sá er ekki allur þar sem hann er séður.



**SIGGI HLEMM (HLEMMAVÍDEÓ)** Sigurður Guðmundsson, eða Siggi Hlemm, birtist áhorfendum í sjónvarpsþáttaröðinni Hlemmavídeó. Þrátt fyrir að vera ekki alveg sami þverhausinn og Ólafur Ragnar þá steig hann ekki beinlínis í vitið.



**ÓLAFUR RAGNAR (VAKTAR-SERÍUR)** Þrátt fyrir að vera treggáfaður fangaði persónan hug og hjörtu þjóðarinnar og frasar hans lifa góðu lífi í dag.



**LÚÐVÍK (HEIMSENDIR)** Nýjasta persóna Péturs er iðjuþjálfinn Lúðvík sem hefur einstaka sýn á lífið og hefur trú á sínum sjúklingum þrátt fyrir að allir aðrir hafi fyrir löngu gefist upp á þeim.

# Hártækjadagar

**byggtogbúið**

## ÖLL HÁRSNYRTITÆKI Á 20-50% AFSLÆTTI

**Öll Babyliss og Remington hársnyrtitæki á góðum afslætti, en aðeins í nokkra daga:**

Sléttujárn, bylgjujárn, vöfflujárn, hárklippur, krullujárn, nefhárasnyrtar, blásarar, hitaburstar, rakvélar, keilujárn, hitarúllur, hársnyrtar og margt fleira.



**NÝTT KORTATÍMABIL SÍÐUSTU FORVÖÐ**

**byggtogbúið**

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

# Ryan Gosling í hörkustuði

Hasar- og spennumyndin Drive eftir danska leikstjórann Nicolas Winding Refn verður frumsýnd í Sambíóunum um helgina. Refn fékk gullpálmann í Cannes fyrir bestu leikstjórn en myndin hefur fengið mjög góða dóma og vilja margir meina að þetta sé hreinlega besta bíómynd ársins.

Myndin fær 8,8 á imdb.com og 94 prósent gagnrýnenda hafa gefið henni jákvæða dóma samkvæmt vefsíðunni rottentomatoes. Ryan Gosling leikur Driver, ökuþór sem sinnir áhættuakstri í Hollywood-myndum á daginn en sér um flótta fyrir skipulagða glæpastarfsemi á kvöldin. Hann fellur fyrir hinni ólánsömu Irene sem leikin er af Carey Mulligan en samband þeirra tekur óvænta stefnu þegar innbrot eiginmanns hennar fer úr skorðum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Af öðrum myndum sem verða frumsýndar um helgina má nefna I Don't Know How She Does This með Sarah Jessica Parker í aðalhlutverki. Hún segir frá tveggja barna móður og eiginkonu sem er fyrirvinna heimilisins. Með önnur hlutverk í myndinni fara þeir Greg Kinnear og Pierce Brosnan. Og loks er það Warrior, mynd sem hefur fengið lofsamlega dóma. Hún skartar Tom Hardy í aðalhlutverki og segir frá tveimur bræðrum sem berjast í MMA-keppni. Meðal annarra leikara í myndinni má nefna Nick Nolte og Joel Edgerton.

- fgg



**FLOTTUR** Ryan Gosling þykir standa sig ótrúlega vel í hlutverki Driver í kvikmyndinni Drive. Myndin hefur fengið afbragðsgóða dóma. Þá leikur Sarah Jessica Parker í I Don't Know How She Does This. NORDICPHOTOS/GETTY

# Pearl Jam í tuttugu ár

**Heimildarmyndin Twenty verður frumsýnd á þriðjudaginn í tilefni af tuttugu ára afmæli rokksveitarinnar Pearl Jam. Aðeins 300 miðar eru í boði hér á landi.**

Í tilefni af tuttugu ára starfsafmæli Seattle-rokkaranna í Pearl Jam verður ný heimildarmynd leikstjórans Camerons Crowe um hljómsveitina frumsýnd í völdum kvikmyndahúsum um allan heim þriðjudaginn 20. september. Myndin heitir Twenty og verður eingöngu sýnd þennan eina dag í Háskólabíói. Aðeins 300 miðar eru í boði.

Handboltakappinn og íþróttafréttamaðurinn Einar Örn Jónsson ætlar að sjá myndina enda hefur hann verið mikill aðdáandi Pearl Jam, allar götur síðan fyrsta platan, Ten, kom út fyrir tuttugu árum. „Ég hef fylgst minna með eftir því sem maður hefur elst. Ég hef ekki verið alveg jafn duglegur við að verða mér úti um hverja einustu útgáfu en ég hef keypt diskana þegar þeir hafa komið út," segir Einar Örn. Stutt er síðan hljómsveitin hélt afmælistónleika í Wisconsin og hefur Einar Örn legið yfir myndum frá þeim á síðunni Youtube að undanförnu.

Aðspurður segist hann aldrei hafa farið á tónleika með Pearl Jam. „Ég hef aldrei gerst svo frægur. Blessaður handboltinn hefur alltaf verið að þvælast fyrir manni en það endar með því að maður fer."

Einar Örn spilar handbolta með Haukum og spilar iðulega Pearl Jam til að koma sér í rétta hugarástandið. „Even Flow hefur alltaf komið manni vel í gang."

freyr@frettabladid.is



**AÐDÁANDI** Handboltakappinn og íþróttafréttamaðurinn **Einar Örn Jónsson** er mikill aðdáandi Pearl Jam. Söngvarinn **Eddie Vedder** komst við þegar hann horfði á gömul myndskeið í heimildarmynd um sveitina.

## VEDDER VANGAÐI VIÐ KURT COBAIN

Eddie Vedder, söngvari hljómsveitarinnar Pearl Jam, dansaði vangadans við Kurt Cobain heitinn, söngvara Nirvana, á tónleikum Erics Clapton.

Myndband af dansinum má sjá í nýrri heimildarmynd leikstjórans Cameron Crowe um Perl Jam.

Vedder sagðist í viðtali við tímaritið Rolling Stone hafa átt gríðarlega tilfinningaríka stund þegar hann sá myndbandið á ný. „Kurt sést líta í myndavélina og sussa með fingrinum. Það var ekki vegna þess að hann vildi halda þessu leyndu, heldur vegna þess að á sviðinu fyrir ofan okkur var Eric Clapton að flytja Tears in Heaven," sagði Vedder.











STEVE CARELL · RYAN GOSLING · JULIANNE MOORE · EMMA STONE · MARISA TOMEI · KEVIN AND BACON — CRAZY STUPID LOVE · HORRIBLE BOSSES

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 - 6:30 - 8:30 | 2D | L |
| DRIVE Forsýning | kl. 10:30 | 2D | 16 |
| FRIGHT NIGHT - 3D | kl. 8 - 10:20 | 3D | 16 |
| FRIGHT NIGHT Luxus VIP | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| GREEN LANTERN | kl. 10.20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 8 | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 16 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE. | kl. 8 | 2D | 7 |
| DRIVE Forsýnd | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| BÍLAR 2 íslenskt tal | kl. 6 | 2D | L |
| FINAL DESTINATION 5 SÍÐASTA SÝNING | kl. 10:10 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 5 - 5:30 | 2D | L |
| DRIVE - FORSÝNING | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:40 | 2D | 7 |
| HARRY POTTER | kl. 5 | 3D | 12 |
| FRIGHT NIGHT | kl. 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 8 - 10:20 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ONE MAN, TWO GUVNORS LEIKRIT Í BEINNI | kl. 6 | | L |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | 2D | L |
| DRIVE Forsýning | kl. 8 | 2D | 16 |
| FRIGHT NIGHT - 3D | kl. 10:20 | 3D | 16 |

Kvikmyndahátíð daganna 26.Ágúst til 15.September

| | | |
|---|---|---|
| THE TREE OF LIFE Ó textuð | kl. 5:20 | 10 |
| CASINO JACK M/íslenskum texta | kl. 10 | 16 |
| THE BEAVER Ó textuð | kl. 10:20 | 12 |
| RABBIT HOLE M/íslenskum texta | kl. 8 | 12 |

leikrit í beinni útsendingu frá national theater, london í kvöld kl. 18.00 í sambíóunum kringlunni
HTTP://NTLIVE.SAMBIO.IS
Í KVÖLD One Man, Two Guvnors
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA

SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| OUR IDIOT BROTHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| OUR IDIOT BROTHER LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 7 |
| KNUCKLE | KL. 8 - 10 | 16 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 3.30 - 5.50 - 8 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.40 | L |
| ONE DAY | KL. 3.30 - 10.10 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| COLOMBIANA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| MELANCHOLIA | KL. 6 - 9 | 12 |
| Á ANNAN VEG | KL. 6 - 8 - 10 | 10 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 10 | 14 |
| SPY KIDS 4D | KL. 5.50 | L |
| THE CHANGE UP | KL. 6 - 8 - 10.30 | 14 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| COLOMBIANA | KL. 8 - 10 | 16 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 6 | 14 |
| Á ANNAN VEG | KL. 6 | 10 |
| THE CHANGE-UP | KL. 8 - 10 | 14 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| COLOMBIANA | 5.50, 8 og 10.40(POWER) |
| THE DEVILS DOUBLE | 10.15 |
| CHANGE UP | 8 og 10.15 |
| SPY KIDS - 4D | 6 |
| STRUMPARNIR - 3D | 6 - ISL TAL |

TILBOÐ MÁNAÐARINS
DANATEKT
30% AFSLÁTTUR
TILBOÐIÐ GILDIR ÚT SEPTEMBER




Heilnæmar vörur fyrir viðkvæma húð
Apótekið –einfalt og ódýrt
Spönginni • Hólagarði • Skeifunni • Akureyri • Setbergi • www.apotekid.is

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FIMMTUDAGUR: JÓN OG SÉRA JÓN (FRUMSÝNING) 20:00 ■ SPURT REYNOLDS SPURNINGAKEPPNI 22:00 ■ FRESH THE MOVIE 20:00 ■ GE9N 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVÍNASTÍAN* 18:00, 20:00, 22:00 ■ ANDLIT NORÐURSINS 22:00 ÍSLENSKUR TEXTI. *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!
15% afsláttur af öllum kortum til 15. september.



NÝTT KORTATÍMABIL
Opið til 21 í dag

# Haustsprengja
## til sunnudags

# 25% AFSLÁTTUR
## af öllum vörum

**20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM**

Full búð af flottum vörum

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

# sport

sport@frettabladid.is



**EFSTU DEILDIR KARLA OG KVENNA** munu áfram heita Pepsi-deildin eftir að Ölgerðin og Sport Five náðu saman um nýjan fjögurra ára samning. Pepsi-deildin verður því til fram að árinu 2015 nema forráðamenn Ölgerðarinnar vilji breyta nafninu.

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu:*

**A-RIÐILL:**

**Man. City-Napoli 1-1**
0-1 Edinson Cavani (69.), 1-1 Aleksander Kolarov (73.)

**Villarreal-Bayern München 0-2**
0-1 Toni Kroos (7.), 0-2 Rafinha (76.)

**B-RIÐILL:**

**Inter-Trabzonspor 0-1**
0-1 Ondrej Celustka (76.)

**Lille-CSKA Moskva 2-2**
1-0 Moussa Sow (45.), 2-0 Benoit Pedretti (57.), 2-1 Seydou Doumbia (71.), 2-2 S. Doumbia (89.).

**C-RIÐILL:**

**Benfica-Man. Utd 1-1**
1-0 Oscar Cardozo (24.), 1-1 Ryan Giggs (42.)

**Basel-Otelul Galati 2-1**
1-0 Fabian Frei (39.), 1-1 Marius Pena (58.), 2-1 Alexander Frei, víti (84.)

**D-RIÐILL:**

**Ajax-Lyon 0-0**

**Dinamo Zagreb-Real Madrid 0-1**
0-1 Angel di Maria (53.)



**KEFLAVÍK** Eina liðið í 6. til 12. sæti sem hafa tekið stig af KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Töpuð stig hjá toppliðunum:

## Mikill munur á KR og ÍBV

**FÓTBOLTI** Þrjú lið eiga raunhæfa möguleika á því að verða Íslandsmeistarar í ár; ÍBV og KR eru í harðri baráttu um titilinn og FH á enn smá von. Það er athyglisvert að skoða á móti hvaða liðum þessi þrjú lið hafa tapað stigum miðað við hvernig tafla Pepsi-deildarinnar lítur út.

KR-ingar hafa aðeins tapað 2 stigum á móti liðunum sem sitja í sæti sex eða neðar. Leikir gegn þeim liðum hafa hins vegar reynst Eyjamönnum erfiðir, sem hafa tapað 12 af 16 stigum sínum á móti liðum í neðstu sjö sætum deildarinnar. Eyjamenn hafa hins vegar aðeins tapað 4 stigum á móti liðum í efstu fimm sætunum, en þar hafa bæði KR (11 stig) og FH (12 stig) tapað mun fleiri stigum. - óój

**Töpuð stig hjá toppliðunum**

**Á móti liðum í 1. til 5. sæti**
FH 12 stig - KR 11 stig - ÍBV 4 stig

**Á móti liðum í 6. til 12. sæti**
KR 2 stig - FH 8 stig - ÍBV 12 stig



**TÖFRAMAÐUR** Ryan Giggs skoraði magnað mark fyrir Man. Utd í Portúgal í gær. Það er enn mikið líf í gamla manninum. NORDIC PHOTOS/AFP

# Töfrar Giggs björguðu stigi

**Ryan Giggs skoraði enn eitt glæsimarkið á sínum ferli í Portúgal í gær. Man. Utd náði í stig gegn Benfica á meðan Man. City gerði einnig jafntefli á heimavelli gegn Napoli. Kolbeinn Sigþórsson lék sinn fyrsta leik í Meistaradeildinni.**

**FÓTBOLTI** Manchester-liðin United og City gerðu bæði 1-1 jafntefli í fyrsta leik sínum í Meistaradeildinni.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, gerði heilar átta breytingar á liði sínu frá því um síðustu helgi. Anders Lindegaard var meðal annars kominn í markið. Breytingarnar fóru ekki vel í liðsmenn United til að byrja með því þeir áttu nokkuð undir högg að sækja.

Benfica fékk færin og það var síst gegn gangi leiksins er Cardozo kom heimamönnum yfir. Hann snéri þá Jonny Evans smekklega af sér og lagði boltann laglega í netið. Ryan Giggs jafnaði metin með frábæru skoti fyrir utan teig sem söng upp í markhorninu.

Giggs varð um leið elsti leikmaðurinn sem hefur skorað í keppninni en Giggs er tæplega 38 ára gamall.

Lindegaard stóð vel fyrir sínu á milli stanganna hjá Man. Utd og Sir Alex var ekki sáttur við spurningar um hvort hann myndi halda sæti sínu í liðinu.

„David de Gea mun spila á sunnudag. Við vorum búnir að ákveða það. Ég veit ekki af hverju þið spyrjið svona vitlausra spurninga,“ sagði Ferguson eitthvað pirraður. „Þessi frammistaða hjá Lindegaard sýnir að við eigum tvo frábæra markverði.“



**TÍMAMÓTALEIKUR** Kolbeinn Sigþórsson spilaði sinn fyrsta leik í Meistaradeildinni í gær. Hann stóð sig ágætlega þó svo að hann hafi fengið úr litlu að moða. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Roberto Mancini og lærisveinar hans hjá Man. City fengu ekkert flugstart þegar þeir spiluðu sinn fyrsta leik á heimavelli gegn Napoli. City lenti undir í fyrri hálfleik en Aleksandar Kolarov kom City til bjargar.

„Við vitum vel að Meistaradeildin er mjög erfið keppni en byrjunin er ágæt og næst verðum við að vinna í München,“ sagði Roberto Mancini, stjóri City.

Kolbeinn Sigþórsson var fremstur í sóknarlínu Ajax í leiknum. Leikurinn var rólegur framan af en á 37. mínútu lagði Kolbeinn upp dauðafæri fyrir Sulejmani en frír skalli hans af markteig fór fram hjá markinu. Kolbeinn lét aðeins til sín taka áður en hann var tekinn af velli tíu mínútum fyrir leikslok. Ágæt frammistaða hjá Kolbeini sem fékk ekki úr miklu að moða í þessum leik. henry@frettabladid.is



**KOBE BRYANT** Gæti reynt fyrir sér í Evrópu eins og fleiri. NORDICPHOTOS/AP

NBA-deilan enn í hnút:

## Engar viðræður boðaðar

**KÖRFUBOLTI** Nánast engar líkur eru á því að NBA-tímabilið hefjist á réttum tíma eftir að viðræður deiluaðila leystust upp í gær. Ekkert kom út úr fundarhöldum í gær og engar frekari viðræður hafa verið boðaðar.

Bjartsýni ríkti fyrir fundinn í gær eftir að fréttir láku út af því að deiluaðilar væri jákvæðari fyrir því að ná saman en þegar menn gengu út af fundinum í nótt var ljóst að þær fréttir voru úr lausu lofti gripnar.

„Við getum ekki búist við því úr þessu að NBA-tímabilið hefjist á réttum tíma. Það nægir bara að horfa á dagatalið,“ sagði Derek Fisher, forseti leikmannasamtakanna, þegar hann kom út af fundinum í nótt.

„Það er óhætt að segja að við höfum ekki átt góðan dag,“ sagði David Stern, framkvæmdastjóri NBA-deildarinnar, og bætti við: „Það er samt áfram okkar markmið að tímabilið hefjist á réttum tíma,“ sagði Stern. - óój

Skagamenn safna liði:

## Ármann Smári í raðir ÍA

**FÓTBOLTI Ármann Smári Björnsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við 1. deildarmeistara ÍA.**

**Ármann Smári kemur til félagsins frá enska liðinu Hartlepool. Þar áður lék Ármann með norska liðinu Brann og FH.**

**Það þarf lítið að fjölyrða um að þetta er gríðarlega mikill liðsstyrkur fyrir ÍA sem er aftur komið í deild þeirra bestu eftir nokkra dvöl í 1. deildinni.**

**Skagamenn eru á fullu í leikmannamálum sínum þessa dagana en á mánudag framlengdi Englendingurinn Mark Doninger samningi sínum við ÍA til eins árs.** - hbg




Heil umferð í Pepsi-deild karla í kvöld og stórleikurinn er í Garðabænum:

# Höfuðborgarsvæðið helsta vígi ÍBV

**FÓTBOLTI** Það verður mikið um að vera í Pepsi-deild karla í kvöld þegar 19. umferðin fer öll fram. Spennan jókst bæði á toppi og botni um síðustu helgi, þar sem Eyjamenn tóku meðal annars toppsætið af KR-ingum með góðri hjálp frá FH. Augu margra verða á leik Stjörnunnar og ÍBV í Garðabænum, enda verður spennandi að sjá hvernig Eyjaliðið ræður við pressuna sem fylgir því að sitja í toppsætinu.

Einstaklega vel hefur reyndar gengið hjá Eyjamönnum í heimsóknum þeirra til höfuðborgarinnar í sumar, en ÍBV-liðið er búið að vinna níu leiki og gera eitt jafntefli í tíu leikjum sínum á höfuðborgarsvæðinu í sumar.

ÍBV vann nú síðast 3-1 sigur á Víkingum í Fossvoginum, sem var sjötti deildarleikur liðsins á höfuðborgarsvæðinu, en auk þess spilaði ÍBV þrjá bikarleiki í Reykjavík.



**22 MÖRK GEGN 8** ÍBV hefur farið á kostum á höfuðborgarsvæðinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

ÍBV þurfti einnig að spila heimaleik sinn í forkeppni Evrópudeildarinnar á Vodafone-vellinum, þar sem Hásteinsvöllur er ekki löglegur fyrir Evrópuleiki.

Eyjamönnum hefur ekki gengið jafn vel í öðrum útileikjum, enda töpuðu þeir fjórum útileikjum í röð sem hafa ekki farið fram á höfuðborgarsvæðinu. ÍBV hefur alls unnið 7 af 14 leikjum sínum utan höfuðborgarsvæðisins á tímabilinu, þar af 6 af 9 leikjum sínum á Hásteinsvellinum í Vestmannaeyjum.

KR-ingar taka í kvöld á móti Grindavík á KR-vellinum í fyrsta leik sínum eftir að hafa tapað í fyrsta sinn á tímabilinu á móti FH í Kaplakrika. FH-ingar hafa ekki tapað á heimavelli sínum í sumar og fá Fram í heimsókn í kvöld. Keflavík og Breiðablik mætast suður með sjó þar sem þau geta endanlega losað sig við falldrauginn með sigri en Víkingar gætu fallið úr deildinni í kvöld verði úrslitin þeim óhagstæð. Víkingar taka á móti Valsmönnum og fylgjast örugglega með fréttum frá Akureyri, þar sem Þór fær Fylki í heimsókn. - óój


ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
1.5TB
FULL HD MEDIA PLAYER
ARGOSY
29.900
HV676 MEDIA PLAYER
7.990
USB 3.0
MINIMUS
2TB USB 3.0 FLAKKARI
LACIE
19.900
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
USB GLINGUR
FRÁ 990
PlayTab2
19.900
1.5TB LACIE FLAKKARI
12.900
2TB PORSCHE DESIGN
24.900
2TB NETWORK SPACE2
29.900
CQ56 FARTÖLVA
59.900
GLÆSILEGAR VERSLANIR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI
8BLS
BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA




# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**16½-11½** **ÚRSLIT** síðustu þriggja Seve-bikarmóta. Bretlandseyjar hafa unnið í öll þau skipti.

# Er tími Tigers liðinn?

**Luke Donald segir að tímabili yfirburða Tigers Woods í golfíþróttinni sé lokið. Björgvin Sigurbergsson setur spurningarmerki við breytingar á sveiflunni. Þorsteinn Hallgrímsson telur að Tiger geti komist aftur á topp heimslistans.**



**BÚIÐ MÁL?** Tiger Woods hefur ekki átt sjö dagana sæla síðustu tvö árin. Luke Donald er á þeirri skoðun að Tiger muni aldrei ná viðlíka yfirburðum og hann hafði áður. NORDICPHOTOS/AFP

Enski kylfingurinn Luke Donald, sem situr í efsta sæti heimslistans í golfi, sagði í gær það sem margir golfáhugamenn og spekingar hafa verið að hugsa undanfarin misseri. Hann sagði að tímabil yfirburða Tigers Woods í golfi væri liðið.

„Golf snýst um sjálfstraust. Eftir erfið meiðsli og mikil áföll í einkalífinu hefur andlega hliðin hjá Tiger skaðast. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að hann sé líklega sá kylfingur sem hefur í gegnum árin verið hvað sterkastur andlega,“ sagði Donald í viðtali við breska blaðið Daily Express.



**BJÖRGVIN SIGURBERGSSON**



**LUKE DONALD**



**ÞORSTEINN HALLGRÍMSSON**

Donald sagðist þeirrar skoðunar að Tiger myndi aldrei ná sér að fullu upp úr þeirri lægð sem hann hefði verið í undanfarin ár. Jafnvel þótt hann væri aðeins 35 ára gamall væru einfaldlega of margir ungir hæfileikaríkir kylfingar að stíga fram á sjónarsviðið og nefndi Donald sérstaklega menn eins og Norður-Írann Rory McIlroy og Bandaríkjamanninn Keegan Bradley.

„Nýtt tímabil er að hefjast í golfíþróttinni – sögulegu tímabili Tigers Woods er lokið,“ sagði Donald.

Björgvin Sigurbergsson, margfaldur Íslandsmeistari í golfi, segist á margan hátt vera sammála Donald.

„Hvort sem Tiger nær sér að fullu eða ekki eru bara að koma fram kylfingar sem eru það sterkir að á góðum degi er erfitt fyrir Tiger að stinga þá af,“ segir Björgvin.

Spurður hvort meiðslin eða persónuleg vandræði hafi orsakað þessa lægð hjá Tiger segir Björgvin það líklega vera sambland af þessu tvennu.

„Líkamlegt atgervi kylfinga er gríðarlega mikilvægt í nútímagolfi – við sjáum ekki lengur feitan Skota vinna mót. En hvers vegna meiðist Tiger?“ spyr Björgvin „Er það af því að hann kemst ekki einhverra hluta vegna ekki í líkamsrækt? Síðan er þetta auðvitað spurning um það hvers konar líkamsrækt hann er að stunda.“

Björgvin setur líka spurningarmerki við að Tiger sé sífellt að breyta sveiflunni.

„Hvers vegna ertu að breyta sveiflunni þegar þú vinnur hvert sem er alla? Golf snýst um margt annað en góða tækni og eru menn eins og Jim Furyk ágætis dæmi um það. Jafnvel þótt sífellt sé verið að tala um andlega þáttinn í golfi vanmetur fólk alltaf mikilvægi hans.“

Þorsteinn Hallgrímsson, fyrrverandi Íslandsmeistari í golfi og golfspekingur, segir það líklega rétt hjá Donald að Tiger verði í framtíðinni ekki sá yfirburðakylfingur og hann var á árum áður.

„Menn verða samt að hafa í huga að golfferillinn sveiflast upp og niður,“ segir Þorsteinn. „Tiger er enn ungur og ég þori alls ekki að afskrifa hann því ég get alveg séð hann komast aftur á topp heimslistans þótt hann sé í 46. sæti í dag. Ég held að allir golfáhugamenn viti hvað Tiger kann í golfi. Það sem hann vantar aftur á móti núna er sjálfstraust. Hann hefur líka verið allt of ákafur í að komast aftur á toppinn og því tekið þátt í mótum þegar hann hefur greinilega ekki verið í líkamlegu standi til þess. Ég er alveg viss um að Tiger vill ekki láta minnast sín sem mannsins sem eyðilagði ferilinn með afglöpum í einkalífinu.“ trausti@frettabladid.is

Úrvalslið Evrópu eigast við um Seve-bikarinn:

# Bretar stefna að sjötta sigrinum í röð

Sumir bestu kylfingar Evrópu verða í sviðsljósinu um helgina þegar keppnin um Seve-bikarinn fer fram. Þar mætast úrvalslið frá Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu á Saint Nom la Bretèchevellinum í nágrenni Parísar.

Keppnin ber nafn spænska stórkylfingsins Seve Ballesteros, sem lést fyrr á árinu, langt fyrir aldur fram, eftir erfið veikindi.

Samlandi og góðvinur Seve heitins, Miguel Angel Jimenez, mun slá fyrsta högg mótsins sem hann tileinkar minningu vinar síns.

Mótið er haldið á tveggja ára fresti og þetta er í sjöunda sinn sem það fer fram, en Seve var einmitt sporgöngumaður fyrir þessari keppni sem var fyrst haldin árið 2000.

Meðal keppenda í meginlandsúrvalinu eru Daninn Thomas Björn, sem fagnaði nýlega tveimur sigrum í röð á Evrópumótaröðinni, og Ítalinn Matteo Manassero, sem er 18 ára og verður með því yngsti þátttakandi mótsins frá upphafi.



**SLÆR UPPHAFSHÖGGIÐ** Miguel Angel Jimenez slær upphafshöggið á Seve-bikarmótinu í dag. NORDICPHOTOS/AFP

Lee Westwood, og Darren Clarke fara fyrir Bretum sem hafa unnið síðustu fimm mót.

Írinn Paul McGinley er fyrirliði Bretlandseyja, en Frakkinn Jean Van de Velde stýrir meginlandsliðinu. - þj

Birgir Leifur Hafþórsson:

# Hefur leik í Rússlandi í dag

Atvinnumaðurinn Birgir Leifur Hafþórsson er meðal þátttakenda á Russian Challenge Cup, sem hefst í Áskorendamótaröð Evrópu í dag.



**KEPPIR Í RÚSSLANDI** Birgir Leifur Hafþórsson er meðal keppenda á Russian Challenge Cup í Áskorendamótaröðinni.

Birgir Leifur hefur spilað á fjórum mótum á mótaröðinni í ár, síðast á English Challenge í júlí, en hefur ekki náð sér á strik og aðeins einu sinni komist í gegnum niðurskurð.

Meðal keppenda á mótinu eru Argentínumaðurinn Daniel Vansick og Skotinn Alastair Forsyth, sem hafa hvor um sig unnið tvisvar á Evrópumótaröðinni.

Birgir hefur leik um kl. 9 að íslenskum tíma. - þj

# ÞÉR ER BOÐIÐ Á LJÓSMYNDASÝNINGU

Úrslit í blaðaljósmyndarakeppni Canon og Nýherja í samstarfi við Kringluna og Blaðaljósmyndarafélag Íslands verða kynnt í Kringlunni **fimmtudaginn 15. september kl. 17.00.** Um leið verður opnuð sýning með ljósmyndunum sem sendar voru í keppnina á torginu á 1. hæð Kringlunnar fyrir framan verslunina Sense Center sem er í eigu Nýherja.

## Flott Canon tilboð

Í tilefni sýningarinnar eru **Sense Center Kringlunni** og **verslun Nýherja Borgartúni** með flott tilboð á Canon vörum, t.d. myndavélum, bleki og pappír. Tilboðin gilda til 22. september.

### Canon PowerShot A800

10 megapixlar og Smart Auto stilling.
Nett hönnun. Fáanleg í silfur, svörtum og rauðum lit.



VERÐ 19.900

**4GB SDHC minniskort fylgir**

### Canon PowerShot D10 vatnsheld myndavél

10m dýpi og 10 stiga frost – frábærar myndir.
Verð: 67.890 kr.



TILBOÐ 59.900

**4GB SDHC minniskort fylgir**

### Canon EOS 1100D m/ EF-S 18-55 IS II linsu

Taktu fyrsta skrefið inn í DSLR heiminn.
Hágæða myndavél sem tekur HD vídeó.



**EOS kennslubók og 8GB SDHC 133x Class 10 minniskort fylgja**

VERÐ 109.900

### Canon EOS 600D m/ EF-S 18-55 IS II linsu

EOS ævintýrið þitt byrjar hér.



Valin besta „Entry Level" vélin hjá TIPA 2011 og besta myndavélin hjá EISA 2011-2012

VERÐ 179.900

**EOS kennslubók og 16GB SDHC 133x Class 10 minniskort fylgja**

### Canon EOS 7D body

Frábær DSLR myndavél fyrir áhugafólk.
Verð: 359.800 kr.

Verðlaunuð af TIPA og EISA



TILBOÐ 289.900

**16GB Compact Flash 400x minniskort fylgir**

### Canon EOS 5D Mark II body

Ein vinsælasta DSLR myndavél síðustu ára!
Verð: 459.800 kr.



TILBOÐ 399.900

### Canon EOS-1D Mark IV

Verð: 849.900 kr.



TILBOÐ 749.900

### EF 70-300mm f/4-5.6 IS USM

Verð: 104.900 kr.



TILBOÐ 89.900

### EF 24-105mm f/4L IS USM

Verð: 219.900 kr.



TILBOÐ 179.900

Canon sense NÝHERJI

Sense Kringlunni, sími: 585 3815 Nýherji hf. Borgartúni 37, sími: 569 7700 netverslun.is BETRI LAUSNIR

> **Ben Stiller**

„Það er til gamalt orðtak í Hollywood: Þetta snýst ekki um lengd kvikmyndarinnar heldur hvernig þú nýtir tímann.“

***Ben Stiller leikur í kvikmyndinni Tropic Thunder, sem segir frá hópi leikara sem eru við tökur á stríðsmynd. Röð tilviljana veldur því að þeir verða að raunverulegum hermönnum. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ NADAL OG DJOKOVIC EIGAST VIÐ Á EUROSPORT

# Stjörnurnar fylgdust með í fjórar klukkustundir

Ég sá tvo tenniskappa eigast við í beinni útsendingu á Eurosport í vikunni, Spánverjann Nadal og Serbann Djokovic. Þetta voru úrslit bandaríska meistaramótsins í New York þar sem Djokovic tryggði sér á endanum sigur með glæsibrag.

Ég hef ekki horft á tennis af neinu viti síðan Ivan Lendl og Martina Navratilova voru upp á sitt besta. Núna ákvað ég að gefa Nadal og Djokovic sjens og sé ekki eftir því. Flott spilamennska þar sem boltinn gekk hratt manna á milli með tilheyrandi stunum og átökum enda getur einn tennisleikur af þessu tagi reynt gífurlega á. Leikurinn stóð yfir í rúmar fjórar klukkustundir en sjálfur sá ég innan við klukkutíma af leiknum og fannst það bara alveg passlegt.

Uppi í stúku var hellingur af frægu fólki, sem kemur alls ekki á óvart því tennisíþróttin hefur lengi haft yfir sér hefðarfólksstimpil. Líkast til er tennis vinsælli hjá stjörnunum en NBA-karfan með Lakers-stuðningsmanninn Jack Nicholson fremstan í flokki. Beyoncé, Jay-Z, Ben Stiller, Owen Wilson, Alec Baldwin og Bradley Cooper voru öll á meðal gesta í New York og skemmtu sér vafalítið vel. Hvort þeim hafi þótt nóg um klukkustundirnar fjórar eður ei skal aftur á móti ósagt látið. Þau létu alla vega sjá sig og það skiptir kannski meira máli.



**HORFÐU Á TENNIS** Rapparinn Jay-Z og eiginkona hans, söngkonan Beyoncé, á tennisleiknum í New York. NORDICPHOTOS/GETTY

## RÚV

**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Gurra grís** (10:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (12:52)
**17.40 Einmitt þannig sögur** (8:10)
**17.55 Geymslan**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (3:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Nigella í eldhúsinu** (2:13) (Nigella: Kitchen)
**20.40 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (3:8) (Daníel Bjarnason) Þáttaröð um ungt og áhugavert fólk.
**21.10 Kingdom lögmaður** (4:6) (Kingdom III) Breskur gamanmyndaflokkur með Stephen Fry í hlutverki lögmannsins Peters Kingdom sem býr og starfar í smábæ.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (94:114) (Criminal Minds V)
**23.10 Íslenski boltinn**
**00.05 Lífverðirnir** (Livvagterne) (e)
**01.05 Kastljós** (e)
**01.30 Fréttir**
**01.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 What a Girl Wants**
**10.00 The Astronaut Farmer**
**12.00 Unstable Fables. Tortoise vs: Hare**
**13.20 Vetrardagskrá Stöðvar 2**
**14.00 What a Girl Wants**
**16.00 The Astronaut Farmer**
**18.00 Unstable Fables: Tortoise vs: Hare**
**19.20 Vetrardagskrá Stöðvar 2**
**20.00 The Love Guru**
**22.00 Tropic Thunder**
**00.00 Bonfire of the Vanities**
**02.05 Peaceful Warrior**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (33:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (13:23)
**11.45 Gilmore Girls** (12:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Marilyn Hotchkiss Ballroom Dancing and Charm School**
**14.45 Ameríski draumurinn** (3:6)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (7:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (19:24)
**19.45 Modern Family** (8:24)
**20.10 Heimsréttir Rikku** (4:8) Nýr og glæsilegur þáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að taka fyrir í hverjum þætti þjóð sem á sér ríkulega matarhefð. Hún fræðir okkur um uppruna ýmissa rétta og kennir okkur að matreiða þá á einfaldan og aðgengilegan hátt.
**20.40 The Closer** (8:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum.
**21.25 The Good Guys** (8:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan.
**22.10 Sons of Anarchy** (8:13)
**22.55 Harry's Law** (2:12)
**23.40 The Whole Truth** (12:13)
**00.25 Game of Thrones** (4:10)
**01.20 The Moguls**
**02.55 Even Money**
**04.45 Pan's Labyrinth**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**14.35 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**16.20 Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**17.00 Stjarnan - ÍBV** Bein útsending frá leik Stjörnunnar og ÍBV í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**19.15 Anderlecht - AEK** Bein útsending frá leik Anderlecht og AEK frá Aþenu í Evrópudeildinni.
**21.00 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**22.15 Stjarnan - ÍBV**
**00.05 Pepsi mörkin**
**01.20 Anderlecht - AEK**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Norwich - WBA** Útsending frá leik Norwich City og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.
**18.10 Man. City - Wigan** Útsending frá leik Manchester City og Wigan Athletic í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.25 Season Highlights 2009/2010** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**22.20 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.50 Wolves - Tottenham** Útsending frá leik Wolves og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Nýtt útlit** (1:12) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (1:12) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 Life Unexpected** (2:13) (e)
**15.55 Dynasty** (28:28)
**16.40 Friday Night Lights** (4:13) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Real Housewives of Orange County** (11:17)
**19.00 Game Tíví - OPIÐ** (1:14)
**19.30 Being Erica - OPIÐ** (4:12)
**20.10 Rules of Engagement** (20:26)
**20.35 30 Rock** (3:23) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Jack kemur fyrir þingnefnd í þeim tilgangi að fá framtíðaráætlanir sínar samþykktar.
**21.00 House** (2:23)
**21.50 Leverage** (12:16) Spennandi þáttaröð um þjófahóp sem rænir þá sem misnota vald sitt og ríkidæmi. Nate og félagar eltast við Damien Moreau en á sama tíma þarf Sophie að horfast í augu við myrka fortíð.
**22.35 Dexter** (8:12) (e)
**00.05 In Plain Sight** (11:13) (e)
**00.05 Whose Line is it Anyway?** (39:42)
**00.35 Smash Cuts** (30:52) (e)
**00.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.10 World Golf Championship 2011** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 World Golf Championship 2011 (4:4)**
**16.50 PGA Tour - Highlights** (36:45)
**17.45 Golfing World**
**18.35 Inside the PGA Tour** (37:42)
**19.00 BMW Championship** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2008 - Official Film**
**23.50 ESPN America**

## EXTRA

**19.45 The Doctors** (113:175)
**20.30 In Treatment** (47:78) Athyglisverð þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Borgarilmur** (4:8) Boston er fæðingarstaður Bandaríkjanna – þarna hófst byltingin sem leiddi til sjálfstæðis landsins og Ilmur kynnir sér þá merku sögu auk þess sem hún heimsækir undarlega, syngjandi vísindamenn, lærir mannasiði hjá frægum sálfræðingi, reynir að taka á móti verðlaunum fyrir hönd íslenskra bankastjóra og skemmtir í litlum klúbbi.
**22.25 Hot In Cleveland** (9:10) Gamanþættir um þrjár vinkonur frá Los Angeles sem ákveða óvænt að hefja nýtt líf í Cleveland.
**22.50 Cougar Town** (9:22)
**23.15 Hawthorne** (2:10)
**00.00 True Blood** (8:12)
**01.00 Satisfaction** (1:10)
**01.50 Vetrardagskrá Stöðvar 2**
**02.35 Týnda kynslóðin** (4:40)
**03.05 In Treatment** (47:78)
**03.30 The Doctors** (113:175)
**04.15 Fréttir Stöðvar 2**
**05.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Guðmundur Bjarnason og Fjarðarálsbyltingin fyrir austan.
**21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur** 13. þáttur, eru menn að sjá að sér?
**21.30 Kolgeitin** Sigtryggur Baldursson fær til sín gesti.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Heimsréttir Rikku

Rikka galdrar fram gómsæta rétti frá öllum heimshornum og að þessu sinni er það góðgæti frá Mexíkó. Á matseðlinum er enchilada með nautahakki, nachos og djúpsteiktur ís með karamellusúkkulaðisósu.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Inn og út um gluggann **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ennislokkur einvaldsins **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsperla: Mynd af konu **23.20** Lífið í Hrísey **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**12.05** ,Allo ,Allo! **12.35** The Inspector Lynley Mysteries **13.25** The Inspector Lynley Mysteries **14.10** Keeping Up Appearances **14.40** Keeping Up Appearances **15.10** ,Allo ,Allo! **15.45** ,Allo ,Allo! **16.20** Fawlty Towers **16.55** Fawlty Towers **17.30** Inspector Lynley Mysteries **18.20** Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.45** QI **21.15** How Not to Live Your Life **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.10** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.55** QI

### DR 1

**12.30** Bonderøven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Stor & Lille **14.30** Cirkeline i Fandango **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Kongerigets Kager **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten - Christiania **18.30** Fuld af ungdom **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Kæft, trit og knus **20.30** I sauna - på liv og død **20.55** Elskerinder **21.45** Lisa goes to Hollywood **04.00** Molly Monster

### NRK 1

**12.00** Nyheter **12.05** Bondi Beach **12.30** Munter mat **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** Verdenskonferansen i Durban **15.25** Verdensarven **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.15** Solgt! **18.45** Glimt og nye billedbrev **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Debatten

### svt1

**13.30** Skattjägarna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Landet Brunsås **15.00** Hübinette **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Niklas Mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** En andra chans **19.30** Hundra procent bonde **20.00** Debatt **20.45** Livet som hund **21.30** Uppdrag Granskning **22.30** Rapport **22.35** Maestro









*„Mér finnst gott að fá mér hafragraut með eplum út í og kanil.“*

Kolfinna Kristófersdóttir fyrirsæta.



# Ásgeir Kolbeins skoðar kaup á Dubliner

Ásgeir Kolbeinsson hyggst kaupa veitingastað í hjarta miðborgarinnar í samstarfi við athafnamanninum Styrmi Þór Bragason. Þetta verður þá annar staðurinn sem þeir eiga, en þeir félagar eiga og reka veitinga- og skemmtistaðinn Austur við Austurstræti 7. Ásgeir og Styrmir Þór hafa stofnað hlutafélagið Gulleyjuna um rekstur veitingastaðarins.

Ásgeir staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið en vildi ekki tjá sig um hvaða staður það væri sem hann og Styrmir væru að kaupa. „Þetta er allt á mjög viðkvæmu stigi og við erum ekki búnir að ákveða í hvaða formi þetta verður,“ segir Ásgeir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru nokkrir skemmtistaðir til sölu í miðborg Reykjavíkur og einn af þeim stöðum sem Ásgeir og Styrmir renna hýru augu til er The Dubliner í Hafnarstræti. Ásgeir staðfesti að staðurinn væri einn af þeim stöðum sem þeir væru að skoða.

Ásgeir vill samt ekki meina að hann standi fyrir einhverri heimsyfirráðastefnu í miðborginni. „Maður má aldrei verða of stór í þessum bransa, þá er hætt við því að maður missi fókusinn. En það er vissulega gaman þegar góð tækifæri gefast.“ Ásgeir sagði þá félaga ekki vera búna að setja sér nein tímamörk en hann telur að málið gæti skýrst á næsta eina og hálfa mánuðinum. - fgg





**NÝR STAÐUR** Ásgeir Kolbeinsson hyggst færa út kvíarnar og skoðar kaup á The Dubliner. Hann og Styrmir Þór Bragason athafnamaður hafa stofnað hlutafélagið Gulleyjuna í kringum rekstur nýs veitingastaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


NÁMSKEIÐ Í NORDICA SPA&GYM




**BRAZIL BUTT LIFT**
FRÁBÆR VAXTARMÓTUN!

**4 VIKUR**
**HEFST 19. SEPT**

4 vikna námskeið. Leyndarmálið er hið svokallaða “þríhyrninga” æfingakerfi fyrir bossann sem þjálfar alla stærstu rassvöðvana á mismunandi hátt. Mikið aðhald og frábær árangur! Frítt handklæði við hverja komu.

**Þrið/fimmtud. 09:15 og 17:30.**
**kr. 19.900 Meðlimir kr. 7.500.**

Suðurlandsbraut 2 - 108 Reykjavík
Sími: 444 - 5090
nordicaspa.is

Nordica Spa&Gym



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is



**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fös 16.9. Kl. 19:30 20. sýn. | Fös 23.9. Kl. 19:30 22. sýn. |
| Lau 17.9. Kl. 19:30 21. sýn. | Lau 24.9. Kl. 19:30 23. sýn. |

**Listaverkið** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 29.9. Kl. 19:30 Frums. U | Fös 7.10. Kl. 22:00 2. aukasýn. | Lau 15.10. Kl. 16:00 10. sýn. |
| Lau 1.10. Kl. 16:00 2. sýn. Ö | Lau 8.10. Kl. 16:00 6. sýn. Ö | Lau 15.10. Kl. 19:30 11. sýn. |
| Lau 1.10. Kl. 19:30 3. sýn. Ö | Lau 8.10. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Lau 22.10. Kl. 16:00 12. sýn. |
| Sun 2.10. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Sun 9.10. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Lau 22.10. Kl. 19:30 13. sýn. |
| Fim 6.10. Kl. 19:30 1. aukasýn. | Fös 14.10. Kl. 19:30 9. sýn. Ö | Sun 23.10. Kl. 19:30 14. sýn. |
| Fös 7.10. Kl. 19:30 5. sýn. Ö | Fös 14.10. Kl. 22:00 3. aukasýn. | |

**Hreinsun** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 20.10. Kl. 19:30 Frums. U | Fim 3.11. Kl. 19:30 5. sýn. Ö | Fim 24.11. Kl. 19:30 9. sýn. |
| Fös 21.10. Kl. 19:30 2. sýn. Ö | Fös 4.11. Kl. 19:30 6. sýn. Ö | Fös 25.11. Kl. 19:30 10. sýn. |
| Fim 27.10. Kl. 19:30 3. sýn. Ö | Mið 9.11. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Fös 2.12. Kl. 19:30 11. sýn. |
| Fös 28.10. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Lau 19.11. Kl. 19:30 8. sýn. | Lau 3.12. Kl. 19:30 12. sýn. |

**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 17.9. Kl. 19:30 Frums. U | Sun 25.9. Kl. 19:30 5. sýn. Ö | Fös 7.10. Kl. 19:30 9. sýn. Ö |
| Sun 18.9. Kl. 19:30 2. sýn. U | Fös 30.9. Kl. 19:30 6. sýn. Ö | Lau 8.10. Kl. 19:30 10. sýn. Ö |
| Fös 23.9. Kl. 19:30 3. sýn. U | Lau 1.10. Kl. 19:30 7. sýn. U | Sun 9.10. Kl. 19:30 11. sýn. |
| Lau 24.9. Kl. 19:30 4. sýn. U | Sun 2.10. Kl. 19:30 8. sýn. U | Fös 14.10. Kl. 19:30 12. sýn. Ö |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 18.9. Kl. 14:00 34. sýn. | | |
| Sun 25.9. Kl. 14:00 35. sýn. | | |

**Uppnám** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 16.9.Kl. 22:00 | Fös 30.9. Kl. 22:00 4. sýn. | |
| Fös 23.9. Kl. 22:00 | | |

**33%** LÆGRA MIÐAVERÐ MEÐ LEIKHÚSKORTI

Sími í miðasölu 551 1200



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRA SKÚBB**
Meiri Vísir.

vísir


RAGNAR BRAGASON: ALLTAF GAMAN AÐ TAKAST Á VIÐ NÝJA ÁSKORUN

# Farsæll kvikmyndaleikstjóri reynir fyrir sér í leikhúsinu

„Við Magnús [Geir Þórðarson] höfum átt þetta samtal í nokkur ár um hvort ég hefði áhuga á að koma inn í leikhúsið og ég stóðst ekki mátið núna þegar vel var boðið,“ segir Ragnar Bragason kvikmyndaleikstjóri.

Ragnar, sem hingað til hefur aðallega gert kvikmyndir og sjónvarpsþætti, semur nýtt verk og leikstýrir því fyrir Borgarleikhúsið, en það verður sett upp á næsta ári. Leikhússtjórinn Magnús Geir er ákaflega ánægður með að hafa klófest Ragnar. „Ég hef dáðst að verkum hans á undanförnum árum. Hann er fær leikstjóri og hefur einstaka sögumannshæfileika, segir sterkar og skýrar sögur af alvöru fólki,“ segir Magnús, sem viðurkennir að hann hafi lengi átt sér þann draum að fá Ragnar til að takast á við leikhúsið.

Ragnari finnst þetta mjög spennandi verkefni, hann er alltaf reiðubúinn að prófa eitthvað nýtt. „Og svo er náttúrlega spurning hvort maður þurfi ekki að víkka út starfssvið sitt þegar stuðningur við kvikmyndagerð er eins og hann er í dag.“ Ragnar er þó ekki blautur á bak við eyrun þegar kemur að leikhúsi því hann gerði heimildarmyndina Love Is in the Air sem fylgdi eftir frægðarför leikhópsins Vesturports til London með sýninguna Rómeó & Júlíu. „Leikhúsið er auðvitað annað sýningarform en grunnatriðin eru alltaf þau sömu, maður er að segja sögu og búa til persónur.“ Og Ragnar viðurkennir að vinnuaðferðir hans með leikurum eigi rætur sínar að rekja til leikhússins. „Þetta er eitthvað sem Mike Leigh byrjaði að þróa í leikhúsi og færði út í bíómyndir sínar og byggist á því að nota leikara sem höfunda.“

Leikstjórinn segir að leikhúsið hafi sína kosti, áhorfendur séu til að mynda tilbúnari að trúa í leikhúsi en gagnvart bíómynd. „Í bíómynd verður maður að hafa glugga og veggi og ákveðinn raunveruleika en í leikhúsi veit fólk að það er að horfa á eitthvað tilbúið,“ útskýrir Ragnar, sem kveðst þó ekki ætla að taka stórt stökk efnislega. „Ég ætla að halda mig við það sem ég kann; þetta verður raunsætt verk með blöndu af gamni og alvöru.“ freyrgigja@frettabladid.is



**NÝ ÁSKORUN** Ragnar Bragason leikstýrir nýju verki eftir sjálfan sig í Borgarleikhúsinu eftir ár. Hann hefur aldrei áður leikstýrt í leikhúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ísland himnaríki húsbílaeigenda

„Gleymið því að fara alla leið til Nýja-Sjálands til að sjá stórfenglegt landslag. Ísland hefur allan pakkann.“ Þetta segir húsbílaeigandinn Chuck Woodbury.

Woodbury er raunar enginn venjulegur húsbílaeigandi því hann þykir fremsti sérfræðingur Bandaríkjanna í slíkum ferðalögum og rekur meðal annars vefsíðuna RVtravel.com. „Eina stundina lítur Ísland út eins og skosku hálendin. Handan við hornið er landslagið eins og við Oregonströndina og svo nokkrum kílómetrum seinna líður manni eins og á Mars,“ skrifar Woodbury í fréttabréfi til lesenda sinna.

Og ökuþórinn á ekki til orð yfir kyrrðinni á Íslandi, ekki einn einasti bíll hafi tekið fram úr honum fyrstu tvo dagana þrátt fyrir að hann hafi keyrt undir hámarkshraða. „Maður þarf ekki einu sinni að keyra út af til að taka myndir, það er enginn á ferli.“ Woodbury segir jafnframt að húsbílafloti og fellihýsaeign Íslendinga hafi aukist jafnt og þétt síðustu fimmtán árin. „Ég ætla að koma aftur, vika er allt of stuttur tími til að skoða Ísland.“

„Það hefur verið mikil aukning í komu erlendra húsbílaeigenda, fólk hefur verið að koma saman og svo var hérna hópur frá Danmörku í sumar,“ segir Soffía G. Ólafsdóttir, formaður Félags húsbílaeigenda. Í félaginu eru skráð 720 númer og stendur félagið fyrir allmörgum ferðum um Ísland yfir sumarið. Hún segist jafnframt hafa heyrt af því að margar bílaleigur séu farnar að bjóða upp á húsbíla til leigu og sú þjónusta hafi mælst vel fyrir. Soffía bætir því við að aðstaða á íslenskum tjaldsvæðum fyrir húsbílaeigendur sé misjöfn, það vanti helst svæði til að taka á móti stórum húsbílaflota. - fgg



**MJÖG HRIFINN** Chuck Woodbury, einn helsti sérfræðingur í húsbílaferðalögum Bandaríkjamanna, hrósar Íslandi í hástert og segir landið vera paradís fyrir húsbílaeigendur.

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

# Afnemum virðisauka af barnafötum um helgina
# Tax free dagar 20% afsláttur af barnavörum

**Fáum fullt af nýjum vörum um helgina!**








**Barnajakkar**
~~1.999-~~
með 20% afsl 1.599,-

**Palli jakkaföt-**
Jakkaföt á stráka ~~12.990,~~
20% með afsl 10.392,-

**Skyrtur** ~~3.990,~~-
með 20% afsl. 3.192-

**Ásberg svartur íþróttagalli-**
Barna íþróttagallar ~~6.990,~~-
með 20% afsl 3.192,-

**Ásberg sumarnáttföt-**
Náttföt á stráka og stelpur ~~2.990,~~-
með 20% afsl 2.392,-

**Ásberg**
Fruit of the loom hettu-peysa ~~4.999,~~-
með 20% afsl 3.999,-
Gallabuxur ~~2.790,~~
með 20% afsl 2.232,-







**Þægilegustu vetlingar í heimi**

**Heiður sumarnáttföt**
Náttföt á stráka og stelpur
~~2.990,~~-
með 20% afsl 2.392,-

**Stuttermabolur** ~~999,~~-
með 20% afsl 799
**Pils** ~~999,~~
með 20% afsl 799,-

**Viking**
ullarundirföt barna
~~3.999,~~-
með 20% afsl 3.192,-

**Heiður bleikur íþróttagalli-**
Barna íþróttagallar ~~6.990,~~-
með 20% afsl 5.592,-



**Kósý sokkar** ~~499,~~-
með 20% afsl 399,-



**SokkarLitir-**
Dömusokkar 10 í pakka ~~1.899,~~-
með 20% afsl 1.520,-



**Sokkabuxur**
á krakka ~~699,~~
með 20% afsl 559,-



**Stelpu pils** ~~999-~~
með 20% afsl 799,-



**Converse-**
strigaskór á krakka ~~3.990,~~-
með 20% afsl 3.192,-




**iPod hátalarar**
~~699,~~-
með 20% afsl 559,-




**GULA HÚSIÐ**
**FAXAFENI 8**

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

**ÓDÝRT & GOTT**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bara hráfæði

Bandaríski fjöllistamaðurinn **Crispin Glover** kemur til landsins um næstu helgi. Hann hyggst sýna tvær myndir sínar, veita eiginhandaráritanir og vera með leiksýningu. Fyrir þá sem ekki þekkja Glover þá er hann maðurinn sem lék eitt aðalhlutverkanna í Back to the Future eftir Steven Spielberg og vonda karlinn í fyrstu Charlie's Angels-myndinni. Glover er alvöru stjarna og er því með sínar sérþarfir en uppistaðan í hans mat er hráfæði. Slíkur matur er ekki á hverju strái í Reykjavík og því mun Ágúst Már Garðarsson á veitingastaðnum HaPPi útbúa sérstakar hráfæðismáltíðir fyrir hann.



### Skjót viðbrögð

Í gær var tilkynnt hvaða myndir kæmu til greina sem framlag Íslands í forvalið fyrir Óskarsverðlaunin. Þetta eru Á annan veg, Brim, Eldfjall, Gauragangur, Kurteist fólk, Órói og Rokland en kosið verður 15.-20. september. Þetta þýddi að kvikmyndagerðarmaðurinn **Rúnar Rúnarsson** stóð frammi fyrir óvenjulegum vanda því enginn hefur séð mynd hans, Eldfjall. Því brá hann á það ráð að bjóða öllum akademíumeðlimum í Bíó Paradís í dag og á morgun svo þeir gætu séð myndina.
- fgg



## Mest lesið vísir


1 Martin Luther King var undir áhrifum við útför Kennedys
2 Tugur barna í steininn með fullorðnum brotamönnum
3 Ákærð fyrir að brenna Krýsuvíkurkirkju
4 Drengur missti tönn þegar róla slitnaði
5 Kópavogur verður ekki að borg – tillagan féll á jöfnu



HAUSTÚTSALA
Mikill afsláttur



LÍFLAND
Lynghálsi 3 Reykjavík
Lónsbakka Akureyri






Nýjar sendingar frá molo og bisgaard

Ný risasending frá TICKET TO HEAVEN kemur í hús á föstudaginn

molo TICKET TO HEAVEN hummel RALPH LAUREN igló bisgaard